**allt**

UNNUR SIGURÞÓRSDÓTTIR:

*Flutti hestana með Herjólfi*



• ferðir • brúðkaup • tíska

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

**MADAGASKAR**

VILLIDÝR FLÝJA DÝRAGARÐ:

*Nýjasta Dreamworks-teiknimyndin frumsýnd*



KVIKMYNDIR 24 ▶

**ANTONY AND THE JOHNSONS**

FÍNIR TÓNLEIKAR Á ERFIÐUM STAÐ:

*Dramatískur og tilfinningaríkur listamaður*



TÓNLIST 26 ▶


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. júlí 2005 - 187. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

### Markalaust í fyrsta leik Atla



Þróttur gerði markalaust jafntefli við ÍA í fyrsta leiknum undir stjórn Atla Eðvaldssonar í Laugardalnum í gær. Valsmenn halda hins vegar áfram sigurgöngu sinni.

ÍÞRÓTTIR 20

### Stjarna slappar af á Íslandi



Kvikmyndastjarnan Gael Garcia Bernal dvelur á Íslandi um þessar mundir til þess að slappa af. Hann hefur gist á Búðum og sótt tónleika í Reykjavík. Björn Hlynur Haraldsson er helsti leiðsögumaður hans um landið en þeir eru með ýmsar hugmyndir um samstarf í leiklistinni.

FÓLK 30

### Um spunameistara



Um leið og málflutningur ríkisstjórna fer að byggjast á ósannindum, þá missir öll almenn stjórnmálaumræða marks. Við erum meðhöndluð eins og óvitar.

UMRÆÐAN 16

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SUÐVESTANÁTT,** nokkur vindur í fyrstu en dregur úr vindi og léttir til þegar líður á daginn. Yfirleitt úrkomulítið og hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4


LANDIÐ ALLT

**Lestur á miðvikudögum: 20–40 ára***




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á miðvikudögum.


# Erlend fyrirtæki keypt fyrir 500 milljarða á átján mánuðum

**Hátt gengi krónunnar, ör vöxtur íslenskra fyrirtækja og mikið framboð af fjármagni hér á landi undanfarin misseri hefur leitt til þess að síðasta eina og hálfa árið hafa Íslendingar fjárfest fyrir um fimm hundruð milljarða króna í erlendum fyrirtækjum.**

**VIÐSKIPT** Á síðustu átján mánuðum hafa Íslendingar keypt stærri fyrirtæki erlendis fyrir um 450 milljarða og gera má ráð fyrir því að erlend fyrirtækjakaup nemi mun hærri upphæð ef óskráð fyrirtæki eru talin með. Þetta kemur fram í úttekt Markaðarins á erlendum fyrirtækjakaupum sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

Helstu ástæður útrásarinnar eru samkvæmt úttektinni mikið framboð af fjármagni á Íslandi undanfarin misseri. Bæði fyrirtæki og einstaklingar hafa leitað út fyrir landsteinana til að ávaxta fé sitt. Þá hefur hátt gengi krónunnar lækkað verð erlendra fyrirtækja með sama hætti og það lækkar verð á erlendum neysluvörum. Mikið af útrásinni er enn fremur fjármagnað með lánsfé og hafa bankarnir spilað stórt hlutverk með lánveitingum, ráðgjöf og beinni þátttöku.

Undanfarin misseri hafa öll stærstu fyrirtækin í Kauphöll Íslands sótt aukið fé til hluthafa með stórum hlutafjárútboðum til að fjárfesta í erlendum fyrirtækjum og því vaknar sú spurning hvort þanþol þeirra til skuldsetninga sé komið upp að efri mörkum.

„Ég held að þessi bylgja sem nú á sér stað haldi ekki áfram af sama krafti og undanfarið,“ segir Hannes G. Sigurðsson, forstöðumaður hagdeildar Samtaka atvinnulífsins, um útrás íslenskra fyrirtækja. „Þessi fyrirtæki eru þó enn flest það lítil á alþjóðlegan mælikvarða að endimörk vaxtar þeirra eru ekki fyrirsjáanleg.“

Hannes telur ekki aðeins hagrænar ástæður fyrir útrásinni. „Ég tel að þetta byggist að hluta til á þeim einstaklingum sem hafa verið í fararbroddi í þessum útrásum,“ segir Hannes, og tekur lyfjaiðnaðinn, tískuverslanir og stoðtækni sem dæmi. „Þeir hafa fundið sér ákveðin tækifæri á afmörkuðum sviðum á erlendum mörkuðum sem eiga sér engar sérstakar rætur í íslensku efnahagslífi.“

**- dh/grs / Sjá Markaðinn**




FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN GUÐMARSSON

**GAMLI OG NÝI TÍMINN** Íslendingar hafa síðustu sextíu árin notið þess að tengjast öðrum löndum með reglubundnu áætlunarflugi. Þessum tímamótum var fagnað á flugvellinum í Glasgow í gær þar sem gamli og nýi tíminn í fluginu mættust í bókstaflegri merkingu. Flugstjórarnir Tómas Dagur Helgason og Hallgrímur Jónsson veifa farþegum Sóldísar á leið heim frá Glasgow. Páll Sveinsson bíður hins vegar spakur á flugbrautinni.

Sjá síðu 8

Fær ekki inni í listasölum:

## Sýnir málverk í tjöldum

**LISTIR** Einar Hákonarson listmálari ætlar að sýna hátt í níutíu málverk í tveimur stórum tjöldum í hljómskálagarðinum í Reykjavík í ágúst.

Einar segist frekar vilja mynda tengsl við almenning en listaelítuna og fékk leyfi til að setja sýninguna upp í tjöldum í hljómskálagarðinum eftir að hafa ekki fengið inni í listasölum borgarinnar.

Hann segir fjölda þjóðkunnra listmálara hafa lent í sömu stöðu og telur forsvarsmenn listasafnsins vega ómaklega að listmálurum með stefnu sinni.

Flest verkin á sýningunni málaði Einar í Prag og segir hann þau vera krufningu á þjóðfélaginu. Þá segir hann tengslin milli málverksins og almennings hafa rofnað.

**-ht / Sjá síðu 6**

Breska lögreglan segir rannsóknina ganga vel:

## Hryðjuverkin líklega sjálfsmorðsárásir

**LONDON, AP** Breska lögreglan rannsakar nú hvort fjórir meintir sjálfsmorðsárásarmenn hafi verið meðal þeirra látnu í hryðjuverkaárásunum í Lundúnum. Í gærkvöld sagðist hún hafa sannanir fyrir því að í það minnsta einn sprengjumaður hafi látist og verið væri að kanna hvort svo hefði verið um þá alla.

Á upptökum úr öryggismyndavélum sáust fjórir meintir árásarmenn mæta á King's Cross lestarstöðina klukkan 8.30 á fimmtudagsmorgun, um tuttugu mínútum áður en sprengingarnar urðu. Þrír þeirra eru frá Vestur-Yorkshire-svæðinu þar sem margir múslimar búa. Lögreglan sagðist hafa sterkar réttarlæknisfræðilegar sannanir fyrir því að einn þeirra hefði látist í lestarsprengingunni sem varð milli Aldgate og Liverpool lestarstöðvanna.



**FRÁ RANNSÓKNINNI Í GÆR** Breska lögreglan leitaði í mörgum húsum í hverfi múslima í gær.

Þá tilkynnti fjölskylda eins fjórmenninganna um hvarf hans til lögreglu kvöldið sem árásirnar urðu og hafa eigur hans fundist í braki strætisvagnsins. Ekki er þó talið ómögulegt að þeim árásarmannanna hafi mistekist að koma sprengjunni af sér í lest og hann hafi sprengt hana og sjálfan sig í strætisvagninum fyrir mistök.

Einn fjórmenninganna var nafngreindur í breskum fjölmiðlum í seint í gærkvöldi.

**- grs**





MARKAÐURINN

Sögurnar • Tölurnar • Fólkið

Auglýsingasími 550 5000



## SPURNING DAGSINS

*Laufey, fagnar þú rigningunni?*

Hún er góð fyrir gróðurinn.

Landsmenn eru orðnir langþreyttir á rigningunni og vilja í sólina. Annir hafa verið miklar á ferðaskrifstofunum. Laufey Jóhannsdóttir er framkvæmdastjóri Plúsferða.

Mikið mannfall meðal Íraka vegna átaka eða ofbeldis:

# Um 39 þúsund fallin síðan stríðið hófst

**ÍRAKSSTRÍÐIÐ** Nálega 39.000 Írakar hafa verið drepnir í bardögum eða vopnuðu ofbeldi í kjölfar Íraksstríðsins samkvæmt samantekt Svissnesku rannsóknarstofnunarinnar Graduate Institute for International Studies.

Þetta er mun hærri tala en fyrri samantektir hafa gert ráð fyrir, en gagnagrunnurinn Iraqi Body Count, sem byggir á dánartölum í fréttum telur að fjöldi fallinna í átökum sé á bilinu 23.000 til 25.000. Engar opinberar tölur eru til um fjölda fallinna Íraka.

Stofnunin notaðist við gögn sem safnað var saman fyrir breska læknatímaritið The Lancet, en í grein í blaðinu í október síðastliðinum sagði að umframdauðsföll í Írak eftir að stríðið hófst væru hundrað þúsund, þá var ekki aðeins átt við dauðsföll vegna átaka.

Í samantektinni segir að ástæða þess að mannfall meðal Íraka hafi verið vantalið sé of mikið traust á frásögnum stjórnvalda og fjölmiðla af átökum, sem oft séu ónákvæmar.

Tæplega 2.000 hermenn frá bandalagsþjóðunum hafa fallið síðan stríðið hófst, flestir bandarískir.

**- grs**



MYND/AP

**FALLNIR ÍRAKAR** Á þessari mynd sjást írösk fórnarlömb sjálfsmorðsárásar sem var framkvæmd við herskráningarstöð í Bagdad á sunnudaginn. Fjórtán létust í þeirri árás.

Hagstofa Íslands:

## Vísitala neysluverðs hækkar

**NEYTENDUR** Vísitala neysluverðs í júlí hækkaði um 0.12 prósent frá síðasta mánuði samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Hefur hún hækkað um 3.5 prósent alls síðustu tólf mánuði.

Sumarútsölur hafa talsverð áhrif til lækkunar vísitölunnar eða um 0.51 prósent en hækkanir á bensíni og breytingar á þungaskatti bifreiða vóu þar á móti. Kerfisbreytingin ein og sér leiddi til 0.13 prósent hækkunar og bensínhækkunar til 0.14 prósent hækkunar.

Vísitala neysluverðs á að sýna breytingar á verðlagningu þeirra vara sem dæmigerð íslensk fjölskylda kaupir á tilteknu tímabili.

**-aöe**

Tvær konur falla:

## Sjálfsmorðsárás í Ísrael

**ÍSRAEL, AP** Átján ára gamall Palestínumaður framdi sjálfsmorðssprengjuárás utan við verslunarmiðstöð í bænum Netanía í gær. Tvær konur létust og þrjátíu særðust í árásinni. Þetta er önnur sjálfsmorðsárásin síðan vopnahlé var samþykkt fyrir fimm mánuðum.

Enginn hefur lýst ábyrgðinni á hendur sér en lögreglan segir árásarmanninn hafa verið liðsmann í samtökunum Heilagt stríð, en þau samtök eru aðili að vopnahléinu en segjast áskilja sér rétt til að svara árásum Ísraelsmanna. ■

## INDLAND

**SNÁKUR DEYR AF ÞVÍ AÐ BÍTA PREST** Indverskur kobrasnákur virðist hafa dáið við það að bíta hindúaprest er fóðraði hann reglulega á mjólk, samkvæmt indverskum fjölmiðlum. Eftir bitið lá hann hreyfingarlaus á gólfinu, ældi blóði og dó, samkvæmt sjónarvottum. Engir áverkar fundust á honum.

# Grunur um morð á Íslendingi í Afríku

**Lík af manni á fertugsaldri sem fannst í Suður-Afríku um helgina er sagt kunna vera af Íslendingi sem búið hefur í Jóhannesarborg í um tíu ár. Ekki er vitað af hverjum líkið er.**

**SAKAMÁL** Grunur leikur á að Íslendingur um fertugt hafi verið myrtur í Jóhannesarborg í Suður-Afríku að því er haft er eftir lögreglu þar. Hann er sagður hafa búið þar í 10 ár, en til hans hafði ekki spurst í fimm vikur.

Lík mannsins, sem enn hefur ekki verið borin kennsl á, fannst í Boksburg í nágrenni borgarinnar síðasta sunnudag falið í ruslatunnu og hulið steypu þannig að aðeins sá í fæturna. 28 ára gamall maður og 43 ára gömul kona hafa verið handtekin í tengslum við rannsókn málsins, að því er fjölmiðlar ytra greina frá. Tunnan fannst í bakgarði leigusala mannsins. Maðurinn bað leigusalann að geyma tunnuna og þóttist vera að gera tilraunir með ólíkar steyputegundir.

Á fréttavefnum News24.com er haft eftir lögreglu að maðurinn hafi líklega verið rændur og svo myrtur, en hann mun hafa haft nokkuð fé handbært eftir að hafa selt íbúð í Jóhannesarborg. Parið, sem komist hafi í kynni við manninn einhverju áður, hafi boðist til að skutla honum á alþjóðaflugvöllinn í Jóhannesarborg. Vinir hans undruðust ekki um hann þessar fimm vikur því þeir töldu að hann hafi farið að heimsækja ættingja á Íslandi.

Utanríkisráðuneytið hefur, að sögn Alberts Jónssonar sendiherra, beðið aðalræðismann landsins í Jóhannesarborg að afla fregna um líkfundinn hjá lögreglu ytra. Þá sendi alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra í gær fyrirspurn til lögregluyfirvalda í Suður-Afríku vegna málsins. „Ef um Íslending er að ræða sem ráðinn hefur orðið bani er eðlilegt að við köllum eftir upplýsingum frá lögregluyfirvöldum, en fáum ekki okkar fregnir í blöðunum," segir Þórir Oddsson, vararíkislögreglustjóri og yfirmaður alþjóðadeildar. Hann segir oft samstarf milli embættisins og utanríkisráðuneytisins við aðstæður sem þessar og taldi ekki ólíklegt að ættingjar fertugra Íslendinga í Suður-Afríku gæfu sig fram eftir fréttaflutning af málinu.

Parið sem er í haldi suðurafrísku lögreglunnar verður leitt fyrir dómara í Boksburg í dag, en einnig stendur til að kryfja líkið í dag til að grafast fyrir um dánarorsök mannsins.

**olikr@frettabladid.is**




**FRÉTTAVEFUR NEWS24.COM** Fréttavefir í Suður-Afríku greindu ítarlega frá líkfundinum í Boksburg og aðdraganda hans. Grunur leikur á að íslenskur maður hafi verið myrtur fyrir um fimm vikum síðan, líkið var falið og steypt í ruslatunnu, þannig að einungis sást í fæturna.

**SUÐUR AFRÍKA OG NÆRLIGGJANDI RÍKI** Talið er að Íslendingurinn hafi selt íbúð í Jóhannesarborg en svo verið rændur og myrtur.

Árás á menningarnótt:

## Fær 6 mánaða fangelsisdóm

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær tvítugan karlmann í sex mánaða fangelsi fyrir líkamsárás á menningarnótt árið 2003. Fimm mánuðir eru skilorðsbundnir. Þá skal hann greiða ákæranda 60.000 krónur í skaðabætur og lögmannskostnað. Hann sló ítrekað til kæranda með brotinni flösku og olli alvarlegum, en þó ekki lífshættulegum, áverkum.

Fjöldaslagsmál brutust á Lækjartorgi þetta kvöld og hafði hópur manna veist að ákærða sem varði sig með flöskunni. Dómarinn taldi í ljósi aldurs ákærða og málsatvika fært að skilorðsbinda refsinguna að hluta. ■

Útkall í gærkvöld:

## Maður tafðist á Esjunni

**BJÖRGUNARSVEITIR** Allar björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út um níuleytið í gærkvöld vegna 65 ára manns sem hafði ekki skilað sér af Esjunni. Maðurinn hafði farið að heiman um hádegið og búist var við honum síðdegis.

Leitarskilyrði voru slæm og skyggni ekki nema um 300 metrar.

Alls voru 60 björgunarsveitarmenn og fjórir leitarhundar komnir að Esjurótum þegar maðurinn kom niður af fjallinu og var þá klukkan að verða tíu. Ekkert amaði að manninum. ■

## HVALVEIÐAR

**FIMM HREFNUR VEIDDAR** Hvalveiðarnar hafa gengið fremur hægt undanfarna daga enda nokkur bræla verið á miðunum. Í gær veiddist sjö metra hrefna út af Vestfjörðum. Þar með hafa fimm hrefnur veiðst það sem af er þessari vertríð.

DRAGÐU EKKI AÐ SLÁ Í GEGN...

Rafdrifin golf kerra



Frábær nýjung sem passar fyrir allar gerðir golfpoka, auðvelt og þægilegt. Þú getur notað alla orkuna í að slá kúluna...

Frábært verð aðeins kr. 33.864,-

ÖRNINN
STOFNAÐ 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verkstæði Sími 588 9891

www.orninn.is

Hátt hlutfall íslenskra barna líður vítamínskort:

# Fá ekki nóg af D-vítamíni

**HEILBRIGÐISMÁL** Hátt hlutfall íslenskra barna fær ekki nægilega mikið D-vítamín dag hvern að sögn Ingu Þórsdóttur næringarfræðings, sem rannsakað hefur D-vítamínneyslu íslenskra barna.

Helmingur fjögurra og sex ára barna og fjórðungur ungbarna náðu ekki helmingi ráðlagðs dagskammtar af vítamíninu meðan á rannsókninni stóð. Reyndust íslensku börnin fá umtalsvert minna af D-vítamíni daglega en sænskir jafnaldrar þeirra að því er fram kemur í grein Ingu í Læknablaðinu.

„D-vítamín er nauðsynlegt til þess að eðlilegur beinþroski og beinþéttni verði, sem er nauðsynlegt fyrir framtíðarstyrk beinanna," segir Inga. „Einnig er talið að neysla D-vítamíns sé nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma síðar á ævinni."

Inga segir mjög mikilvægt að börn taki lýsi til þess að þau fái nógu mikið af D-vítamíni, einkum og sér í lagi yfir vetrartímann þegar sólarljós er af skornum skammti. „Áður fyrr tók fólk almennt alltaf lýsi yfir vetrartímann," segir Inga. „Nú eru því miður hópar barna sem ekki taka lýsi og fá þar af leiðandi ekki nógu mikið af vítamíninu."

**- ht**



**INGA ÞÓRSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR** Rannsóknir hennar gefa til kynna að hátt hlutfall íslenskra barna fái ekki nógu mikið af D-vítamíni, einkum yfir vetrartímann.

www.volkswagen.is

# Góðir ferðalangar – gott verð!



Innifalið í verði:
- tvívirk rafdrifin sóllúga
- krómlistar
- 16” álfelgur

**VW Passat Basicline Variant**
1.6 beinskiptur. Verð 2.150.000 kr.
**27.770 kr. á mánuði***

**VW Passat Comfortline Variant**
2.0 sjálfskiptur. Verð 2.590.000 kr.
**33.450 kr. á mánuði***

**VW Golf Variant 4Motion**
2.0 beinskiptur og 16” álfelgur.
Verð 2.150.000 kr.
**27.770 kr. á mánuði***





**VW Touran, 7 manna**
**1,6 beinskiptur og 16” álfelgur.**
**Verð 2.145.000 kr.**
**27.690 kr. á mánuði***

* miðað við 10% útborgun og gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3828

## Takmarkað magn!

**Komdu og reynsluaktu**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 12.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,58 | 64,88 |
| Sterlingspund | GBP | 114,34 | 114,9 |
| Evra | EUR | 78,72 | 79,16 |
| Dönsk króna | DKK | 10,556 | 10,618 |
| Norsk króna | NOK | 9,96 | 10,018 |
| Sænsk króna | SEK | 8,321 | 8,369 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5812 | 0,5846 |
| SDR | XDR | 94,22 | 94,71 |

*Gengisvísitala krónunnar*

110,1041

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda minnkaði milli áranna 2002 og 2003:

# Minni losun í landbúnaði og sjávarútvegi

**UMHVERFISMÁL** Heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda minnkaði um rúmt prósent milli áranna 2002 og 2003. Helstu ástæður lækkunarinnar eru minna útstreymi frá sjávarútvegi og landbúnaði en útstreymi frá samgöngum, iðnaði og byggingarstarfsemi jókst milli ára.

„Útstreymi í sjávarútvegi fylgir því hversu langt þarf að sækja aflann og hversu mikið er framleitt,“ segir Óttar Freyr Gíslason, sérfræðingur hjá umhverfisráðuneytinu.

„Einnig er reynt að stuðla að betri orkunýtingu í fiskiskipaflotanum en það gengur upp og ofan.“

Landbúnaður hér á landi er að dragast saman og skýrist minni losun gróðurhúsalofttegunda af því að sögn Óttars Freys.

Ástæða er þó til þess að ætla að útstreymi sé að aukast á ný en tölur um losun lofttegunda árið 2004 liggja ekki fyrir. „Allt útlit er fyrir að framkvæmdir fyrir austan og mikill hraði á hagkerfinu, auk álveranna sem verið er að reisa, skili sér í aukinni losun gróðurhúsalofttegunda árin 2005 og 2006,“ segir Óttar Freyr. - ht



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SJÁVARÚTVEGUR** Losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi fylgir því hversu langt sækja þarf afla og hversu mikið framleitt er.

Grunur um einokun:

# Húsleit á skrifstofum Intel

**BRUSSEL, AP** Samkeppnisyfirvöld í Evrópu leituðu í gær óvænt samtímis á skrifstofum Intel í Bretlandi, Þýskalandi, Spáni og Ítalíu.

Intel, sem er stærsti framleiðandi tölvuörgjörva í heiminum með 90 prósent markaðshlutdeild, hefur í fjögur ár verið undir smásjá samkeppnisyfirvalda vegna ásakana um samkeppnishamlandi viðskiptahætti. Þessar húsleitir koma aðeins hálfum mánuði eftir að samkeppnisaðilinn Advanced Micro Devices lagði fram kærur á hendur Intel bæði í Japan og Bandaríkjunum. - grs

Kjaradeila á Grundartanga:

# Fundur með sáttasemjara

**KJARAMÁL** Ríkissáttasemjari hefur boðað til fundar í dag vegna deilu Verkalýðsfélags Akraness og Fangs ehf. en fyrrnefndi aðilinn hefur að undanförnu óskað eftir viðræðum um nýjan kjarasamning.

Fang var stofnað árið 2002 og var tilgangur félagsins að annast ýmis störf hjá Íslenska járnblendifélaginu á Grundartanga svo sem ræstingu, störf í mötuneyti og launavinnslu. Samtök atvinnulífsins telja að bindandi kjarasamningur sé milli félaganna. -hb

## RÚMENÍA

**VEÐURFRÉTTAMENN KÆRÐIR** Reiðir veitingahúsaeigendur í Rúmeníu hyggjast nú kæra þarlenda veðurfréttamenn fyrir að birta rangar veðurspár hvað eftir annað. Einkum eru rangar spár um rigningu sem eiga að hafa stuðlað að því að hótel við Svarta hafið eru aðeins hálfbókuð.

## BRETLAND

**SPRENGIEFNI FRÁ HER** Franskur lögregluforingi sem var í London sagði í Le Monde í gær að sprengiefnið sem notast var við hefði ekki verið heimatilbúið eins og búast hefði mátt við, heldur af hernaðarlegum uppruna. Hann sagði það mikið áhyggjuefni. Líklegast taldi hann að það hefði fengist af Balkanskaganum.

**NÖFN FÓRNARLAMBA BIRTAST** Nöfn fórnarlambanna í sprengjuárásunum eru nú farin að birtast í breskum fjölmiðlum. Susan Levy, 53 ára tveggja barna móðir, var fyrsta fórnarlambið sem var nafngreint. Hún hafði verið flutt alvarlega særð á Konunglega sjúkrahúsið í Lundúnum eftir árásirnar þar sem hún lést síðar um daginn.



**BÖRN Á GÆSLUVELLI** Reykjavíkurborg hefur sagt upp tuttugu og tveimur gæslukonum og valdið mikilli óánægju.

# Konur á gæsluvöllum eiga betra skilið

**Össur Skarphéðinsson segir að verið sé að brjóta loforð með því að segja upp tuttugu og tveimur konum á gæsluvöllum borgarinnar. Guðlaugur Þór Þórðarson segir konunum sýnt virðingarleysi.**

**KJARAMÁL** Össur Skarphéðinsson, alþingismaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir Reykjavíkurlistann harkalega í pistli á heimasíðu sinni í gær. Össur segir að með uppsögnum Reykjavíkurborgar á tuttugu og tveimur konum á gæsluvöllum borgarinnar sé verið að brjóta loforð sem þeim hafi verið gefin.

„Hér er vont mál á ferðinni. Ég sem jafnaðarmaður ætlast til þess að Sjálfstæðisflokkurinn kæmi ekki svona fram við starfsfólk Reykjavíkurborgar væri hann við völd og fráleitt að við sem styðjum R-listann sættum okkur við það af hans hálfu,“ segir Össur.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** „Svona gera menn ekki.“

Menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í mars að semja við konurnar sem um ræðir um að þær tækju að sér ný störf hjá Reykjavíkurborg eða við þær yrði gerður starfslokasamningur. Konunum var hins vegar sent bréf í lok síðasta mánaðar þar sem fram kom að starfslok þeirra miðuðust við 1. september og þær fengju einungis greiddan uppsagnarfrest.

Það er að frumkvæði Guðlaugs Þórs Þórðarson, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem umrætt mál var tekið á dagskrá menntaráðs. Hann segist ítrekað hafa tekið málið upp fyrir hönd sjálfstæðismanna á fundum ráðsins en það hafi ekkert staðið sem samþykkt hafi verið á fundum ráðsins.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** „Hér er vont mál á ferðinni.“

„Þessum konum er sýnt takmarkalaust virðingarleysi. Mikið af þessum konum eru búnar að vinna nær alla sína starfstíð hjá Reykjavíkurborg við þessi störf, hafa veitt frábæra þjónustu og um það er ekki deilt og nú þegar verið er að leggja þessi störf niður þá sjá forystumenn borgarinnar ekki sóma sinn í því að ganga frá málum þannig að einhver bragur sé á. Starfslokasamningar hafa verið gerðir fyrir um hundrað og tíu milljónir króna á síðustu árum þannig að ekki um fordæmi að ræða. Svona gera menn ekki. Þessar konur eiga betra skilið,“ segir Guðlaugur Þór.

Ekki náðist í Stefán Jón Hafstein, formann menntaráðs.

hjalmar@frettabladid.is

Norskur fjársvikari:

# Fyrirför sér á hröðum flótta

**NORÐURLÖND** Norski fjársvikarinn Ole Christian Bach skaut sig í bifreið sinni á flótta undan sænsku lögreglunni á mánudagskvöld. Mikil umræða var um málið í skandinavískum fjölmiðlum í gær og hefur lögmaður Bach óskað eftir rannsókn á dauða hans.

Bach var eftirlýstur af Interpol fyrir fjársvik í 182 löndum.

Ekki er talið ólíklegt að hann hafi talið sig eltan af handrukkurum á vegum okurlánara frekar en lögreglunni.

Bach hagnaðist verulega með því að svindla á bönkum sem höfðu lánað honum fé á 9. áratugnum og aftur á pýramídafyrirtækjabraski fyrir nokkrum árum. ■

Atlantsolía:

# Ný stöð í Skeifunni

**BENSÍN** Atlantsolía hefur fengið vilyrði fyrir lóð undir bensínstöð félagsins í Skeifunni og hefjast framkvæmdir við uppsetningu í næstu viku.

Stöðin verður á lóð Krónunnar í Skeifunni 5 og ganga áætlanir fyrirtækisins út á að aðeins rúma tvo mánuði taki að reisa hana. Neytendur geta fyllt tankinn þar um mánaðamót september og október. Verða stöðvar Atlantsolíu þannig fimm talsins en þrjár eru á höfuðborgarsvæðinu og ein í Reykjanesbæ. -aöe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VELTI BÍL Á DYNJANDISHEIÐI** Engin slys urðu á fólki þegar bifreið hafnaði utan vegar og valt á Dynjandisheiði snemma í gærmorgun. Ökumaður var einn í bifreiðinni sem talin er ónýt eftir óhappið.


TILBÚNIR TIL AFHENDINGAR

Nú er ekki eftir neinu að bíða!






Höfum einnig nokkrar gerðir af TEC hjólhýsum tilbúnar til afhendingar strax.

Eigum örfáa Joint - j 148 lágþekjubíla tilbúna á götuna

Verð 3.990.000.-

Tjalduagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið: Föstudag 10 -18 Laugardag 12 - 16

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is


## VEÐRIÐ Í DAG

**Hvar er sumarið?**
Margir eru ósáttir við sumarið sem af er og er nóg að gera á ferðaskrifstofunum þessa dagana. Það mældist tvöföld meðalúrkoma á Akureyri í júní og sólskin var undir meðallagi. Í Reykjavík var úrkoma hins vegar undir meðallagi og sólskinsstundir voru margar. Meðaltölin segja hins vegar ekki alla söguna, við viljum að þetta fari saman: sól, hiti og lítill vindur. Austfirðingar þurfa ekki að flýja land á næstunni, þar má reikna með áframhaldandi góðviðri. Það gæti jafnvel rofað til á Suðurlandi í dag og á morgun. Sumarið kemur - bíðið þið bara!



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Norðlæg eða breytileg átt yfirleitt bjart.

### Föstudagur




Vestlæg átt, þykknar upp vestanlands.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C | heiðskírt | Algarve | 27°C | heiðskírt | Róm | 25°C | sk.m.köflum |
| Osló | 20°C | sk.m.köflum | Mallorca | 25°C | heiðskírt | Alicante | 32°C | heiðskírt |
| London | 28°C | sk.m.köflum | Krít/Chania | 29°C | sk.m.köflum | Kýpur | 33°C | heiðskírt |
| París | 30°C | heiðskírt | Barcelona | 28°C | heiðskírt | Rimini | 23°C | sk.m.köflum |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

Sagan segir að Frakkar leggi meira uppúr gæðum en magni og orðið magn sé ekki lengur til í orðaforða þeirra. Sagan bendir á franska elskhuga því til sönnunar. Frakkar vita hinsvegar að gæðin felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Þess vegna eiga þeir Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën C4.

Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

## Mikið af því góða er best
## Komdu í Brimborg - veldu Citroën á sumartilboði



C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.419.000 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Bílasamningur 16.840 kr.



Berlingo Multispace 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.559.000 kr.
Rekstrarleiga 28.900 kr.
Bílasamningur 18.502 kr.



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.589.000 kr.
Rekstrarleiga 28.600 kr.
Bílasamningur 18.606 kr.



C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.790.000 kr.
Rekstrarleiga 31.300 kr.
Bílasamningur 21.244 kr.



C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bílasamningur 21.599 kr.



C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö*
Kaupverð 2.410.000 kr.
Rekstrarleiga 42.300 kr.
Bílasamningur 28.602 kr.



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8i 117 hö*
Kaupverð 1.859.000 kr.
Rekstrarleiga 34.000 kr.
Bílasamningur 22.069 kr.



C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö*
Kaupverð 2.999.000 kr.
Rekstrarleiga 53.900 kr.
Bílasamningur 35.892 kr.

**Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.**
**Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.**



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C4 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.



## KJÖRKASSINN

*Á ríkið að koma til móts við leigubílsstjóra vegna verðhækkunar á díselolíu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 44% |
| Nei | 56% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Mun R-listinn bjóða fram í næstu borgarstjórnarkosningum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Hæstiréttur í Noregi vísar frá áfrýjun Samherja:

# Gert að endurgreiða styrkinn

**DÓMSMÁL** Samherji hf. þarf að endurgreiða norska ríkinu 140 milljóna króna styrk sem félagið fékk árið 1998 til niðurgreiðslu á smíði fjölveiðiskipsins Vilhelms Þorsteinssonar þar í landi. Þetta varð ljóst eftir að hæstiréttur í Noregi hafnaði kröfu Samherja um að taka fyrir dóm Gulaþings í Björgvin en rétturinn dæmdi félagið í upphafi þessa árs til að endurgreiða skipasmíðastyrkinn. Dómur Gulaþingsréttar stendur því.

Málavextir eru þeir að Samherji sótti um ríkisstyrk vegna smíði Vilhelms Þorsteinssonar hjá skipasmíðastöð Th. Hellesöy fyrir árslok 1997, en reglur um þess háttar niðurgreiðslur til norskra skipasmíðastöðva giltu til ársloka það ár. Lögfræðingar Samherja héldu meðal annars því fram að styrkurinn væri algerlega á snærum norskra yfirvalda og hefði verið ráðstafað til viðkomandi skipasmíðastöðvar til þess að bæta samkeppnisstöðu hennar. Norska viðskiptaráðuneytið taldi hins vegar að samningurinn hafi ekki verið orðinn bindandi fyrir árslok 1997.

Efra og neðra dómstig dæmdu norska ríkinu í vil, Samherjamönnum til mikillar furðu. Með frávísun norska hæstaréttarins gildir sú niðurstaða.

johannh@frettabladid.is



**VILHELM ÞORSTEINSSON EA 11** Vilhelm er eitt fullkomnasta fiskiskip íslenska flotans. Samherji þarf nú að endurgreiða norska ríkinu 140 milljóna króna styrk.

Evrópska sjúkratryggingakortið:

# Yfir 30 þúsund kort gefin út

**TRYGGINGAR** Tæplega 32 þúsund Íslendingar fengu sér evrópska sjúkratryggingakortið hjá Tryggingastofnun í maí og júní.

Viðtökurnar hafa verið mun betri en reiknað var með en áður en útgáfa kortanna hófst hinn 1. maí var gert ráð fyrir því að um þrjátíu þúsund kort yrðu gefin út á árinu.

Evrópska sjúkratryggingakortið veitir Evrópubúum rétt til læknisaðstoðar utan heimalands á sama verði og íbúar dvalarlandsins greiða ef þeir veikjast skyndilega eða slasast á ferðalagi. ■



**LÖNDUN ÚR ENGEY** Sautján hundruð tonnum var landað en þrjú þúsund tonn veiddust í þessum jómfrúartúr Engeyjar. Aldrei hefur íslenskt skip veitt jafn mikið í einum túr.

Fyrsti túr Engeyjar:

# Einn mesti afli íslensks skips

**SJÁVARÚTVEGUR** Engey RE 1 kom úr sínum fyrsta túr um miðnætti í fyrrinótt og var aflinn þrjú þúsund tonn sem er einn mesti afli sem íslenskt fiskiskip hefur fengið í einum túr að sögn Ingimundar Ingimundarsonar hjá uppsjávardeild HB Granda.

Þar sem aflinn er unninn um borð kom skipið með 1500 tonn af frystum síldarafurðum til löndunar en einnig tvöhundruð tonn af kolmunna.

Þetta stærsta fiskiskip íslenska fiskveiðiflotans mun að öllum líkindum halda aftur til veiða á föstudag.

-jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FLUTTUR TIL REYKJAVÍKUR EFTIR BÍLVELTU** Ökumaður var fluttur með sjúkrabifreið til Reykjavíkur eftir bílveltu við Þrengslavegamót í Svínahrauni á tíunda tímanum í gærmorgun. Meiðsl hans voru ekki talin mjög alvarleg að sögn lögreglu. Ökumaðurinn var einn í bílnum þegar slysið átti sér stað en tildrög þess eru ókunn.

**ÓMEIDD EFTIR ÚTAFAKSTUR** Engin slys urðu á fólki þegar bifreið hafnaði utan vegar skammt sunnan Staðarskála í gærmorgun. Bifreiðin er talsvert skemmd eftir óhappið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



**EINAR HÁKONARSON** Listmálarinn ætlar að sýna málverk sín í 540 fermetra tjöldum í Hljómskálagarðinum í ágúst, en sýningin hefst kvöldið fyrir menningarnótt. Einar er ósáttur við að fá ekki að sýna í sölum Listasafns Reykjavíkur.

# Sýnir málverk í tjöldum

**Einar Hákonarson listmálari segist ítrekað hafa verið hafnað að fá að halda sýningar í sölum Listasafns Reykjavíkur. Forstöðumanni er falið að móta listræna stefnu segir formaður menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar.**

**LISTIR** Einar Hákonarson listmálari ætlar að sýna hátt í nítíu málverk í tveimur stórum tjöldum í Hljómskálagarðinum í Reykjavík í ágúst. Sýningin hefst kvöldið fyrir Menningarnótt, stendur yfir í um tíu daga og ber nafnið: Í grasrótinni.

„Mig langar til þess að færa landsmönnum málverkið á nýjan leik og vil frekar mynda tengsl við almenning en listaelítuna,“ segir Einar. Einar segir sýninguna einnig haldna þar sem málverkum hans hafi ítrekað verið hafnað þegar hann hafi leitað eftir því að þau væru sýnd í listasölum borgarinnar. „Niðurstaðan varð því sú að ég fékk leyfi borgaryfirvalda til þess að setja upp þessa sýningu í tjöldum.“

Einar gagnrýnir stefnu forsvarsmanna Listasafns Reykjavíkur og segir þar ómaklega vegið að listmálurum. „Fjöldi þjóðkunnra listmálara hefur ekki fengið að sýna verk sín í sölum borgarinnar vegna þess að stjórnandi þeirra vill ekki sýna verkin,“ segir Einar. „Ég vil hins vegar meina að það sé röng stefna að hafna einni listgrein nær alfarið.“

Verkin á sýningunni málaði Einar flest í Prag og segir þau krufningu á þjóðfélaginu. „Ég er fyrst og fremst að bjóða fram mitt málverk og er harður á því að málverkið er fullfært um að endurmynda tengsl við almenning, sem mér finnst hafa rofnað,“ segir Einar.

„Það er ekki stefna Listasafns Reykjavíkur að leigja út sali til sýninga heldur er forstöðumanni falið að móta listræna stefnu um hvers konar sýningar þar eru haldnar,“ segir Stefán Jón Hafstein, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar. „Það er stefna langflestra listasafna sem halda úti menningarpólitík sem er samkvæm sjálfri sér og hana höfum við stutt.“

Ekki náðist í Eirík Þorláksson, forstöðumann Listasafns Reykjavíkur, í gær en hann var á fjöllum.

helgat@frettabladid.is



**EFTIRLITSMYNDAVÉLIN FRÁ NOKIA** PT-6 eftirlitsmyndavél Nokia tekur myndir í allt að milljón díla upplausn og myndbandsupptöku með hljóði í 10 til 40 sekúndur. Koma má vélinni fyrir nánast hvar sem er, utan dyra sem innan.

Nýjung frá Nokia:

# Öryggistæki með símkorti

**UPPLÝSINGATÆKNI** Hafin er sala á nýrri eftirlitsmyndavél frá Nokia sem sögð er geta hentað fyrir heimili og eins til að hafa auga með sumarbústöðum.

Myndavélin heitir PT-6 og er í sölu hjá Og Vodafone, en hún er með hreyfiskynjara og sendir frá sér ljósmynd eða hreyfimyndaskrá í farsíma eða tölvupósti ef óboðinn gest ber að garði.

Einnig má stilla tækið þannig að hún sendi gögn um SMS eftir pöntun. Þá er hægt að hringja í myndavélina og hlusta. Vélin tekur innrauðar myndir í myrkri og er með aðdráttarlinsu.

-óká

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HAFNAÐI Í SKURÐI** Kona og þrjú börn voru flutt með sjúkrabíl til Borgarness eftir að bifreið þeirra lenti utan vegar og ofan í skurði skammt sunnan Reykholts í Borgarfirði um hádegisbil í fyrradag. Meiðsl konunnar og barnanna þriggja reyndust minniháttar.






Viðræður um að útgerð hefjasti á ný á Bíldudal:

# Bæjaryfirvöld reiðubúin að aðstoða

**ATVINNUMÁL** „Þreifingar eru í gangi um að útgerð hefjist á ný en þó er ekkert öruggt í hendi,“ segir Gísli Hallgrímsson fyrrum skipstjóri og einn af eigendum Hallgríms sem er togari útgerðarinnar Bílddælings sem nýlega lagði niður starfsemi sína.

Gísli segir mikilvægast að tryggja veiðiheimildir því kvótaþurrð hafi riðið útgerðinni á slig. Hann vil ekki gefa upp hverjir eigi í viðræðum við Bílddælinga á þessu stigi.

Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri Vesturbyggðar segir að bæjaryfirvöld séu reiðubúin að aðstoða eftir fremsta megni við að koma starfseminni af stað á nýjan leik. Hann vonast til að sem fyrst verði hægt að eyða þeirri óvissu sem fólkið býr við nú eftir að það missti vinnuna hjá Bílddælingi.

Gísli Hallgrímsson á von á að málin skýrist innan tveggja vikna en hann segir tímasetninguna vera afar óhagstæða þar sem mikið sé um sumarfrí bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera og það gerir þeim erfitt fyrir í umleitan sinni.

jse@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR GUÐMUNDSSON



**BÍLDUDALUR** Unnið er að lausn atvinnumála á Bíldudal og vonast menn til að útgerð geti hafist þar að nýju sem fyrst. Bæjarstjórn Vesturbyggðar er umhugað um að eyða þeirri óvissu sem skapaðist eftir að starfsfólki var sagt upp hjá stærsta atvinnuveitanda bæjarins.


Fanta
IOGT
GALTALÆKUR
VÍMULAUS FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
Á MÓTI SÓL • HILDUR VALA
BERMUDA • BIRTA & BÁRÐUR
HÆSTA HENDIN & CESAR-A
LOVEGURU ALLSTARS
NYLON • RAGGI BJARNA
HELGI VALUR • STINGANDI STRÁ
BARNASKEMMTANIR • LEIKTÆKI
PÉTUR PÓKUS • POPPMESSA
Á.M.S KARAOKEKEPPNI
KVÖLDVÖKUR • PLÖTUSNÚÐAR
SPRIKLANDI FERSK UNG-BÖND • ÖKULEIKNI
FRÁBÆR AÐSTAÐA FYRIR FJÖLSKYLDUFÓLK
Á móti sól
Hæsta Hendin
Hildur Vala
Love Guru AllStars
BERMUDA
Nylon
„Pulsaðu" þig upp í sumar!
SS pylsur
Kjörís
design.is@2005
Svali
FREYJA
LÝÐHEILSUSTÖÐ
Síminn
Forsala aðgöngumiða í verslunum Hagkaupa
Sparaðu 1200 kr.
Frítt fyrir 12 ára og yngri
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað er talið að margir hafi verið myrtir í fjöldamorðunum í Srebrenica?*

2 *Með hverjum átti Halldór Ásgrímsson fund í fyrradag?*

3 *Hvað heitir liðið sem FH-ingar léku í gegn í forkeppni Meistaradeildarinnar í fótbolta í gær?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Markaðsgreining Póst- og fjarskiptastofnunar:

# Kvaðir lagðar á símafyrirtæki

**UPPLÝSINGATÆKNI** Póst- og fjarskiptastofnun ætlar að leggja nýjar kvaðir á bæði Símann og Og Vodafone í tengslum við greiningu markaða í farsímarekstri, en slíka greiningu segist stofnunin eiga að framkvæma lögum samkvæmt. Birt hafa verið frumdrög að greiningu farsímamarkaðar hér og hafa fyrirtæki frest fram í miðjan september til að koma að athugasemdum vegna hennar.

Stofnunin fjallar annars vegar um heildsölumarkað fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum og hins vegar um heildsölugjaldtöku í farsímanetinu sem hringt er í. Nýjar kvaðir verða lagðar á Símann til að „tryggja að fyrirtækið verði við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að farsímanetum og -þjónustu“. Þá verða lagðar kvaðir bæði á Símann og Og Vodafone til að tryggja sanngjarnt heildsöluverð þegar hringt er í net þeirra og til að draga úr mun á gjaldtöku fyrirtækjanna.

„Við vinnum þetta nákvæmlega í samræmi við það sem gert er í Evrópu og annars staðar,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst og fjarskiptastofnunarinnar, en aðferðafræðin er ákveðin af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. **-óká**



**HRAFNKELL V. GÍSLASON** Segir unnið að frekari greiningu fjarskiptamarkaðarins.

Póst- og fjarskiptastofnun:

# Vill skýringar á viðgerðartöf

**UPPLÝSINGATÆKNI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur ritað forsvarsmönnum Farice sæstrengsins bréf þar sem óskað er eftir skýringum á óhóflegu rofi á þjónustunni fyrir um hálfum mánuði síðan.

Bilun varð í strengnum við Skotland og lá því gagnastreymi um strenginn niðri í um 70 klukkustundir. Á meðan urðu tafir á internetumferð því notast þurfti við varaleiðir um Cantat-3 sæstrenginn og um gervihnött.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunarinnar, hyggst funda með forsvarsmönnum Farice í dag. **-óká**

Sprengjuhótun í Póllandi:

# Þúsundir yfirgáfu lestir

**VARSJÁ, AP** Lestarkerfið í Varsjá í Póllandi var rýmt eftir að fölsk sprengjuhótun barst lögreglunni en eftir þriggja tíma leit komst lögreglan að þeirri niðurstöðu að um gabb hefði verið að ræða. Um 20.000 farþegar voru í lestunum þegar leitin hófst. Sprengjuhótunin barst í símtali stuttu eftir hádegi og var sagt sprengjan springi eftir fimmtán mínútur.

Pólska lögreglan hefur verið með aukinn viðbúnað síðustu daga. Um 1500 pólskir hermenn eru í Írak. ■

## ENGLAND

**ENGA MÚSLIMSKA BLÓRABÖGGLA** Erkibiskupinn af Kantaraborg, sem er andlegur leiðtogi ensku biskupakirkjunnar, sagði á mánudag á allsherjarráðstefnu kirkjunnar að múslimar í Englandi mættu ekki verða blórabögglar vegna hryðjuverkanna. Hann sagði samstarf og vináttu vera bestu leiðina til að komast hjá átökum

**HLIÐHOLLARI BANDARÍKJUNUM** Samkvæmt könnun sem gerð var daginn eftir hryðjuverkaárásirnar telja 72 prósent Breta að stuðningurinn við Íraksstríðið hafi gert þá að skotmarki hryðjuverkamanna. Þrátt fyrir það telja mun færri að Bretar ættu að fjarlægjast Bandaríkin. Nú vildu 52 prósent vera í bandalagi við þau samanborið við 44 prósent í mars í fyrra.

**FERÐABANNI AFLÉTT** Bandaríkjaher ákvað í gær að aflétta ferðabanni starfsfólks til Lundúna. Mikil gagnrýni hafði komið á ferðabannið sem var enn í gildi á sama tíma og bresk stjórnvöld lögðu áherslu á að íbúar borgarinnar tækju á ný upp eðlilegt lífsmynstur eftir árásirnar.

# Loftbrú frá Íslandi í sextíu ár

**Íslendingar hafa síðustu sextíu árin notið þess að tengjast öðrum löndum með reglubundnu áætlunarflugi. Þessum tímamótum var fagnað á flugvellinum í Glasgow í gær þar sem gamli og nýi tíminn í fluginu mættust í bókstaflegri merkingu.**

**SAMGÖNGUR** Hinn 11. júlí 1945 kl. 7.29 lagði Catalina-flugbátur Flugfélags Íslands af stað frá Skerjafirði til Largs Bay nærri Glasgow. Fjórir farþegar voru um borð, þrír Íslendingar og einn Skoti og stýrði Jóhannes Snorrason vélinni í þessu fyrsta áætlunarflugi íslensks flugfélags til útlanda.

12. júlí 2005 kl. 7.29 hélt Boeing 757 þota Icelandair til Glasgow með ríflega 150 farþega innanborðs og var Páll Stefánsson flugstjóri í þeirri ferð. Farþegunum voru gefnar gjafir í tilefni dagsins og haldin var móttaka á flugvellinum í gær í blíðskaparveðri.

Móttakan náði hápunkti sínum þegar Boeing-þotan staðnæmdist á flugbrautinni rétt hjá gamla „bristinum“ en sú vél var einmitt sú fyrsta sem Páll flaug á sínum atvinnuflugmannsferli. Þótt Páli þyki vænt um nafna sinn Sveinsson þá segir hann ólíkt þægilegra að fljúga þotunum. „Við erum um það bil fjórum sinnum fljótari í ferðum núna heldur en þá og fljúgum yfirleitt ofar skýjum í stað þess að skakast í skýjum og ókyrrð, inn á milli fjalla og fjarða.“

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra var glaður í bragði í góða veðrinu í Glasgow. „Þetta er mjög skemmtilegur dagur og gaman að því að Icelandair og breska flugmálastjórnin standi fyrir þessari hátíðarsamkomu.“ Sturla segir þýðingu dagsins fyrst og fremst sögulega en hann veki okkur jafnframt til umhugsunar hversu mikilvægar flugsamgöngur eru fyrir Ísland. „Allt hefur gjörbreyst í okkar samskiptum við aðrar þjóðir eftir að við fórum að fljúga. Þessi sextíu ár hafa verið hreinn ævintýratími fyrir okkur, bæði hefur ferðamönnum fjölgað ár frá ári og jafnframt hafa öll viðskipti orðið eins og við þekkjum í dag, við erum í fremstu víglínu, þökk sé fluginu.“

Á meðal þeirra sem boðið var til móttökunnar á flugvellinum í Glasgow í gær var Magnús Magnússon, þáttagerðarmaður og rithöfundur, og fjölskylda hans. Í ávarpi sínu á flugvellinum í gær vék Jón Karl Helgason, framkvæmdastjóri Icelandair, að þætti Magnúsar í að kynna land og þjóð og taldi hann að sennilega hefðu fleiri ferðamenn komið til landsins fyrir hans atbeina en Icelandair. „Þetta er fallega sagt en þetta er ekki rétt, Björk hefur gert miklu meira,“ sagði Magnús, hógvær á svip þegar ummælin voru borin undir hann. Magnús er með ýmis verkefni í gangi, „alltaf að fikta,“ eins og hann segir sjálfur, og hann býst við að koma til Íslands næsta sumar til að sanka að sér efni.

DC-3 vélin Páll Sveinsson hélt til Danmerkur fljótlega að móttökunni lokinni en á föstudaginn verður svo haldið heim á ný. Fríður hópur flugmanna hefur skipst á að fljúga þristinum síðustu daga og segir Tómas Dagur Helgason, sá eini í hópnum sem bæði flaug vélinni út og flýgur henni aftur heim, að sá tími sé „búinn að vera alveg frábær. Við höfum slegist um að fljúga vélinni“.



**LOFTBRÚ Í SEX ÁRATUGI** Inga Lára Gylfadóttir flugmaður og Páll Stefánsson flugstjóri Sóldísar veifuðu íslenska og skoska fánanum í tilefni dagsins.



**SALLY OG MAGNÚS MAGNÚSSON** Magnús flaug með þristinum á milli Prestwick og Reykjavíkur á árum áður en þá tók ferðin um fjóra klukkutíma.

sveinng@frettabladid.is


RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.920.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 19.990 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með bílinn handa þér

6,8 ltr/100km



Renault Megane Saloon II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 ltr/100km.
Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

MEST SELDI BÍLL EVRÓPU

Aukahlutir á mynd: álfelgur

DEBENHAMS

# útsalan af enn meiri krafti

## Allar útsöluvörur

# 50% afsláttur

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 28942 07/2005



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MÓTMÆLI Í EKVADOR** Frumbyggjar í Ekvador kröfðust þess í gær að ríkisstjórnin virti land þeirra, en olíufyrirtæki hafa byggt upp þar undanfarið.

Vegagerðin hefur eftirlit með olíugjaldslögunum:

# Einhverjir reyna að svindla

**ELDSNEYTISMÁL** „Það á eftir að koma reynsla á þetta enda breytingarnar nýjar af nálinni en ég á ekki von á því að vinnuálag okkar aukist mikið frá því sem nú er,“ segir Sveinn Ingi Lýðsson, einn umferðareftirlitsmanna Vegagerðarinnar.

Það kemur í þeirra hlut að fylgjast með að lögum um notkun dísilolíu sé fylgt en eftir olíugjaldsbreytingarnar 1. júlí er mikill munur á verði dísilolíu fyrir atvinnutæki annars vegar og fyrir almenna dísilbíla hins vegar. Hann segir einhverja vafalaust reiðubúna til að misnota kerfið og nota ódýrari olíuna á bíla sína og með því verði fylgst ásamt öðru. Þegar hafa komið upp nokkur dæmi um að bíleigendur hafa af misgáningi dælt vitlausri tegund á bíl sinn en viðurlög við slíku eru háar fjársektir. Er þeim sem í þessu lenda bent á að dæla olíunni jafnóðum af bílnum aftur til að firra sig vandræðum.

Umferðareftirlitsmenn Vegagerðarinnar fylgjast með að atvinnutæki á borð við flutningabíla og rútur fari að lögum en Sveinn segir að álagið við að hafa einnig eftirlit með þorra dísilbíla almennings hafi lítil áhrif. -aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**EFTIRLIT Á ÞJÓÐVEGUNUM** Vegagerðin fylgist með því að eigendur dísilbíla brjóti ekki lög og noti ranga olíu á bíla sína. Geta eftirlitsmenn stöðvað bíla hvar sem er og gengið úr skugga um að ekki sé verið að nota ódýra olíu.

Á puttanum í Þórsmörk:

## Bara með dýnu og svefnpoka

**LÖGREGLA** Lögreglan á Hvolsvelli hafði í fyrradag afskipti af þýskri konu með barn sem ætlaði á puttanum inn í Þórsmörk, vanbúin til slíkra ferða.

Að sögn lögreglu er konan með barni sínu á hringferð um landið og hafði ekki áttað sig á að meiri búnað þyrfti til ferðalaga inn í Þórsmörk en léttan klæðnað, dýnu og svefnpoka. Konunni var hjálpað áleiðis til Víkur í Mýrdal. -óká

**EL SALVADOR**

**PÁFAGAUKUR ÞJÓÐHETJA** Páfagaukurinn Paquita er nú talinn vera þjóðhetja í El Salvador. Honum var rænt í innbroti en þegar lögreglan stöðvaði bíl ræningjanna við venjubundið eftirlit hrópaði páfagaukurinn „rán! rán!“ Við það kom nokkuð fát á ræningjana og lögreglan ákvað að leita í bílnum.

# Úrelt neyðarskipulag

**Þrettán til fimmtán ár eru liðin síðan neyðarskipulag almannavarna var síðast endurskoðað. Upphaflega átti endurskoðun að fara fram á fimm ára fresti. Endurskipulagning stendur til á þessu ári en vinna við hana er ekki hafin. Vinna við nýtt neyðarskipulag tekur að öllum líkindum um þrjá mánuði.**

**ALMANNAVARNIR** Neyðarskipulag almannavarna þarfnast brýnnar endurskipulagningar. Þrettán til fimmtán ár eru liðin síðan skipulagið var síðast endurskoðað en upphaflega var gengið út frá því að endurskoðun færi fram á fimm ára fresti að sögn Björns Halldórssonar, deildarstjóra almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra.

„Þetta hefur dregist úr hömlu,“ segir Björn og bætir við að gert hafi verið ráð fyrir að endurskoðun neyðarskipulagsins færi fram á þessu ári. „Það er ennþá á stefnuskránni en við erum önnum kafin,“ segir Björn. „Vonandi náum við þó að byrja vinnuna á þessu ári.“

Björn segir að laga þurfi stjórnunarkafla neyðarskipulaga að nýju skipulagi verkþátta. „Núverandi neyðaráætlanir eru að stofni til frá árinu 1991 með minniháttar síðari tíma breytingum. Þær þarf að laga að ríkjandi hugmyndum um aðgerða- og vettvangsstjórnir auk þess sem samþætta þarf stigskiptingu neyðaráætlana,“ segir Björn en breytingarnar lúta fyrst og fremst að því hverjir fara með stjórn neyðaraðgerða í héraði.



**BJÖRN HALLDÓRSSON** Deildarstjóri almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra segir endurskoðun neyðarskipulaga hafa dregist úr hömlu.

Björn segir að þrátt fyrir að endurskipulagningin hafi dregist á langinn sé ekki ástæða til þess að hafa verulegar áhyggjur. „Menn eru vanir bæði að æfa saman og vinna saman auk þess sem þeir þekkja nýja verkþáttaskipulagið til hlítar,“ segir Björn.

Björn telur vinnu við nýtt skipulag taka um þrjá mánuði og verður það gert í samstarfi almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra og almannavarnanefnda í héraði. Reynt verði að sinna endurskoðun skipulagsins samhliða öðrum verkefnum deildarinnar. Ekki sé um verulegan kostnað að ræða. „Til þess að vinna að þessu þarf fólk sem gjörþekkir neyðarskipulag og vinnu í neyðaraðgerðum,“ segir Björn Halldórsson.

„Málum er síður en svo þannig háttað að ekki sé verið að endurskipuleggja öll viðbrögð við þeirri vá sem að kynni að steðja,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Björn segir að á þeim árum sem um ræðir hafi skipulega verið unnið að aðgerðum vegna snjóflóðavarna, eldgosa auk þess sem unnið hafi verið að viðbrögðum við aðsteðjandi hættu á höfuðborgarsvæðinu. helgat@frettabladid.is




TILBOÐIN GILDA TIL 18.7
3 ára
Afmælisveisla í
Europris
3 ára
1495-
SMÍÐAJÁRNSBLÓMAKASSI
3 tegundir - 100 cm
1290-
KOLAGRILL
Ø = 43 cm
ÖLL BÖRN FÁ GEFINS ÍSPINNA FRÁ emmessís
ÓTRÚLEGT VERÐ!
299-
COKE 2 L + PIZZA GRANDIOSA, 585 GR.
Veldu á milli Diet Coke og venjulegs!
Frá: 499-
Til: 950-
SILKIBLÓM
í pottl
ÓTRÚLEGT VERÐ!
10900-
MARKISA
3 x 2,5 m
Markisa 3,5 x 2,5 m 12.900-
Passar á öll hús. Stangir eru úr hvítlökkuðu áli. Einfaldur festibúnaður sem virkar bæði á vegg og þak. Litir: Hvítt / grænt / rautt eða hvítt / blátt.
PUMPA FYLGIR Í KAUPBÆTI!
9900-
26" REIÐHJÓL - 21 GÍRA
m / brettum og dempurum
svart / silfrað / blátt / rautt
ÓTRÚLEGT VERÐ!
12900-
VÍNKÆLIR
290 x 445 x 660 mm
Rafmagnsvínkælir
10-18°C
Fyrir 10 flöskur
Stafrænn skjár
695-
TJALDSTÓLL
m / burðarpoka
ÓTRÚLEGT VERÐ!
KJÖRIÐ Í BÚSTAÐINN
17900-
KLAKAVÉL
210 w
ÞARF EKKI AÐ TENGJA Í VATNSLEIÐSLU.
Afkastar 18 kg af klökum á dag.
3 mismunandi klakastærðir
ÓTRÚLEGT VERÐ!
13900-
TRAMPOLÍN
3,6 m. - stálgormar
Öryggisnet 11.900-
- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Austurvegi 69, Selfossi
Europris
OPIÐ 11 - 20
ALLA DAGA
Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl.
Vörur geta verið uppseldar.

„ORÐRÉTT“

*„Nú er ég algjörlega uppiskroppa með afsakanir.“*

KRISTJÁN FINNBOGASON, MARKVÖRÐUR OG FYRIRLIÐI KR Í MORGUNBLAÐINU.

*„Fólk kemur eða hringir og vill komast út á morgun.“*

HELGI JÓHANNSSON HJÁ SUMARFERÐUM Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær

# tilveran

MÁR ÁSGEIRSSON BORGARSTARFSMAÐUR JARÐSUNGINN Í DAG:

## Borgarlífið er fátækara



Már Ásgeirsson borgarstarfsmaður verður borinn til grafar í dag. Hann vann um árabil við hreinsunarstörf hjá borginni og sinnti störfum sínum af alúð og natni.

Már hafði áhuga á hlutabréfamarkaðnum og festi sér bréf í fjölmörgum fyrirtækjum, þó jafnan fyrir lágar fjárhæðir. Hann sótti hluthafafundi og varð sér úti um ársskýrslur fyrirtækja.

Már var líka áhugasamur um fótbolta og fylgdist með gangi mála á sparkvöllum á Íslandi og í Englandi. Þá safnaði hann bókum og átti gott safn rita af ýmsum toga.

Már fæddist á Ási í Ásahreppi í Rangárvallasýslu en fluttist fjögura ára til Reykjavíkur. Hann bjó lengst af í foreldrahúsum í Sólheimum en undir það síðasta í eigin íbúð í Ljósheimum.

Már var ekki allra og fór jafnan sínar eigin leiðir í lífinu. Hann setti mikinn svip á borgina og er mannlífið í Reykjavík fátækara eftir daga hans.

Már Ásgeirsson verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju klukkan eitt í dag.



**GLÍMT AÐ MONGÓLSKUM SIÐ** Nadam-hátíðin stendur yfir þessa dagana í borginni Ulaan Baatar í Mongólíu og er þar keppt í ýmsum greinum; meðal annars mongólskri glímu.

SJÓNARHÓLL
SÓLARLANDAFERÐIR ÍSLENDINGA



VALGERÐUR MATTHÍASDÓTTIR

## Fara ekki á hausinn

„Mér finnst þær bara mjög eðlilegar og í góðu lagi,“ segir Valgerður Matthíasdóttir, arkitekt og þáttastjórnandi, um aukinn áhuga Íslendinga á sólarlandaferðum. Fram kom í Fréttablaðinu í gær að ferðaskrifstofur hafi vart undan að taka við óskum fólks um að komast til sólarlanda og sé ástæðan helst sú að Íslendingar eru orðnir þreyttir á rigningunni undanfarið. Sjálfri finnst Valgerði svala veðrið á Íslandi gott og rigningin róandi. „Ég tími ekki að fara mikið út á sumrin og fer helst sem minnst, en skil vel að fólk vilji fá smá sólarglætu. Það er líka eðlilegt að fólk nýti sér þetta meira núna af því tilboðin eru orðin svo hagstæð. Þú kemst í svona ferðir án þess að fara á hausinn með fjölskylduna,“ segir Valgerður, sem sýnist einnig að fjárhagur fólks sé orðinn betri.

# Í loftinu í tíu tíma á dag

**Hallbjörn Hjartarson kúreki hefur rekið Útvarp Kántríbæ í þrettán ár. Hann glímdi við veikindi í vetur og hefur ekki náð fyrri styrk. Hallbjörn hefur hugsanlega gefið út sína síðustu plötu.**



**HALLBJÖRN HJARTARSON** „Ég hef aldrei haft heilbrigða skynsemi og verð bara að taka því.“

„Það er ótrúlegt að maður hafi staðið í þessu í öll þessi ár,“ segir Hallbjörn Hjartarson en þrettánda starfsár Útvarps Kántríbæjar er runnið upp.

Nýlega hlaut Hallbjörn 300.000 króna styrk úr Menningarsjóði Höfðahrepps og hyggst hann verja hluta peninganna í viðgerð og uppsetningu sendis í Skagafirði. Þar hafa útsendingar legið niðri í tæpt ár en skagfirskir kántríunnendur og ferðamenn eiga sumsé von á að ná Hallbirni innan tíðar.

Kúreki norðursins kom stöðinni á legg af miklum stórhug á sínum tíma og hefur staðið þar vaktina nánast sleitulaust síðan. Og það er setið lengi við í kántrýútvarpinu; vaktirnar standa í tíu tíma á virkum dögum að sumarlagi og einum tíma betur um helgar. Ögn hægist um á vetrum þegar Hallbjörn situr við hjóðnemann í átta tíma á dag.

„Ég er orðinn þreyttur á þessu en það þýðir ekkert að hugsa um það. Fyrst maður var svona vitlaus að fara út í þetta á sínum tíma er ekki annað að gera en að sitja við þar til orkuna þrýtur.“

Hallbjörn segir að engum heilvitamanni hefði dottið í hug að stofna og starfrækja kántríútvarpsstöð í Húnavatnssýslu og viðurkennir um leið eigin vankanta. „Ég hef aldrei haft heilbrigða skynsemi og verð bara að taka því,“ segir hann og hlær.

En fleiri mein en skynsemisskortur hrjá Hallbjörn. Hann veiktist af hastarlegri blóðeitrun fyrir ári og stríddi við hana fram í janúar. „Ég hef bara ekki jafnað mig almennilega síðan og náð mínum fyrri styrk.“

Fyrir vikið hefur tónlistarútgáfa setið á hakanum en kúrekinn ætlaði sér að gefa út plötu á árinu. Tvö ár eru liðin síðan Kötturinn Vúlli kom út og aðdáendur farið að lengja eftir nýjum lögum. „Ég veit ekki hvort mér tekst einhvern tíma að koma elleftu plötunni minni út. Ég er orðinn sjötugur og aðeins tíminn getur leitt í ljós hvað verður,“ segir Hallbjörn.

bjorn@frettabladid.is








**NÝ LEIÐ** Unnið er að flutningi strætóskýla þessa dagana en nýtt leiðarkerfi strætó tekur gildi laugardaginn 23. júlí.

Nýtt leiðarkerfi Strætó undirbúið:

## Hundruð stoppistöðva fluttar til

Færa þarf hundruð strætóskýla á milli staða vegna nýs leiðarkerfis Strætó sem tekið verður í gagnið laugardaginn 23. júlí.

Biðstöðvunum fækkar um nokkra tugi en eftir breytingarnar stoppar strætó á 792 stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Breytingarnar eru með misjöfnum hætti. Í sumum götum þarf aðeins að hnika skýlum um nokkra metra en í öðrum hættir vagninn einfaldlega að ganga. Á það til dæmis við um Sogaveginn þar sem tíu biðstöðvar voru rifnar upp í gær.

Biðstöðvar Strætó eru með margvíslegum hætti, líkt og farþegar vita. Við sumar eru myndarleg skýli, á öðrum eru fábrotnari skýli og á enn öðrum eru aðeins að finna áætlunarkerfið í töflu sem hengt er á ljósastaur.

Strætó hefur umsjón með 572 biðstöðvum en fyrirtækið AFA JCDecaux Ísland á og rekur 220 skýli. Þau þekkjast á gleri og græna litnum auk auglýsinganna sem prýða þau.

-bþs

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.1888 **-0,41%**

**Fjöldi viðskipta:** 180
**Velta:** 615 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TM** | +0,88% | **Atlantic Petroleum** | -11,04% |
| **TF Tækifæri** | +0,00% | **Hampiðjan** | -5,63% |
| **Vinnslustöðin** | +0,00% | **FL Group** | -3,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,10 -0,96% ... Bakkavör 38,30 +1,29%... Burðarás 16,00 +0,00%... FL Group 14,55 -3,00% ... Flaga 0,00% ...Grandi 0,00 ... Íslandsbanki 13,65 +0,00% ... Jarðboranir 0,00% ... KB banki 548 -0,36% ... Kögun 0 +0,00% ... Landsbankinn 17,30 +0,00% ... Marel 58,20 -0,68% ... SÍF 4,82 -0,62 ...Straumur 12,15 -0,41% ... Össur +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Vænir starfslokasamningar

**Verið er að skipta um stjórnendur hjá bandaríska bankanum Morgan Stanley. Starfslokasamningar hljóða upp á svimandi upphæðir.**



**HÖFUÐSTÖÐVAR MORGAN STANLEY Í NEW YORK** Ekki væsir um gamla stjórnendur bankans sem samið hafa um væna starfslokasamninga.

Stephen Crawford, annar tveggja forseta bandaríska bankans Morgan Stanley, er hættur störfum og fær að launum 2,4 milljarða króna starfslokasamning.

Crawford starfaði hjá Morgan Stanley í nítján ár og tók við embætti forseta í apríl á þessu ári. Morgan Stanley hefur gengið hrapallega undanfarin ár og hafa hlutabréf í bankanum hríðfallið síðustu sex mánuði.

John Mack tók nýverið við stjórnarformennsku hjá Morgan Stanley af Phillip Purcell, sem gagnrýndur hafði verið fyrir mikla óstjórn. Purcell fékk fyrir sinn snúð tæpa tíu milljarða við skiptin.

John Mack hefur hafið alhliða hreinsun á stjórnunarteymi bankans og var eitt af hans fyrstu verkum að láta Crawford fjúka. Hluthafar í bankanum segja starslokasamningana fáránlega en þó sé nauðsynlegt að hreinsa til í starfsliði bankans. „Þessir samningar eru algert hneyksli en engu síður tel ég að stjórn bankans sé nú í betri höndum,“ sagði David Katz, einn hluthafa. **-jsk**

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Íbúðalánasjóður** svaraði gagnrýni **Samtaka atvinnulífsins** opinberlega. **Samtök atvinnulífsins** höfðu lýst áhyggjum yfir þeim áhrifum sem uppgreiðslur í húsbréfakerfinu geti haft á efnahag og eigið fé **Íbúðalánasjóðs.**

**Kaupthing Holdings UK** hefur borist samþykki frá fjármálaeftirlitinu í Bretlandi fyrir kaupum á og yfirráðum yfir **Singer & Friedlander**. Skilyrði tilboðsins hafa nú verið uppfyllt að öllu leyti.

Atvinnuleysi í júní mældist 2,1 prósent og minnkaði um eitt prósentustig frá því í maí samkvæmt nýrri skýrslu **Vinnumálastofnunar.**

**KB banki** bætti við sig 0,2 prósentum í **Mosaic Fashions** og á nú 10,1 prósent í félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




**ÚTSÖLUR** Vísitala neysluverðs lækkaði minna en gert var ráð fyrir í júlí.

# Lítil hækkun neysluverðs

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,12 prósent í júlí, kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Spár greiningardeilda bankanna gerðu ráð fyrir hækkun upp á 0,3 til 0,5 prósent.

Greiningardeild Íslandsbanka segir spáskekkjuna skýrast af miklum verðlækkunum á útsölum, auk minni hækkana á húsnæðisverði en reiknað var með, þá hækkaði matvöruverð minna en gert var ráð fyrir.

Eldsneytisverð hækkaði verulega í mánuðinum og þá hafði aflagning þungaskatts mikil áhrif á hækkun vísitölunnar líkt og gengið var út frá. **-jsk**

# GM blæs til sóknar í Kína

Bandaríski bílarisinn General Motors (GM) hefur tilkynnt um mikla söluaukningu á bílum fyrirtækisins í Kína og sækir nú hart að Volkswagen sem hingað til hefur haft talsverða yfirburði á bílamarkaði í Kína.

GM seldi tæplega 309 þúsund bíla í Kína á fyrri helmingi ársins 2005 og er það 18,9 prósent aukning frá fyrra ári. Markaðshlutdeild fyrirtækisins á Kínamarkaði er nú 10,9 prósent. Hlutdeild Volkswagen hefur minnkað úr rúmum fjórðungi í fimmtán prósent.

„Kína er nú næststærsti markaður okkar á eftir Bandaríkjunum,“ sagði Kevin Wade, yfirmaður GM í Kína. **-jsk**




# Hitabylgja veldur söluaukningu

Smásala í Bandaríkjunum jókst í júní og hefur ekki verið meiri svo mánuðum skiptir. Miklir hitar geysuðu í Bandaríkjunum í júní og var fólk duglegt við að versla sumarföt og viftur enda veitti ekki af í góða veðrinu.

Smásölurisinn Wal Mart tilkynnti um breytta afkomuspá fyrir árið í kjölfar söluaukningar hjá fyrirtækinu og er nú spáð 4,5 prósenta veltuaukningu árið 2005. Gamla spáin hljóðaði upp á rúmlega tveggja prósenta aukningu.

„Það er mikil neysla enda hagkerfið í þokkalegu standi. Góða veðrið spillir svo ekki fyrir, neytendur versla sem aldrei fyrr,“ sagði Todd Jones hjá ráðgjafafyrirtækinu PNC. **- jsk**




**HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA AF MANNFJÖLDA Á ÍSLANDI**

| Ár | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| 1998 | 6.521 | 2,4% |
| 2000 | 8.824 | 3,1% |
| 2002 | 10.221 | 3,5% |
| 2204 | 10.636 | 3,6% |

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: HELLA

## Alþjóðlegur landbúnaðarbær

Á Hellu eru skráðir áttatíu útlendingar frá tuttugu löndum en fjölmargir aðrir útlendingar tengjast bænum og aðrir hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt. Bærinn er fyrir löngu orðinn fjölmenningarbær en hvers konar bær er Hella að öðru leyti?

**Hvernig er byggðarþróunin á Hellu?**
Byggð á Hellu má rekja til ársins 1927 en þá kom Þorsteinn Björnsson þar á fót verslun og var þar með lagður grunnurinn að nýju kauptúni. Fyrstu árin þróaðist byggðin frekar hægt en árið 1947 voru fjórtán íbúðarhús á staðnum og íbúarnir fimmtíu að tölu. Næstu áratugi á eftir fjölgaði íbúum hins vegar ört og árið 1977 voru þeir orðnir fimmhundruð talsins. Í dag eru íbúarnir um sjöhundruð.



**Á hverju byggir byggðin á Hellu?**
Segja má að Hella sé sprottinn upp úr þjónustu við landbúnað sem enn er burðarstólpi bæjarins. Þar eru nú fjölmörg landbúnaðarfyrirtæki. Hella er einnig máttug þjónustumiðstöð og þar eru margar opinberar stofnanir. Burðug iðnaðarfyrirtæki eru í bænum eins og blikksmiðja, glerverksmiðja og trésmíðafyrirtæki. Ferðaiðnaður er þó sú grein sem er í hvað örustum vexti.

**Hvað einkennir sögu Hellu?**
Hella hefur ekki farið varhluta af náttúruhamförum en jarðskjálftar hafa að minnsta kosti tvisvar sinnum skekið bæinn. Árið 1947 þegar Heklugos hófst skalf jörðin þar þegar fjögurra kílómetra löng gjá opnaðist. Árið 2000 reið svo suðurlandsskjálfti yfir með miklum skemmdum. Til dæmis hefur samkomusalur félagsheimilisins ekki verið nothæfur síðan.

**SPURT & SVARAÐ**
ERLENT VERKAFÓLK



SIGURÐUR ÁRNI GEIRSSON
verkstjóri

### Kurteisari en Íslendingar

Við kjúklingasláturhúsði á Hellu hafa erlendir starfsmenn löngum sett svip sinn á vinnustaðinn. Nú starfar þar fólk frá Suður-Ameríku, Asíu, Austur-Evrópu en Íslendingar eru þó í meirihluta á þessum sextíu manna vinnustað.

**Eru erlendu starfsmennirnir betri en þeir íslensku?** Að mörgu leyti. Sumir hverjir eru til dæmis agaðri og kurteisari en Íslendingum hættir til að vera.

**Hvað er best við að vinna á fjölmenningarlegum stað?** Það er mjög gaman að kynnast háttum þeirra sem hér eru enda komnir víða að. Svo er ekki slæmt að vinna með fólki sem er sérlega jákvætt í öllu viðmóti og er brosandi og hlæjandi nánast allan daginn. Þetta á sérstaklega við um Tælendingana sem eru sérlega kurteisir og jákvæðir.








**EDUARDO, VERONICA OG RODOLFO** Eduardo kom fyrst hingað til lands með sirkusi sem hann vann við. Veronica og fjölskylda hafa samlagast íslensku samfélagi mjög vel.



**INGÓLFUR OG SIGURBORG** Sigurborg er fyrir löngu orðin alvöru Íslendingur, meira að segja svo að Ingólfi bónda hennar finnst nóg um hvað hún er ötul við súrmetisát á þorrablótum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fjölmenningarsamfélagið Hella de Islandia

**Íbúar á Hellu hafa ekki farið varhluta af fjölmenningunni því þar hefur samfélag Chilebúa sett mark sitt á bæjarlífið í meira en áratug. Einnig fjölgar þar fólki af öðru þjóðerni enda gott atvinnuástand á staðnum. Íbúi af suður-amerískum uppruna segist vera alvöru Íslendingur með öllu sem því fylgir.**

Þó aðeins séu fimmtán Chilebúar skráðir íbúar á Hellu er samfélagið mun stærra. Fjölmargir hafa fært sig um set og búa nú á Hvolsvelli en eru í góðum tengslum við granna sína og landa á Hellu. Að sögn Veronicu Solar er nú von á þremur chileskum fjölskyldum frá Reykjavík þar sem þau freistuðu gæfunnar en hyggjast nú snúa aftur til Hellu. Nokkrir hafa fengið íslenskt ríkisfang og eru skráðir sem slíkir og margir afkomendanna eru íslenskir ríkisborgarar. Það er ekki fjarri lagi að um fimmtíu manns af chileskum uppruna tilheyri



**FRÉTTASKÝRING**
FJÖLMENNINGARSAMFÉLAGIÐ Á HELLU

**JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
BLAÐAMAÐUR

þessu samfélagi auk þess sem spænskumælandi fólk víða að leitar í félagsskap þess. Síðast en ekki síst ber svo að geta þess að fjölmargir Íslendingar hafa bundist fjölskyldubönd um við þessa langtaðkomnu-landa okkar. Það má því segja að samfélagið þarna sé ákaflega blandað og eykur mjög á blæbrigði mannlífsins á Hellu, og nú á síðari árum einnig Hvolsvelli.

**Íslendingar hjálpsamir en lokaðir**
Veronica kom frá Chile ásamt eiginmanni sínum Rodolfo árið 1991 og nú una þau hag sínum hið besta á Hellu. Eins og flestir sem til Íslands koma verður Veronica að svara því hvernig hún kunni við land og þjóð. „Íslendingar eru frábærir og hér er rólegt og mjög gott að vera,“ segir hún. „Stundum kemur reyndar fyrir að okkur leiðist hérna en við rúm alin upp við það að geta alltaf hitt fólk á förnum vegi eða spjallað á kaffihúsum eða hvar sem maður kemur. Í Chile er oft svo heitt að fólk unir ekki inni og því er mannlífið oftast mjög líflegt en því er ekki alltaf að heilsa hér. En Íslendingar eru mjög hjálpsamir og hafa tekið okkur alveg sérstaklega vel og alltaf verið boðnir og búnir að gera allt fyrir okkur. Hins vegar eru þeir dálítið mikið til baka og svolítið lokaðir en það breytist þegar maður hittir þá á góðri stundu en Íslendingar eiga það sameiginlegt með Chilebúum að þeir gera sér glaðan dag af minnsta tilefni,“ segir Veronica og hlær.

**Alvöru Íslendingar af suður- amerískum uppruna**
Chynthia Viviana Sepulveda Benner eða Sigurborg Karlsdóttir eins og hún heitir samkvæmt íslenskum lögum hefur búið á Hellu frá árinu 1990 og hún er alsæl ásamt eiginmanni sínum Ingólfi Rögnvaldssyni. Hún er mágkona Veronicu og jafnframt fyrsti Chilebúinn sem fluttist í bæinn en hún kom í myrkum og köldum demembermánuði og leist ekkert á blikuna. „Það var bara þunglyndi til að byrja með,“ segir hún og hrís greinilega hugur við endurminninguni. „Sem betur fer kunni ég sænsku og gat aðeins spjallað við lækninn í bænum sem einnig var sænskumælandi en þar fyrir utan var ekki margt annað sem ég gat gert. Og þegar fór að snjóa fór ég bara að gráta.“

En mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og Sigurborg kann nú á flestum hlutum skil. „Ég er orðin alvöru Íslendingur þó ég sé jafnframt stolt af uppruna mínum. Og sömu sögu er að segja af flestum Chilebúunum sem hér búa. Við eru manna fyrst til að mæta á þorrablótin og borðum manna mest af súrmetinu og skolum því niður með brennivíni að innlendum sið. Við lifum eftir íslenska lífsstílnum; kaupum bíla og hús og skuldum stórpening eins og flestir Íslendingar. Og að sjálfsögðu erum við jafn sólgin í sólarlandaferðir og allir aðrir, nú eru til dæmis systur mínar sem búa hér á Hellu og fjölskyldur þeirra að spóka sig á Benidorm eins og margir Íslendingar gera árlega. Börnin okkar eru svo ekkert öðruvísi en önnur börn enda fædd hér og mörg eiga innfætt foreldri. Þau hafa kannski aðeins dekkri húðlit en félagar sínir en það er allt og sumt.“



**KUALLAYANEE OG SOMBAT** Tælendingum fjölgar ört á Hellu enda hafa þeir getið sér þar gott orð fyrir jákvætt viðmót og öguð vinnubrögð. Chilebúum sem rætt var við fannst þeir þó mega vera duglegri við að taka þátt í því sem er að gerast í mannlífinu á staðnum.

**Una hag sínum vel**
Eduardo Correa er frá Kólumbíu en hann kynntist Íslandi þegar hann kom hingað tvívegis með spænskum sirkusi sem hann vann í. Hann bjó í Keflavík frá 1991 en fluttist til Hellu í fyrra og kann vel við sig í þessu spænskumælandi samfélagi þar sem honum hefur verið tekið opnum örmum.

Veronica samstarfsmaður Eduardo hefur unnið í fimmtán ár hjá Holta kjúklingum og ber hin vinnustaðnum vel söguna. „Hér er fínt að vinna og maðurinn minn sem vinnur í sláturhúsinu er bara nokkuð sæll,“ segir Veronica. „Ég fæ yfirleitt um hundrað og tuttugu þúsund útborgað þegar búið að taka allt af, inni í því eru þá yfirleitt um tíu tímar í yfirvinnu. Svo vinnur Rodolfo, karlinn minn, á veitingastað um helgar svo við höfum það nokkuð gott. Þetta eru kannski ekki svo há laun miðað við það sem gengur og gerist hér á Íslandi en þetta er mun meira en við ættum möguleika á að hafa í Chile.“ ■

# NIVEA

## *Hársnyrtivörur*




**NIVEA SUN PROTECTION SPREY**
Gefur hári þínu sérstaka umönnun og vernd sem þróuð er með þekkingu frá NIVEA SUN.

Formúla með UV-síu verndar hárið frá því að þorna vegna sólar, salts eða klórvatns. Viðheldur náttúrulegu rakajafnvægi hársins. Þyngir hárið ekki.

**NIVEA After Sun Sjampó og NIVEA After Sun hárnæring** innihalda mikilvæg efni frá NIVEA SUN sem vernda hárið frá sól, salti eða klór. Þessi ástríka formúla sem er auðug af jojobaolíu og E-vítamíni varnar því að hárið of þorni vegna sólar.

Hárnæringin jafnar á nærfærin hátt yfirborð hársins og endurbyggir innri uppbyggingu þess sannanlega. Viðheldur náttúrulegu rakastigi hársins, glans þess og teygjanleika.

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Tuttugu og tvær láglaunakonur úti í kuldanum hjá Reykjavíkurborg.

## Er þetta þá félagshyggjan?

Gæsluvellir barna í Reykjavík sem í eina tíð iðuðu af lífi og fjöri allan daginn eru nú að syngja sitt síðasta. Eðlileg þróun, því leikskólarnir, sem bjóða upp á meiri þjónustu, hafa tekið við hlutverki þeirra. Síðustu gæsluvöllunum verður lokað nú í sumarlok og þá þurfa tuttugu og tveir starfsmenn þeirra að finna sér aðra vinnu. Ætla mætti að hjá jafn stóru og öflugu sveitarfélagi og Reykjavíkurborg væri ekki flókið verkefni að leysa atvinnumál þessa fólks eða semja við það um eðlilegar starfsloksgreiðslur þar sem tekið væri tillit til aldurs þeirra og framtíðarmöguleika á vinnumarkaði.

*Nú er komið í ljós að R-listinn, sem gerir tilkall til valda í höfuðborginni í nafni félagslegra sjónarmiða, hefur ákveðið að losa sig við starfsmennina án starfslokasamninga og án skuldbindinga um önnur störf. Þetta er áfall fyrir starfsfólkið sem taldi sig hafa loforð um annað frá stjórnendum borgarinnar. En þetta er greinilega líka áfall fyirr þá sem trúðu á félagshyggju R-listans.*

Nú er komið í ljós að R-listinn, sem gerir tilkall til valda í höfuðborginni í nafni félagslegra sjónarmiða, hefur ákveðið að losa sig við starfsmennina án starfslokasamninga og án skuldbindinga um önnur störf. Þetta er áfall fyrir starfsfólkið sem taldi sig hafa loforð um annað frá stjórnendum borgarinnar. En þetta er greinilega líka áfall fyrir þá sem trúðu á félagshyggju R-listans. Þannig segir Össur Skarphéðinsson fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar á vefsíðu sinni í gær:

„Hér er vont mál á ferðinni. Ég sem jafnaðarmaður ætlast til þess að Sjálfstæðisflokkurinn kæmi ekki svona fram við starfsfólk Reykjavíkurborgar væri hann við völd og fráleitt að við sem styðjum R-listann sættum okkur við það af hans hálfu. Annað hvort er höfuðmisskilningur á ferðinni í fréttaflutningi eða Reykjavíkurlistinn er hér að gera slæm mistök sem verður að leiðrétta. Starfslokasamningar eru ekki bara fyrir ríka forstjóra. Stjórnmálamenn verða að standa við sín orð. Við jafnaðarmenn verðum að praktísera í verki það sem við prédikum í orði".

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa einnig gagnrýnt vinnubrögð borgarstjórnar í þessu máli. Þeir benda á að hér er um að ræða konur í láglaunastörfum, sem flestar eru á miðjum aldri og eiga að baki áratuga starf á gæsluvöllum í þágu yngstu borgaranna.

Allir hljóta að átta sig á því að ekki er auðvelt fyrir konur á miðjum aldri með jafn sérhæfðan starfsferil og um hefur verið að ræða á gæsluvöllunum, að fá vinnu við hæfi á þeim skamma tíma sem er til stefnu. Aðstoð borgarinnar þarf að koma til með einum eða öðrum hætti.

Æðstu stjórnendur borgarinnar hafa að undanförnu setið á leynifundum þar sem braskað er með völd, stöður og bitlinga í tengslum við framboð til borgarstjórnar að ári. Nú þegar gert hefur verið hlé á þeim fundahöldum ættu þeir að gefa sér tíma til að líta á veruleikann í kringum sig. Framkoman við gæslukonurnar er ósæmileg. Borgaryfirvöld eiga að standa við loforð sín og ljúka þessu máli með þeim hætti að starfsfólkið ljúki ferli sinum með reisn og finni að störf þeirra í þágu barnanna í borginni eru metin að verðleikum. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Paranoja

Össur Skarphéðinsson segir á vefsíðu sinni í gær: „Allir almennilegir stjórnmálamenn lenda í því að verða gripnir af þeirri tilfinningu að fjölmiðlarnir ofsæki þá. Paranoja af því tagi er fullkomlega eðlilegt stig í þroskaferli stjórnmálamanna sem komast skyndilega að því að kjósendur eru ekki eins og pabbi sem elskar takmarkalaust og endalaust án skilyrða. Í þeirri stöðu er þægilegast að kenna fjölmiðlunum um."



### Varanlegt ástand

Össur víkur síðan að sérstöðu Framsóknarflokksins í þessum efnum. Segir að þar sé „paranoja gagnvart fjölmiðlum ekki tímabundið heldur varanlegt ástand. Mér fannst þetta dæmigerð pólitísk paranoja þangað til ég horfði á fréttir ríkissjónvarpsins tvö kvöld í röð. Þá steinlá það í augum uppi að það er hárrétt hjá Framsóknarflokknum að hann er ofsóttur af fjölmiðlunum. Fyrra kvöldið var viðtal við formann Sjálfstæðisflokksins um varnarviðræður við Bandaríkin og þulurinn hóf mál sitt því að segja í lok viðtalsins: „Rætt var við Davíð Oddsson, forsætisráðherra...." Í kvöld var svo önnur „frétt" af formanni Framsóknarflokksins og Koizumi kollega hans í Japan þar sem fréttamaðurinn hélt niðurlægingunni áfram með því að segja: „Rætt var við Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra..."

### Meðvitað

Ályktunin af þessu er augljós, segir Össur: „Af þessu má ljóst vera að bölvaðir dónarnir á Ríkissjónvarpinu eru meðvitað búnir að telja fólkinu trú um að Halldór Ásgrímsson sé ekki forsætisráðherra heldur sé Davíð enn þá hinn raunverulegi hershöfðingi ríkisstjórnarinnar. Verst er þó að öll háttsemi Halldórs upp á síðkastið bendir sterklega til að hann sé farinn að trúa síbyljunni sjálfur og sé búinn að missa alla trú á sjálfum sér sem forsætisráðherra."

gm@frettabladid.is

## Lygar og launung

Í kjölfar hryðjuverka í nágrannalöndum okkar smjúga klisjukenndar staðhæfingar inn um augu okkar og eyru: „Atlaga að vestrænum gildum, árás á okkar opna þjóðfélag og starfshætti hins frjálsa markaðar, tilræði öfgasinnaðra trúarofstækismanna við lýðræðið." Það er því ómaksins vert að staldra við um stund og kanna hverjir eru hornsteinarnir undir samfélagi okkar, lýðræðinu og hinum frjálsa markaði.

Til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir, verið meðábyrg um stjórn landsins og varið fé okkar með skynsamlegum hætti þurfum við að hafa greiðan aðgang að sönnum upplýsingum um gang mála og við verðum að geta treyst þeim, sem við um stundarsakir höfum falið stjórn landsins eða við höfum afhent fjármagn okkar til að ávaxta það í fyrirtækjum heima eða erlendis. Hornsteinar þessa opna samfélags okkar eru með öðrum orðum: Sannleikur og traust. Og það eru ekki öfgasinnaðir trúarofstækismenn, sem eru óðast að grafa undan þessum hornsteinum með viðbjóðslegum árásum sínum á varnarlaust fólk. Það eru okkar eigin stjórnmálamenn og viðskiptajöfrar sem með daglegum gerðum sínum og framkomu mitt á meðal okkar, þögn og launung, lygi og blekkingum, uppspuna, hálfsannleika og útúrsnúningi eru að sá fræjum tortryggni og vantrausts, sem gætu orðið til að gera út af við lýðræðislegt og opið markaðsþjóðfélag.

Nýlega áskotnaðist mér bókin The Rise of Political Lying, eða Uppgangur hinna pólitísku lyga. Höfundur hennar er Peter Oborne pólitískur ritstjóri breska stjórnmálatímaritsins Spectator. Þar rekur hann þróun pólitískra lyga og blekkinga í Bretlandi hin síðustu ár, í stjórnartíð Margrétar Thatchers og Tonys Blair. Hann staðhæfir að opinberar yfirlýsingar stjórnvalda byggist ekki lengur á fyrirliggjandi staðreyndum heldur miðist við þau áhrif, sem þeim er ætlað að hafa. Veruleikanum og pólitískum frásögnum af honum er hagrætt til samræmis við tilganginn hverju sinni.

Þetta er nýtt, segir Oborne. Lygarar hafi að vísu áður komist í ríkisstjórnir og flestir stjórnmálamenn blekkja hver annan og almenning öðru hvoru. En á síðustu árum hafa lygar og blekkingar hætt að teljast afbrigðilegar og orðið fastur þáttur í breska stjórnkerfinu (eins og hinu bandaríska). Þessi þróun byrjaði undir Thatcher og hefur tvíeflst í höndum Tonys Blair og spunameistara hans.

**Í DAG**
UM SPUNAMEISTARA



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Um leið og málflutningur ríkisstjórna fer að byggjast á ósannindum, þá missir öll almenn stjórnmálaumræða marks. Við erum meðhöndluð eins og óvitar.*

Á sama tíma hafa viðurlög verið stórlega hert, einkum þó í Bandaríkjunum, gegn hvers konar lygum, blekkingum, svikum og svindli í viðskiptum á hinum frjálsa markaði; hver hvítflibbakrimminn á fætur öðrum er sakfelldur og dæmdur til áratuga fangelsisvistar. Með þessu hefur traust almennings á starfsemi fjármálamannanna í City og í Wall Street verið endurreist eftir hvern skandalann á fætur öðrum á lokaárum síðustu aldar.

Ímyndum okkur að hlutafélag afli sér fjár með útboði á almennum hlutafjármarkaði. Ímyndum okkur að skömmu eftir útboðið komi í ljós að allt sem sagt var í kynningarbæklingi félagsins hafi verið haugalygi, eignirnar sem grobbað var af ekki verið til staðar og sjóðflæðið alger tilbúningur. Það er auðvelt að sjá að í slíku tilfelli yrði brugðist hart við. Fjölmiðlar, stjórnmálamenn og almenningur myndu í einum kór fordæma spillingu fjármálajöfranna, heimta opinbera rannsókn og stórhert viðurlög við fjármálaglæpum. Samt væri þarna aðeins um glataða fjármuni að ræða. Þegar stjórnmálamenn ljúga, draga okkur til dæmis út í stríð á fölskum forsendum, eins og í Íraksmálinu, er um tugi þúsunda mannslífa að tefla. Hvers vegna ættum við þá að taka vægar á pólitískum lygum en viðskiptalygum?

Bretar hafa reyndar sett ráðherrum sínum strangar reglur. Í fyrsta kafla í reglugerð um ráðherraábyrgð segir að það hafi grundvallarþýðingu, að ráðherrar gefi þinginu nákvæmar upplýsingar og sannleikanum samkvæmar, og leiðrétti við fyrsta tækifæri hverja þá missögn, sem kann að slæðist inn í málflutning þeirra fyrir gáleysi. Hví skyldu löngu liðnir forystumenn breska þingsins hafa lagt á þetta slíka ofuráherslu?

Vegna þess, eins og Oborne segir, að um leið og málflutningur ríkisstjórna fer að byggjast á ósannindum, þá missir öll almenn stjórnmálaumræða marks. Við erum meðhöndluð eins og óvitar. Okkur er ekki gert kleift að byggja ákvarðanir okkar á skynsemi og veita upplýst samþykki við ákvörðunum stjórnvalda. Og um leið og almenningur hefur gert sér grein fyrir að hann er bara ómerkilegur leiksoppur í augum stjórnmálamannanna og er hafður að ginningarfífli í pólitískum hráskinnsleik finnst honum réttilega sem hann hafi verið blekktur og svikinn. Hann missir allt traust á þeim og verður ónæmur fyrir fullyrðingum þeirra í framtíðinni. Oborne nefnir Íraksmálið sem dæmi. Hefði Tony Blair sagt breskum almenningi opinskátt, að markmið hans í Írak væri að hrekja Saddam Hussein frá völdum og skipta um stjórn og stjórnarhætti þar, væri vel hugsanlegt að fólkið hefði fylgt honum. En afleiðingin af blekkingum stjórnvalda verður djúpstæð og langvarandi tortryggni, sem mun gera hverjum þeim leiðtoga erfitt fyrir í framtíðinni, sem vill fylkja þjóðinni á bak við sig sér til átaka.

Þetta ættu íslenskir stjórnmálaleiðtogar og viðskiptajöfrar líka að hafa í huga þessa dagana. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# allt

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.35 | 13.33 | 23.30 |
| AKUREYRI | 2.47 | 13.18 | 23.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

**brúðkaup**
Demantshvítir kjólar
BLS. 6



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is**

*Góðan dag!*
**Í dag er miðvikudagur 13. júlí, 194. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**


Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar


**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar fólk er búið að ríða út í allan vetur eins og Unnur Sigurþórsdóttir hestakona þarf það engan sérstakan undirbúning fyrir lengri hestaferðir.

# Hestarnir fluttir í kerrum með Herjólfi

***Unnur Sigurþórsdóttir, starfsmaður Húsdýragarðsins, hefur að eigin sögn riðið út síðan hún fæddist. Hún fór í tvær lengri hestaferðir í sumar og auk þess í þriggja daga útreiðaferð til Vestmannaeyja í vor.***

„Fyrst fór ég frá Reykjavík vestur í Borgarfjörð og svo fór ég frá Borgarfirði og góðan hring í Dölunum,“ segir Unnur aðspurð um hestaferðir sumarsins. Fyrri ferðin hennar var einungis þriggja daga ferð en sú seinni stóð í viku.

Hún er búin að ríða út síðan hún fæddist en er tiltölulega ný byrjuð að fara í svona lengri ferðir. „Þetta er svona sami kjarninn sem ég fer alltaf með. Ég er svo heppin að hafa pabba minn með í þessu þannig það er góður hópur með og vinkonur mínar líka. Maður verður að passa sig að hafa hópinn ekki of stóran. Það er fínt að hafa svona fimmtán manns, algjört hámark, því annars eru hestarnir orðnir of margir.“

Að sögn Unnar felst undirbúningur fyrir hestaferð aðallega í því að undirbúa hestana, passa að þeir séu í góðu líkamlegu formi og vel járnaðir. Aðspurð um hvort hestafólkið þurfi ekkert að undirbúa sig líka segir Unnur að svo sé ekki, „ekki þegar maður er búinn að ríða út í allan vetur.“

Unnur fór einnig við fjórtánda mann í þriggja daga útreiðaferð til Vestmannaeyja í vor. Hestarnir voru fluttir í hestakerrum með ferjunni Herjólfi og segir Unnur að ekki hafi verið að sjá á þeim að þeir hefðu farið í langa skipsferð. „Áhöfnin í Herjólfi var svo almennileg við okkur að hleypa okkur niður reglulega að tékka á hestunum og keyrði loftræstinguna á fullt sem annars er ekki.“ Ferðin heppnaðist að hennar sögn frábærlega vel. „Þetta er eitthvað sem allir verða að prófa.“

Unnur segist ekki vera með aðrar hestaferðir á dagskránni í sumar en aldrei að vita hvað gerist. „Ef maður dettur inn á eitthvað skemmtilegt þá lætur maður sig nú hafa það.“

*annat@frettabladid.is*

# McDonalds leitar að fatahönnuði

***McDonalds skyndibitakeðjan er ekki þekkt fyrir mjög flotta starfsmannabúninga en nú gæti orðið breyting þar á.***

Skyndibitarisinn McDonalds leitar að toppfatahönnuði til að hanna smart og töff starfsmannabúninga fyrir starfsmenn sína í Bandaríkjunum.

Talsmenn skyndibitakeðjunnar, sem er sú stærsta í Bandaríkjunum, segja að Tommy Hilfiger og Sean „P. Diddy“ Combs séu meðal hönnuða sem McDonalds hefur augastað á fyrir verkefnið. Aðrir sem gætu hreppt hnossið eru Russell Simmons, Ralph Lauren og Giorgio Armani.

Búningar McDonalds eru mismunandi eftir löndum. Þeir algengustu eru hvít skyrta, dökkar pólíester buxur og belti.



Sean „P .Diddy“ Combs hefur getið sér gott orð í tískubransanum og gæti fengið að hanna McDonalds-búningana.

## LIGGUR Í LOFTINU
*í ferðum*

**Hreindýratarfaveiði** hefst frá og með fimmtánda júlí á öllum veiðisvæðum. Þetta kemur fram á vef Hreindýraráðs Íslands. Fram til fyrsta ágúst má þó ekki veiða tarfa sem eru í fylgd með kúm eða ef er talið að veiðar trufli kýr og kálfa í sumarhögum. Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og tarfaveiði því miðuð við tarfa sem eru eldri en tveggja vetra.



**Seltjörn** á Reykjarnesi eykur þjónustu sína við veiðimenn en framkvæmdum á veiðihúsi lýkur senn. Verið er að klára frágang á húsinu. Það er 65 fermetrar að stærð og hýsir veiðileyfa- og veitingasölu. Veiði við vatnið hefur gengið vel en áætluð veiði það sem af er sumri eru 1.500 urriðar og 200 bleikjur en mest af fiskunum er sleppt aftur.



**Hornafjörður** er vinsæll áfangastaður ferðamanna en fram kemur á vefnum hornafjordur.is að miklu fleiri ferðamenn gistu á svæðinu nú í júní en í fyrra. Munar þar helst um mikla aukningu á Íslendingum en hún nemur 78 prósentum á tjaldstæðinu á Höfn í Hornafirði. Einnig kemur fram á vefnum að langflestir Íslendingana séu á húsbílum eða með hjól- eða fellihýsi í eftirdragi.

**Eldmessumótið** í golfi verður haldið í Efri-Vík á laugardaginn og er um að ræða opið punktamót með og án forgjafar. Leiknar verða átján holur í karla- og kvennaflokki og hefst mótið klukkan tíu að morgni. Efri-Vík er við Kirkjubæjarklaustur og er mótsgjaldið tvö þúsund krónur í fullorðinsflokkum en þúsund krónur í unglingaflokki.

*ferdir@frettabladid.is*




**Áttaviti**
Skátarnir bjóða reglulega upp á námskeið fyrir almenning þar sem þeir kenna fólki að nota áttavita. Sú þekking er nauðsynleg fyrir þá sem ferðast mikið um landið, sérstaklega þá sem fara mikið í göngur.





Margt var við opnun trjásafnsins.

# Eplatré og alvöru Íslendingar

***Í síðustu viku var trjásafn opnað í Skógræktarstöðinni Ölri sem er landi Sólheima í Grímsnesi. 48 tegundir trjáa eru nú í safninu og inn á milli venjulegra skógræktartegunda má finna sjaldséðari tré.***

„Það eru 48 tegundir í safninu núna og við getum stækkað það um helming. Eins og safnið er í dag þá erum við með allar helstu tegundir sem notaðar eru í skógrækt á Íslandi,“ segir Jónas Vignir Grétarsson, forstöðumaður Skógræktarstöðvarinnar Ölurs í Sólheimum. Í safninu eru líka sjaldséðari plöntur, skrautfjaðrir, og má þar nefna Blábeyki, Hrossakastaníu, Snæreyni og eplatré.

Hvert tré merkt með nafni tegundarinnar, heiti hennar á latínu og upprunalandi tegundarinnar. Jónas Vignir segir að starfsmenn Skógræktarstöðvarinnar séu einnig til staðar ef frekari spurningar vakna þegar fólk gengur um safnið.

„Af þessum tegundum eru 24 Íslendingar en það eru tré kölluð sem hafa vaxið upp af fræi sem myndaðist hér á landi,“ segir Jónas Vignir. Íslendingarnir geta þá átt uppruna sinn annars staðar, en í safninu eru fjórar tegundir sem eru alíslenskar. „Það er blæösp úr Egilsstaðaskógi, ilmbjörk úr Bæjarstað og svo höfum við strandavíði sem er klónn af íslenskum gulvíði af ströndunum og ilmreyni sem er af fræi úr Múlakoti en upphaflega úr Nauthúsagili í Þórsmörk.“

Mikið hefur verið vandað til safnsins og er byggt á reynslu og hugmyndum Jónasar Vignis sem hefur unnið að því að koma því upp um langt skeið. Um trjáreitinn liggja kurlstígar og við innganginn er hlið úr greni sem óx í Haukadalnum. Að sögn Jónasar Vignis er reiturinn bæði hugsaður fyrir almenning til skemmtunar og fræðslu en gæti einnig nýst fólki sem hefur sérþekkingu á sviði skógræktar eins og nemendur í Garðyrkjuskóla ríkisins.

*annat@frettabladid.is*



Mikið hefur verið vandað til safnsins.



Hvert tré er merkt með heiti tegundar.


## Árni Heiðar ehf. - Raufarhöfn

Alhliða flutningafyrirtæki
er með kæli og frysti kassa

Geri föst tilboð í stóran
og smáan flutning.
Góð þjónusta.
**Sími 894-5275**



**Gistiheimilið Dagsbrún**
Túnbraut 1-3
545 Skagaströnd
sími 4522730
**www.dagsbrun.is**
Notaleg gisting í fallegu umhverfi.

**Seyðisfjörður**
Einungis 20 mín. akstur frá Egilsstöðum
Listahátíðin Á Seyði
Viðburðir allt sumarið
Einstök náttúra, menningarminjar
við hvert fótmál og fjölbreytt þjónusta
við ferðamenn.
www.seydisfjordur.is

## Gönguferðir að Fjallabaki

**Nokkur sæti laus vegna forfalla í okkar vinsælu gönguleiðir að Fjallabaki í júlí:**
**–Langisjór – Sveinstindur – Skælingar**
**– Strútsstígur**

**Bottfarardagar**
14. júlí, 15. júlí, 21. júlí og 28. júlí

ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

**Gisting í herbergjum með handlaugum og "svítu-íbúð".**
**"Heimili að heiman"**
**"Kaffi-krá og kræsingar".**
**Velkomin vestur!**
**Gistiheimili Áslaugar og Faktorshúsið í Hæstakaupstað, Ísafirði.**
www.randburg.com/is/aslaug símar:
456-3868 og 899-0742



VIÐ ERUM ALLTAF NÁLÆGT
16 HÓTEL
ALLAN
HRINGINN

Verð frá aðeins
3.400 kr.
nóttin á mann

Allar nánari upplýsingar:
www.hoteledda.is
Sími 444 4000



Sæferðir
Vertu til....... Ævintýraheimur Sæferða

Hjá Sæferðum er boðið upp á úrval ferða og afþreyingar í Stykkishólmi og nágrenni.

Upplifðu ævintýraheim Breiðafjarðar

- Ferjan Baldur og Flatey
- Sjóstöng og sæferðir
- Stórhvalaskoðun frá Ólafsvík
- Siglingar frá Arnarstapa
- Dorgveiði
- Golf
- Hjólaleiga
- Jöklaferðir
- Hestaleiga
...og ýmislegt fleira

Sæferðir - Smiðjustíg 3 (við höfnina) - 340 Stykkishólmur - Snæfellsnesi
Sími 438-1450 - saeferdir@saeferdir.is - www.seatours.is



## VEIÐISUMARIÐ með Stefáni Jóni Hafstein
VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

# Nú er líf og fjör!

Stóru tíðindin koma úr Elliðaánum þessa vikuna þar sem rigningar síðustu helgi opnuðu greiða leið fyrir laxinn að ganga upp af fullum krafti – tvöfalt fleiri laxar komnir upp í árnar nú en á sama tíma í fyrra. Heildartalan er þá komin vel yfir þúsund laxa, sem þýðir að árnar bæta sig umtalsvert frá því sögulega lágmarki sem þær hafa verið í undanfarin ár. Kvóti er fjórir laxar á vakt í ánum, en engin ástæða er til að hvika frá þeirri ráðleggingu til veiðimanna að hlífa fiskinum með því að sleppa sem mestu, ánum veitir ekki af góðri hrygninu í ár!
Nú fara í hönd bestu laxveiðidagarnir á suður- og vesturhorninu. Eystri Rangá hrökk í gang í kringum síðustu helgi þegar ein vakt tók 26 laxa og heildarveiðin komin yfir meðaltal á þessum tíma og lax að ganga um alla á. Og loksins teknar að berast aflafréttir af Grímsá. Þegar horft er yfir heildina stefnir í mjög góðar smálaxagöngur í ár eins og í fyrra og líklega verður veiðin vel yfir meðallagi þegar allt er talið. Hins vegar veit maður ekki enn með einstakar ár norðanlands og austan, þar sem allt er seinna til að venju. Þá eru menn sem stunda sjóbleikjuna farnir að skima eftir fréttum af þeim fiski á Norður- og Austurlandi. Á meðan fara silungsveiðimenn víða um. Arnarvatnsheiðin hefur verið góð, Þingvallavatn alltaf spennandi og sumir mjög ánægðir með sumarið þar. Svo má ekki gleyma smálækjum og sprænum. Við fréttum af einum sem fór í hliðará Brúarár, „skreið með bökkum“ og lét litlar púpur detta fyrir vænar bleikjur. Þær tóku, en voru svo styggar að flugan varð helst að lenda á undan línunni og beint upp í þær til að takan fengist! Urriðasvæðið í Laxá er enn að gefa veiði á öllum svæðum. Fluga vikunnar er Pheasant tail númer sextán fyrir silung. Með kúluhaus eða án. Norðurá er greinilega full af fiski og fórum við tveir félagar á efra svæðið (Norðurá 2) fyrir nokkrum dögum. Við vorum fullir tilhlökkunar með gárautúpur og örflugur númer sextán til að veiða eins og maður gerir þarna upp frá, nett og pent. En þá brá svo við að áin hljóp í vatnavexti og varð mórauð eins og Jökulsá á Fjöllum og við áttum engin svör nema standa í beljandi jökulmorgi í hífandi roki og láta túpur detta fyrir fiskinn. Náðum þremur á stöngina samt! Gaman var að sjá allan fiskinn og Gunnar veiðivörður sýndi mér útskrift af teljarnum í Glanna: Nóttina fimmta júlí fóru 450 laxar upp um teljarann! En Norðurá var enn þá skoluð og bólgin í gær þegar ég ók Borgarfjörðinn.
Heilræði vikunnar er einfalt: Njótið þess að snæða bráðina! Á flugur.is er fjöldi uppskrifta og til dæmis kennt að sjóða lax eins og Rúnar Marvinsson segir að sé rétt! Og steikja silung eins og gert var í Aðalvík á Ströndum eða borða bleikjuna hráa eins og í Japan! Hluti af veiðiánægjunni er að fara vel með afla, kæla fiskinn fljótt, gera að og elda ofan í mannskapinn. Hafið frauðplastkassa í skottinu og frysta kælipoka í honum, fiskurinn geymist jafnvel nokkra daga ef vel er farið með án þess að vera frystur. Gera verður að silungi fljótt eftir að hann er veiddur, því ætið í honum skemmir frá sér nánast um leið. Góða skemmtun!


Bestu laxveiðidagarnir fara í hönd á suðvesturhorninu.

*Fleiri veiðifréttir daglega og heilræði við veiðar á www.flugur.is; Flugufréttir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á flugur.is með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar.*

# Ekki bara fyrir fjallakindur

***Vefurinn Ganga.is geymir upplýsingar um gönguleiðir um allt landið og getur hver leitað að leið við sitt hæfi.***

Nú er ekki lengur nauðsynlegt að þekkja staðhætti til að geta skellt sér í göngu hvar sem er á landinu. Á vefnum Ganga.is er að finna aðgengileg göngukort fyrir hvern sem er þar sem áhugafólk jafnt og reyndar fjallakindur geta valið sér gönguleið við hæfi.

Mjög hentugt er að skoða vefinn áður en lagt er í ferðalag í því skyni að kanna hvaða gönguleiðir eru í boði. Leiðunum er raðað eftir landshlutum og allt sem þarf að gera er að smella á landshlutann sem á að heimsækja. Þegar búið er að velja lengd göngu birtast upphafsstaðir ganganna á kortinu og fást frekari upplýsingar með því að smella á þá, til dæmis hvort hún sé merkt og hvar sé hægt að nálgast enn frekari upplýsingar.

Á vefnum er einnig að finna góðar upplýsingar um það sem huga þarf að áður en lagt er í göngu. Þar má finna umgengnisreglur, ábendingar um búnað og upplýsingar um skipulagðar gönguferðir.

Ganga.is er samstarfsverkefni Ferðamálaráðs Íslands, Ungmennafélags Íslands og Landmælinga Íslands og hefur tekist að safna yfir átta hundruð gönguleiðum. Fólki er einnig bent á að ef það situr á góðri gönguleið er um að gera að leyfa fleirum að njóta og senda upplýsingar um hana til forsvarsmanna vefsins. ■


Göngugarpur á Fimmvörðuhálsi.



# Hundaþrautir, háskagrill og fjallamaraþon

***Útilífveran er útivistarhátíð fyrir alla sem haldin er á Ísafirði um næstu helgi. Dagskráin er afar fjölbreytt.***

Svifdrekaflug, háskagrill, fjallahjólakeppni, golf og hundaþrautakeppni. Allir útivistaráhugamenn ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á Útilífverunni sem haldin verður á Ísafirði um helgina.

„Við erum búin að setja upp fjölbreytta dagskrá þar sem er fléttað saman ferðum, námskeiðum og keppni í hinum ýmsu greinum útivistar,“ segir Rúnar Óli Karlsson sem er í undirbúningshópi fyrir Útiveruna.

Jaðarsportunnendur geta svo sannarlega fundið eitthvað við sitt hæfi á hátíðinni. „Við erum með námskeið í nýrri íþrótt sem heitir Kite surfing og við erum með fjallamaraþon,“ segir Rúnar. „Svo ætlum við að vera með svokallað háskagrill þar sem farið er á hina furðulegustu staði að grilla. Því hærra og hættulegra, þeim mun betra. Fólk pakkar niður skyndigrillinu og nokkrum kótilettum og fer í smá göngutúr upp á Þjófaskörð.“

Rúnar leggur þó áherslu á að margt sé að finna á Útilífverunni annað en jaðarsport og allir ættu svo sannarlega að finna eitthvað við sitt hæfi. „Við erum meira að segja með keppni fyrir hundana þannig fólk getur tekið þá með sér.“

Frekari upplýsingar um dagskrá Útilífverunnar, gististaði og fleira er að finna á heimasíðunni www.utilifveran.is. ■


MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON
Kajakasigling er í boði á Útilífverunni á Ísafirði.



**Gullæði**
Gullæðinu er fjarri því að vera lokið og hefur jafnvel gengið skrefinu lengra. Gullið í skónum glóir og er meira áberandi. Nú er málið að glóa.




**Útsalan**
**hefst á morgun!**
Tískuverslunin Smart
Ármúla 15
Grímsbæ Búsataðavegi
Sími 588 8050, 588 8488
E-mail: Smartgina@simnet.is




Atson
LEÐURIÐJAN ehf.
Brautarholti 4
Opið mán-fös 10-18
www.atson.is




Gleraugnaverslunin Sjónarhóll
Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla
Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði
565-5970
www.sjonarholl.is
frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi



belladonna
REGNBOGADAGAR
NÚNA ER HÆGT AÐ GERA FRÁBÆR KAUP Á NÝLEGUM VÖRUM!
**15-40%**
**afsláttur af völdum vörum**
Vertu þú sjálf
– vertu Bella Donna í sumar
**RÉTTU STÆRÐIRNAR**
Hlíðasmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • Opið mán.-fös. 11-18, lau. 11-15.
www.belladonna.is




salon ritz
Fake Bake airbrush
Fake Bake airbrush brúnkumeðferðir. Fallegri, dýpri, dekkri og endingabetri litur. Liturinn sem Madonna, Britney Spears og J-Lo nota.
Fake Bake
salon ritz LAUGAVEGI 66 | 5522460




Eplapils og taska í stíl frá Luella.



# Ávaxtaleg tíska

***Helstu hönnuðir heims hafa uppgötvað ávextina sem hafa hingað til nýst til matar en eru núna örgustu tískutákn.***

Sumarmánuðirnir hafa leikið Íslendinga frekar grátt með stanslausri rigningu og grámyglulegu andrúmslofti ið sem minnir einna helst á verstu haustmánuði.

Það er samt engin ástæða til að örvænta því það er leikur einn að lífga upp á umhverfið í kringum sig. Það er meira að segja enn auðveldara nú en síðustu sumur þar sem tískan einkennist af litum, litum og aftur litum.

Nýjasta nýtt í litatískunni eru ávextir. Ekki eiginlegir ávextir heldur bolir, töskur, skór og skartgripir með ávaxtaþema. Þar eru kirsuberin og eplin fremst í flokki en auðvitað fá aðrir ávextir að láta ljós sitt skína í tísku sem virðist ekki eiga neinar takmarkanir í litagleði. Fremstu hönnuðir heims hafa tekið ávexti af ýmsu tagi í sátt og hafa varla undan við að framleiða ávaxtalega tísku fyrir helstu stjörnur heims – og okkur hin.

*lilja@frettabladid.is*



Æðislega flottir háhælaðir skór frá Moschino.



Geggjað, teygjanlegt kirsuberjabelti frá Soniu Rykiel.



Gamaldags kirsuberjaeyrnalokkar sem gæti verið að finna í skartgripaskríninu hennar ömmu.



Meistari Louis Vuitton hefur heillað marga stjörnuna með kirsuberjatöskunni.



Jarðarberjabikiní frá Asahi Kasei swimwear.

# Bómullarföt á sanngjörnu verði

***American apparel er fyrirtæki sem framleiðir þægileg og flott föt á mannúðlegan hátt.***

Hver kannast ekki við martraðirnar um litlu börnin í Kambódíu sem vinna mikið fyrir lítið við að sauma á mann föt? Nú er hægt að versla einföld bómullarföt og vera laus við slíkar martraðir. Fyrirtækið American apparel framleiðir litrík og þægileg föt og gefur sig út fyrir að vera réttlátt í viðskiptum.

Fyrirtækið er bandarískt og eru öll fötin sem seld eru undir merkinu framleidd í Los Angeles í Bandaríkjunum. Lögð er áhersla á að framleiðendurnir fái greitt fyrir vinnu sína og fyrirtækið leggur metnað sinn í að skila vandaðri vöru.

Hvort sem mann vantar þægilegar buxur til að vera í inni í rigningunni, sundbol eða kjól til að fara út á lífið er allt til í American apparel. Íslendingar geta keypt fötin í vefnum og slóðin er www.americanapparelstore.com.

Fötin eru ekki beint ódýr en manni líður vel að vita af því að fleiri krónur fara í vasann á verkamönnunum sem saumuðu þau.



Litrík föt frá American apparel.





Nostrað er við hverja tösku og selskinn eða dádýraskinn notað til skrauts.

# Flottar töskur
## – og engar tvær eins

***Gróa Ásgeirsdóttir og Björg Geirsdóttir hanna og sauma töskur sem renna út eins og heitar lummur.***

Björg hefur alltaf verið að dunda við alls konar föndur heima hjá sér og var að gera þessar töskur þegar ég blandaði mér í málið og vildi endilega vera með," segir Gróa hlæjandi. „Þetta átti aðallega vera fyrir okkur, en svo voru vinkonur okkar að panta fyrir sjálfar sig og vinkonur sínar og smátt og smátt vatt þetta upp á sig. Um daginn hringdi svo í okkur kona sem er markaðsstjóri hjá Kynnisferðum og vildi endilega fá nokkrar til að selja í nýju versuninni á Hótel Nordica. Nú höfum við varla undan, enda báðar í fullri vinnu og meira til," segir Gróa.

Töskurnar eru úr leðri, ýmist með sel- eða dádýrsskinni og til í tveimur stærðum.

„Við höfum verið að varíera með þetta, skinnin eru svo mismunandi, ljós, dökk eða doppótt, og við nostrum við hverja og eina, því að sjálfsögðu eru engar tvær eins."

Töskurnar fást sem fyrr segir í verslun Hótel Nordica.



Gróa og Björg hafa ekki undan að framleiða töskurnar.



Nú má nota indverska fánann á íþróttabúninga, herbúninga og annan tískufatnað.

## Indland ekki fyrir neðan belti

INDVERSK YFIRVÖLD HAFA LEYFT NOTKUN Á INDVERSKA FÁNANUM Á ÍÞRÓTTABÚNINGUM OG ÖÐRUM KLÆÐNAÐI.

Fánann má nota í tísku svo lengi sem hann sé ekki niðurlægður en ekki má sjást í fánann á fötum fyrir neðan beltisstað.

Fáninn, sem er appelsínugulur, hvítur og grænn með tímahjóli í miðjunni, má ekki prýða nærföt eða aðra fylgihluti sem eru fyrir neðan mitti. Enn er bannað að prenta fánann á púða, hanska, vasaklúta og munnþurrkur og sést fáninn því einna helst á íþróttabúningum, þjóðbúningum og herbúningum.

Ákvörðunin um að leyfa fánann á fötum var tekin vegna úrskurðar í febrúar sem bannaði krikketleikmönnum og öðrum íþróttamönnum að sýna indverska fánann á dóti sínu eða fötum.










# Fáðu húðlit stjarnanna

***Fyrirtækið Naturasun hefur sett á markaðinn gervibrúnku eins og stjörnurnar nota.***

Sumir gera allt til að líkjast uppáhalds stjörnunum sínum. Kaupa sömu föt, skartgripi, skó og töskur eins og þær en nú er meira að segja hægt að fá sama húðlit og stjörnurnar. Fyrirtækið Naturasun hefur búið til litakort yfir húðlit tíu stjarna, þar á meðal Paris Hilton, Victoriu Beckham og Rachael Stevens. Húðlitur Victoria Beckham heitir til dæmis D & E en aðþrengdu eiginkonunnar Evu Longoriu heitir Mocha. Því er minnsta málið að hafa samband við Naturasun á naturasun.com og fá sér gervibrúnku í brúsa.







Nú er hægt að kaupa gervibrúnku sem er eins og húðlitur Evu Longoriu, Paris Hilton og Victoriu Beckham.





**Blettahreinsir**
Ágætt er að hafa lítinn klút sem þrífur bletti af flíkum við höndina í brúðkaupinu. Fátt er leiðinlegra en að sulla niður á kjólinn eða hvítu skyrtuna og geta ekki þrifið það úr.

## Má ekki sjá sig í spegli

BRÚÐURIN MÁ EKKI KLÆÐAST BRÚÐARSKARTINU OF SNEMMA.

Það er nokkuð útbreidd hjátrú að brúðurin megi ekki klæðast brúðarskartinu of snemma. Brúðurin mátar oftast brúðarskartið fyrir brúðkaupið en þá má hún ekki sjá sjálfa sig í spegli. Það er ekki fyrr en athöfnin er að bresta á að henni er óhætt að skoða sig í spegli. Sé þessu ekki framfylgt segir hjátrúin að brúðkaupið geti farið í handaskolum og ógæfa fylgi hjónabandinu. Þá er stundum sagt að það hjónanna sem sjái hitt fyrst í kirkjunni ráði meiru í hjónabandinu.



*Við höfum flutt*
*verslun okkar og hönnunarverkstæði ofar á Laugaveginn í rúmgott og bjart húsnæði að Laugavegi 52*
**Gull & Silfur**
*Sími: 552 0620*



# Demantshvítur og kremaður í tísku

***Brúðarkjólar eru eitt af því sem skiptir hvað mestu máli á stóra deginum og þurfa þeir að vera fullkomnir svo brúðinni líði vel. Fréttablaðið fór á stúfana og athugaði hvort einhverra tískustrauma gætti í brúðarkjólatískunni í ár.***

„Það eru engar voðalegar sveiflur í brúðarkjólum á milli ára. Í ár eru skreytingar á kjólum kristallar, steinar og eitthvað sem glampar á en ekki gullskreytingarnar eins og hafa verið. Í bróderingum er búrgúndí rautt það vinsælasta í ár. Daufblátt og ferskjulitað er líka mjög vinsælt til að fá smá hreyfingu á kjólinn og létta hann aðeins með litum," segir Sigurdís Ólafsdóttir, kjólameistari sem rekur brúðarkjólaleiguna Tvö hjörtu í Bæjarlind 3.

Sigurdís er ekki í vafa um hvaða litur er vinsælastur í ár. „Demantshvítur er tvímælalaust sterkastur. Mjallarhvítt er ekki mjög vinsælt enda fer fyrrnefndi liturinn okkur konum mun betur. Hvað efnin varðar eru kjólarnir úr siffon, organza eða satín. Í siffon kjólunum er ekki mikil vídd í pilsunum en í organza kjólum er enginn gljái."

„Það eru engir rjómatertukjólar vinsælir í ár. Kjólarnir eru mun einfaldari, axlirnar eru berar og hálsmál er annað hvort hjartalaga eða þvert yfir bringu. Ermar eru ekki vinsælar heldur eru mjóir hlýrar ríkjandi. A-línan er alls ráðandi í sniðum þar sem kjóllinn er þröngur yfir brjóst og mitti og pilsið vítt," segir Sigurdís sem unir sér vel í vinnunni núna enda hápunktur brúðkaupstímabilsins. „Þetta er svo svakalega skemmtileg vinna."



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurdís finnur ekki fyrir miklum sveiflum í brúðarkjólatísku.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svanhildur á erfitt með að segja hvað er mest í tísku enda smekkur brúða eins misjafn og þær eru margar.

Svanhildur Eyjólfsdóttir rekur brúðar- og samkvæmiskjólaverslunina Prinsessuna í Álfabakka 14b og segir smekk brúða ansi misjafnan. „Ég get eiginlega ekki sagt að neitt eitt sé vinsælt heldur er það rosalega misjafnt. Flestar brúðir vilja kremaða kjóla en eftirspurn eftir ljósbleikum og ljósbláum kjólum er að aukast um þessar mundir," segir Svanhildur.

„Konur koma ekki í verslunina með myndir úr tískublöðum sem fyrirmynd heldur eru þær mjög opnar fyrir að máta marga kjóla. Konur spekúlera í því hvað fer þeim vel og það er algjörlega búið spil að þær séu að spá í tískustraumum. Þær máta mikið og hætta ekki fyrr en þær finna kjól sem þeim finnst rosalega flottur enda er þetta afar sérstakur dagur. Brúðir sem koma til mín til að kaupa kjól gera öðruvísi kröfur en ef þær færu í leigu. Konur sem koma til mín vilja eiga kjólinn," segir Svanhildur en hún finnur þó mun á smekk yngri og eldri brúða. „Yngri konur vilja náttúrlega flottustu kjólana en eldri konur eru hófsamari."

*lilja@frettabladid.is*

## Skemmtileg föndurkvöldstund

Í versluninni Föndru er hægt að föndra ýmislegt fyrir brúðkaupsdaginn en vinsælt er í Hollandi að brúður ásamt vinkonum sínum eyði kvöldstund í að föndra eitthvað sniðugt fyrir brúðkaupið. „Við bjóðum upp á alls kyns perlur sem fólk getur valið úr. Það er mjög vinsælt í Hollandi að verðandi brúður og vinkonur hennar hittist eina kvöldstund og geri sér skart fyrir sjálft brúðkaupið. Möguleikarnir eru endalausir og geta vinkonurnar föndrað hálsmen, armbönd eða eyrnalokka. Vinkonuhópurinn kýs jafnvel stundum að föndra þetta á sjálfan gæsunardaginn í staðinn fyrir aðrar uppákomur. Það er líka vinsælt að hver vinkona komi með myndir af brúðinni og föndri eina opnu í albúmi en við bjóðum upp á allt til að gera albúm," segir Björg Benediktsdóttir, eigandi verslunarinnar Föndra, en panta þarf með góðum fyrirvara til að föndra í versluninni.





Í Föndru er mikið úrval af alls kyns perlum til að föndra með.

Björg segir allt í perlum sé mjög vinsælt í dag en föndurverslunin góðkunna á Dalvegi 18 býður upp á meira sem tengist brúðkaupum. „Við erum með efni til að búa til sjálf glösin og útskurðarvélar til að gera mynstur til að skreyta borð og servíettur og ýmislegt tilfallandi Einnig erum við með efni til að föndra kerti hvort sem brúðhjónin vilja hafa mynd af sér, fallega mynd eða límmiða eða skreyta með vaxi."

„Við erum rétt að byrja með þetta föndur á Íslandi núna og reyna að koma þessari hugmynd af stað hér enda afar sniðugt," segir Björg.




Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur

Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001
Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík
ECC




BRÚÐAR GJAFIR
...
Gallerí Fold
Kringlunni og Rauðarárstíg
LISTMUNASALA
fold

**Bílabankinn**



Saab 95 2.3T 6/04 ek 7þ.km, leður, sóllúga v.4.390 þ. áhv 2.600 þ. ath. skipti. Bílabankinn s. 588 0700.



VW Toureg v-8 2004 ek 29 þ.km leður, sóllúga, loftpúðafjöðrun, glæsilegur bíll hlaðinn aukahlutum v.5.700 þ. Bílabankinn s. 588 0700.



BMW 530 disel 1/02 ek 159 þ.km sjálfsk,leður v.3.750þ áhv 2.280þ ath. sk. Bílabankinn s. 588 0700.



Chrysler Sebring blæja 2001 ek 65 þ.km, v.1.990 þ. Bílabankinn s. 588 0700.



Honda Accord type s 4/03 ek 41 þ.km fjarstart, hliðar spoler ofl. V. 2.350 þ. Bílabankinn s. 588 0700.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**www.bilabankinn.is**

**BÍLASALAN HÖFÐA HÖLLIN**
Vagnhöfða 9 - Sími 567-4840 og 660-0565



BMW 530 Touring Bensín. Ssk. Árgerð 2001. Ekinn 116 þ.km. Álfelgur - Driflæsingar, ESP stöðugleikakerfi, Fjarstýrðar samlæsingar -Cd-diskamagasín ofl. ATH skipti ódýrari. Verð kr. 3380.000



Ford Escape XLT.Ssk,Árgerð 2004. Ekinn 15 þ.km. Álfelgur, Dráttarkúla, Filmur. Verð kr. 2990.000



Lexus RX 300. Ssk., árgerð 2003. Ekinn 43 þ. km. Fjarstýrðar samlæsingar, geisladiskamagasín, Geislaspilari. Verð kr. 4450.000.



Mazda 323 GT 1,8 Sedan. Árgerð 2000. Ekinn 107 þ.km. Dráttarkúla, Geislaspilari, Hraðastillir. Verð kr. 790.000. Ath. skipti ódýrari.



Nissan Terrano II Luxury TDI dísel. Árgerð 2000. Ekinn 176 þ.km. Dráttarkúla, filmur, fjarstýrðar samlæsingar ofl. Verð kr. 1.770.000. ATH. skipti ódýrari.



Dodge Stratus ES 2,5. Árgerð 1995. Ssk. Ekinn 87 þ. mílur. Álfelgur, dráttarkúla, fjarstýrðar samlæsingar. Verð kr. 390.000.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

**LITLA bílasalan** www.litla.is S. 587 7777



Vw Golf 1.8 Highline (playstation) 2000, ek 81 þkm, blár, dvd, hlaðinn búnaði, lán 640 þús útborgun ca 1milljón.



Audi A-6 1.8 T 2002, ek 72 þ km, leður, topplúga, verð 3.150 þús., lán 2.750.



Nissan 350 Z nýr bíll, óekinn, svartur, v 4.690 þús., "meiriháttar sportari".



Ford Escape Xlt 2004, ssk, ek 30 þ. km, hvítur, topplúga, verð 2.850 þús.



Vw Caddy van 2004, ek 11 þ.km, lán 1.350 þús., verð 1.450 þús.

**Litla Bílasalan er flutt í Bílakjarnann við Breiðhöfða. Mikið úrval bíla á staðnum !**

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

**TOPPBÍLAR** bílasala



Toyota Rav 06/2004, ekinn 20 þ. km, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, vindskeið, filmur, dráttarkrókur. Verð 2.680.000.Toppbílar Kletthálsi 2. Sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Toyota Avensis W/G 1998, ekinn 115 þús., 5 gíra, álfelgur, gullfallegur bíll. Verð 790.000. Toppbílar Kletthálsi 2, sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Toyota Landcruiser 90 LX 10/1999, ekinn 134 þ.km, sjálfskiptur, 35" breyting. Verð 2.590.000. Toppbílar Kletthálsi 2, Sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Dodge Caravan Grand 2005, ekinn 47 þ. km, sjálfskiptur, 7 manna, Captin stólar. Verð 3.100.000. Toppbílar Kletthálsi 2, Sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Jeep Liberty LTD 2.8 CRD dísel 2005, nýr bíll, sjálfskiptur, leður, sóllúga, hraðastillir. Verð 3.850.000. Toppbílar, Kletthálsi 2, sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Ford Explorer Eddie Bower 04/2003, ekinn 38 þ.km, sjálfskiptur, leður, DVD. Verð 3.990.000. Tilboð 3.550.000. Toppbílar, Kletthálsi 2, Sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Skoda Oktavia W/G 04/2003, ekinn 39 þ. km, sjálfskiptur, ABS. Verð 1.590.000. Toppbílar, Kletthálsi 2, Sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Toyota Yaris T-SPORT 10/2002, ekinn 50 þ. km, 5 gíra, álfelgur, ABS. Verð 1.250.000.Toppbílatr, Kletthálsi 2, Sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Suzuki Grand Vitara XL-7 2003, ekinn 60 þ. km, 5 gíra, ABS, álfelgur. Verð 2.490.000. Tilboð 2.100.000. Toppbílar, Kletthálsi 2, Sími 587 2000 eða toppbilar.is.



Toyota Landcruiser 80 VX 11/1995, ekinn 237 þ.km, driflæsingar, ný 35"dekk, gullfallegur bíll. Verð 2.290.000.Toppbílar, Kletthálsi 2, Sími 587 2000 eða toppbilar.is.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



MM L-200 Double cab árg. 10/'97, diesel, turbo, ekinn 250 þús., ný dekk, tímareim, o.fl., þjónustubók, sk. '06, 100% lánað, verð 890.000. S. 821 6292.



Volvo Cross Country árgerð 2004, ekinn 35 þús., sjálfskiptur, leður, mikill aukabúnaður, verð 3.950.000. S. 821 6292.



Dodge Grand Caravan árg. 2005 ek. 22 þús., 6 cylindra, 3,3 sjálfskiptur, 7 manna, mikill aukabúnaður sk. '08, 100% lánað, verð 2.750.000. S. 821 6292.



Chevrolet Suburban Seria 2500 diesel 6,5 turbo, árg. '96, ekinn 210 þús., nýupptekin vél o.fl., nótur, 7 manna, leðursæti, mikill aukabúnaður, 38" hækkun, ný 36" dekk, sk. '06, 100% lánað, verð 1.950.000. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**



engin
stofngjöld
MOMENTUM

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 13. júlí 2005 – 15.. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**Dreamworks í vanda**
Skrekkur í Shrek 6



**Eyrir**
Gott verður betra 8



**Hangsað í vinnunni**
Afsakanir latra starfsmanna 2



EI bank vekur áhuga.

## Banki í Búlgaríu

Björgólfur Thor Björgólfsson hefur hug á að fjárfesta í búlgarska bankanum EI Bank og standa viðræður um kaup á 35 prósenta hlut yfir. Niðurstöðu er að vænta innan skamms.



**ÞEKKIR VEL TIL Í BÚLGARÍU** Björgólfur Thor Björgólfsson fjárfestir víða.

Áætlað markaðsvirði bankans er undir 10 milljörðum króna en eigið fé bankans er um 2,6 milljarðar króna. Heildareignir bankans nema 30 milljörðum króna og hagnaður hans á síðasta ári var um 400 milljónir króna.

Fjöldi banka er í Búlgaríu og sameiningar og kaup eiga líklega eftir að einkenna bankaumhverfið þar um hríð þannig að eftir miklu er að falast.

Björgólfur, sem er einn af stærstu eigendum Landsbankans, hefur fjárfest í fjármálafyrirtækjum í Svíþjóð og víðar undanfarið í gegnum Burðarás. -dh

Útrásarvísitalan lækkar:

## Hlutabréfaverð hækkar

Útrásarvísitalan lækkar um eitt prósent milli vikna og stendur nú í tæpum 110 stigum. Gengi krónunnar styrkist milli vikna og ef gengið hefði verið óbreytt hefði Útrásarvísitalan hækkað lítilega milli vikna. Hryðjuverkin í London virðast því ekki hafa haft mikil áhrif á hlutabréfaverð í London.

deCODE hækkar mest milli vikna eða um rúm átta prósent. Bresku félögin í Útrásarvísitölunni lækka flest og NWF mest eða um tæp fimm prósent.

Mesta flugið hefur verið á gengi deCODE að undanförnu og hefur gengi félagsins hækkað um 82 prósent frá upphafi Úrvalsvísitölunnar. Sjá síðu 6.

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Baugur úr Somerfield** | Baugur hefur dregið sig úr samstarfi um mögulega yfirtöku á bresku verslanakeðjunni Somerfield. Í tilkynningu frá félaginu segir að ákvörðunin hafi verið tekin í þágu fyrirtækjahópsins, aðila hans og hluthafa í Somerfield.

**Björgólfur stærstur** | Stefnt er að samruna finnsku símafyrirtækjanna Saunalahti og Elisa. Novator Finland, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hafði áður gert yfirtökutilboð í Saunalahti.

**Gangverk kapítalismans** | Hryðjuverkin í Lundúnum höfðu minni áhrif á markaði en óttast var. Verðbréf tóku dýfu er fregnirnar bárust en réttu úr kútnum eftir því sem leið á daginn.




**Lítilleg hækkun** | Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,12 prósent í júlí, sem er minna en spár gerðu ráð fyrir. Skýrist spáskekkjan af miklum verðlækkunum á útsölum, minni hækkun húsnæðisverðs en búist var við og lítilli hækkun matvöruverðs.

**FME sátt við Sjóvá** | Fjármálaeftirlitið samþykkti kaup Karls Wernersonar og fjölskyldu á 66,6 prósent hlut í Sjóvá.

**Burðarás veðjar** | Burðarás hefur fest kaup á 25 prósent hlut í sænska getrauna- og leikjafyrirtækinu Cherryföretagen. Markaðsvirði hlutarins er um 2,3 milljarðar króna.

**G8 fundinum lokið** | Á fundi helstu iðnríkja heims var ákveðið að auka þróunaraðstoð við Afríku um 1625 milljarða og að afskrifa skuldir átján ríkja í álfunni. Fundurinn féll þó í skuggann af voðaverkunum í Lundúnum.

# Fyrirtækjakaup fyrir 450 milljarða

**Félög í eigu Íslendinga og tengdra aðila hafa vakið athygli á erlendri grundu fyrir gríðarlegan kaupmátt sinn.**

Dögg Hjaltalín
skrifar

Tuttugu stærstu kaup íslenskra fyrirtækja erlendis á síðustu 18 mánuðum nema 450 milljörðum króna. Meðal fyrirtækja sem keypt hafa verið eru bankar, verðbréfafyrirtæki, skipafélög, flugfélög, matvöruverslanir, tískuverslanir og lyfjafyrirtæki. Flest þessi kaup eru á sviðum þar sem Íslendingar hafa mikla þekkingu, til að mynda á lyfjamarkaði.

Verðmætustu kaupin voru kaup KB banka á danska bankanum FIH og þar á eftir koma kaup Bakkavarar á matvælaframleiðslufyrirtækinu Geest fyrir 70 milljarða króna.

Kaupin hafa verið stór og tekist vel en nú kemur til með að reyna á hæfileikana til að reka fyrirtækin. Fyrirtækin hafa þó flest verið rekin ágætlega hingað til og því þarf ekki að lyfta neinu grettistaki til að reksturinn haldi áfram að skila hagnaði.

Skráð félög hafa verið áberandi í fjárfestingum erlendis og félögin hafa fjármagnað kaupin að hluta til með hlutafjárútboðum sem hafa tekist vel. Einnig hafa íslenskir bankar staðið við hlið íslensku fyrirtækjanna í útrásinni og leitt hana að vissu marki.

Félögin sem keypt hafa verið skipta tugum og má því reikna með að kaupverð þeirra nemi samtals meira en 500 milljörðum króna. Þegar talað er um kaupverð er einungis átt við markaðsvirði fyrirtækjanna og eru þá yfirteknar skuldir og fé til rekstrarins ótalið. Sjá síðu 10 – 11

# Fimmmenningar krefja sparisjóðsstjórn svara

**Fundur stofnfjáreigenda boðaður í Sparisjóði Hafnarfjarðar 21. júlí.**

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Fundur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar verður haldinn 21. júlí næstkomandi. Fimm stofnfjáreigendur fóru fram á það við stjórn sparisjóðsins að fundurinn yrði haldinn og þar yrði fimm spurningum svarað. Stjórninni ber samkvæmt samþykktum sparisjóðsins að verða við beiðninni og eru aðeins þessar fimm spurningar á dagskrá fundarins.

Fimmmenningarnir vilja að stjórnin upplýsi stofnfjáreigendur um hvort einhver áform séu uppi um breytingar á eignarhaldi Sparisjóðs Hafnarfjarðar, en mikill órói hefur verið í kringum núverandi stjórn. Sagðar hafa verið fréttir af því að meirihluti stjórnar hafi boðið stofnfjáreigendum að kaupa hluti þeirra fyrir tugi milljóna króna og ætli sér að taka sparisjóðinn yfir.



**KREFJAST UPPLÝSINGA** Fimm stofnfjáreigendur hafa krafið stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar svara við fimm spurningum.

Einnig vilja fimmmenningarnir fá upplýsingar um gerða starfslokasamninga og uppsagnir á sparisjóðsstjóranum, aðstoðarsparisjóðsstjóranum og forstöðumanni innra eftirlits. Einnig er spurt um áform um að efla Sparisjóð Hafnarfjarðar, sérstaklega hvað varðar fyrirtækjasvið, og hugsanlegar skipulagsbreytingar sem framundan séu.

Stjórn sparisjóðsins mun sitja fyrir svörum og upplýsa stofnfjáreigendur um þessi mál.

8,0%*
Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.06.2005–30.06.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 3% | 7% |
| Bakkavör Group | -1% | 60% |
| Burðarás | 2% | 33% |
| Flaga Group | 6% | -22% |
| FL Group | -1% | 52% |
| Grandi | -2% | 4% |
| Íslandsbanki | 1% | 22% |
| Jarðboranir | -2% | 7% |
| Kaupþing Bank | 3% | 24% |
| Kögun | -1% | 26% |
| Landsbanki Íslands | 2% | 43% |
| Marel | -1% | 19% |
| SÍF | -1% | 0% |
| Straumur Fjárf.b. | 0% | 28% |
| Össur | -1% | 3% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Hagnast í óförum

## Fimm milljarða söluhagnaður Baugs í Bretlandi.

Baugur Group fær í sinn vasa fimm milljarða króna í söluhagnað af sölu bréfa í Somerfield og LXB Properties.

Eins og kom fram fyrir helgi dró Baugur sig út úr fjárfestahópi sem hefur hug á því að yfirtaka Somerfield. Ætlar aðili í hópnum að kaupa 5,5 prósenta hlut Baugs. Somerfield er ein elsta fjárfesting Baugs því félagið hóf að kaupa í breska fyrirtækinu í desember 2002. Talið er að ávinningurinn af viðskiptunum




sé um þrír milljarðar króna.

Á dögunum seldi Baugur Group tíu prósenta hlut sinn í fasteignaþróunarfélaginu LXB. Samkvæmt heimildum var söluhagnaður um tveir milljarðar. – eþa

# SingStar slær í gegn

## Yfir tvær milljónir eintaka hafa selst af leiknum.

Karokíleikurinn SingStar hefur selst í yfir tveimur milljónum eintaka um allan heim og eru vinsældir hans ekkert að dala.




SingStar hefur verið vel tekið af tónlistarunnendum sem og söngvurum og gaulurum.

SingStar kom fyrst á markað í maí 2004 og þakka forráðamenn Sony flytjendum árangurinn vegna þess að þeir leyfa notkun laga sinna í SingStar.

SingStar er með tveimur míkrófónum sem tengdir eru sjónvarpi og PlayStation-tölvu og fá svo flytjendur stig í takt við árangur sinn í söngnum. Nýjasta útgáfan gefur keppendum kleift að horfa á sjálfa sig syngja. -dh



Fréttablaðið/Hari

**EINKAVÆÐINGARNEFND** Næstu tvær vikurnar mun nefndin skoða eignatengsl innan fjárfestahópanna.

# Opna tilboðin 28. júlí

## Símafjárfestar gera grein fyrir samstarfsaðilum í dag.

Áætlað er að einkavæðingarnefnd opni bindandi tilboð í Símann fimmtudaginn 28. júlí næst komandi. Verða tilboðin opnuð í viðurvist fjölmiðlamanna og bjóðenda. Strax verður gengið til samninga við hæstbjóðanda, nema ef munur á milli hæstu tilboða er minni en fimm prósent. Verður þeim bjóðendum gert að skila inn nýju tilboði samdægurs.

Fjárfestahóparnir sem gert er ráð fyrir að skili inn tilboðum í Símann verða að gera einkavæðingarnefnd grein fyrir samsetningu hóps síns í dag. Innan hópsins má enginn einn einstakur aðili eiga meira en 45 prósent í Símanum né fara með eignaraðild í fyrirtækjum sem eru í samkeppni við Símann hér á landi. Verða því hið minnsta þrír aðilar að standa að hverju tilboði.

Drög að kaupsamningi liggja fyrir og hafa fjárfestar fengið að kynna sér hann. Næstu tvær vikurnar mun einkavæðingarnefnd skoða tengsl aðila innan hópanna. Alls bárust fjórtán óbindandi tilboð í öll hlutabréf Símans 17. maí síðastliðinn og voru það 37 fjárfestar, innlendir og erlendir, sem stóðu að þeim. Tólf var boðið að kynna sér starfsemi Símans nánar. – bg

# Leyndi eignatengslum fyrir stjórnarmönnum

## Ólafur Ólafsson greindi stjórn SÍF ekki frá því að hann væri stór hluthafi í Sjóvík áður en ákvörðun var tekin um að selja dótturfélag SÍF í Bandaríkjunum til Sjóvíkur.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Þegar stjórn SÍF ákvað að selja Iceland Seafood Corporation í Bandaríkjunum til Sjóvíkur í október á síðasta ári voru stjórnarmenn ekki upplýstir af stjórnarformanninum, Ólafi Ólafssyni, um að hann væri stór hluthafi í Sjóvík. Stjórnarmaður segir það ekki hafa skipt höfuðmáli því salan hafi verið hagstæð fyrir SÍF.

Samkvæmt fundargerð SÍF frá 19. október bað Ólafur þá Jón Kristjánsson og Guðmund Hjaltason, sem þá voru stjórnarmenn í Sjóvík, að yfirgefa fundinn við afgreiðslu málsins. Sjálfur kynnti hann hugmyndina um sölu á Iceland Seafood til Sjóvíkur. Það var samþykkt en í framhaldinu óskaði Ólafur eftir því að taka ekki þátt í lokafrágangi samningsins þar sem hann tengdist Sund fjárhagslega. Fjárfestingafélagið Sund, sem var stærsti eigandinn í Sjóvík, var þá meðal annars stór hluthafi í Keri ásamt Ólafi. Ekkert var minnst á tengsl hans við Sjóvík í fundargerð og stjórnarmenn hafa staðfest að hafa ekki vitað af þessum tengslum Ólafs.

Ólafur átti hlut í Sjóvík í gegnum félagið Serafin Shipping. Hann hefur ekki viljað svara spurningum um þessi eignatengsl sín. Samstarfsmaður Ólafs, sem þekkir vel til málsins, hefur ítrekað við blaðamann að Serafin Shipping hefði ekki verið í eigu Ólafs. Markaðurinn hefur hins vegar undir höndum gögn sem sýna að Ólafur var „beneficial owner“ eða undirliggjandi eigandi Serafin Shipping og félagið skráð á bresku Jómfrúreyjunum.

Við sameiningu SH og Sjóvíkur á þessu ári eignaðist Serafin Shipping yfir sex prósent í sameinuðu félagi. Þrátt fyrir að rjúfa fimm prósent eignarmúrinn bárust Kauphöllinni ekki lögbundnar upplýsingar. Í staðinn var hlutnum skipt strax á milli tveggja félaga, Fordace Limited og Deeks Associates. Fjármálaeftirlitið er nú með það mál til skoðunar.



Fréttablaðið/Stefán

**STJÓRNARFORMAÐUR Á AÐALFUNDI SÍF** SÍF er skráð í Kauphöll Íslands og er almenningshlutafélag. Ólafur Ólafsson ræður yfir stórum eignarhluta í félaginu.

# Upp um 80 prósent á tveimur mánuðum

## deCODE hækkar þrefalt meira en það félag sem skilaði bestu ávöxtuninni á öðrum ársfjórðungi.

deCODE genetics hefur hækkað um 70 prósent að undanförnu. Í byrjun apríl var gengið í 5,5 dölum á hlut en var í 10,10 um miðjan dag í gær. Hækkunin er öll tilkomin í maí og júní. Frá áramótum er hækkunin um 37 prósent en þá stóð gengið í 7,4 dölum á hlut.



Jákvæðar fréttir hafa birst frá fyrirtækinu af rannsóknaráföngum og lyfjaþróun en væntingar fjárfesta, um að stórfréttir séu á næsta leiti, er talin helsta ástæða hækkunar.

Á öðrum ársfjórðungi hækkaði Úrvalsvísitalan um 5,5 prósent og Bakkavör Group var það félag í Kauphöllinni sem hækkaði mest eða um 23 prósent. Ávöxtun deCODE er því þrefalt betri en Bakkavarar á sama tímabili. Hafa ber í huga að kaup á hlutabréfum í deCODE eru talin áhættusöm viðskipti, enda sveiflast gengi félagsins mikið. Félagið tapaði 3,5 milljörðum króna á síðasta ári.

Markaðsverðmæti félagsins fór á dögunum yfir 500 milljónir Bandaríkjadala sem eru rúmlega 32 milljarðar króna. - eþa

# 49 þúsund milljarðar til einskis

## Atvinnurekendur í Bandaríkjunum greiða starfsmönnum sínum stjarnfræðilegar upphæðir fyrir að gera ekki neitt samkvæmt nýrri könnun.

Skrifstofufólk eyðir að meðaltali tveimur klukkustundum á dag í hangs, kemur fram í könnun bandarísku internetfyrirtækjanna America Online og Salary.com. Það þýðir að bandarískir atvinnurekendur borga starfsmönnum sínum um 49 þúsund milljarða á ári fyrir að gera ekki neitt.

Vinsælustu afsakanir latra starfsmanna eru að lítið sé að gera og að þeir telji sig ekki fá nægilega mikið borgað til að vera að allan daginn. Mestu tímaþjófarnir eru ráp á internetinu og spjall við vinnufélaga.

„Þetta þýðir að starfsmenn eyða helmingi meiri tíma í vitleysu en yfirmenn þeirra gera ráð fyrir. Það fer rosalega mikill tími í að gera ekki neitt,“ sagði Bill Coleman varaforseti Salary.com.

Tíu þúsund manns tóku þátt í könnuninni sem fram fór á netinu. -jsk



**AF SKRIFSTOFUNNI** David Brent er eiturhress, en skildi hann vita að meðal skrifstofumaður í Bandaríkjunum eyðir tveimur klukkustundum á dag í hangs?

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

410 4000 | www.landsbanki.is




SONY
Útsala í Sony Center
DAV-SR2
Heimabíó
• 600W magnari RMS S-Master digital
• Útvarp FM/AM RDS
• Spilar SVCD/DVD-R-DVD-RW/JEPG og MP-3, Dolby Digital, DTS og PLII
59.950 krónur
Verð áður 79.950 krónur
20"
KLV-20SR3S
20" LCD sjónvarp
• 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
• 2x scarttengi
7.900 krónur á mánuði vaxtalaust*
94.800 krónur staðgreitt.
Verð áður 107.988 krónur
STUDIO
DCR-PC55
Stafræn myndavél
• 3" snertiskjár
• 12x optical Carl Zeiss linsa
• Tengistöð einfaldar allar tengingar
• Alvöru klippihugbúnaður fylgir
6.499 krónur á mánuði vaxtalaust*
77.988 krónur staðgreitt.
Verð áður 89.940 krónur
Alvöru klippihugbúnaður fylgir!
DAV-SB500
Heimabíó.
· Þráðlausir bakhátalarar
· 650W magnari
59.950 krónur
Verð áður 89.950 krónur
SONY
STUDIO
DSC-S90 & 512 MB minniskort
Stafræn myndavél
• 4,1 milljón pixlar
2.999 krónur á mánuði vaxtalaust*
35.988 krónur staðgreitt
Verð áður 41.940 krónur
512 MB minniskort að verðmæti 10.995,- fylgir með!
Alvöru klippihugbúnaður fylgir!
DSR-HC22
Stafræn myndavél
• 2,5 snertiskjár
• 20x optical Carl Zeiss linsa
• Tengistöð einfaldar allar tengingar
• Alvöru klippihugbúnaður fylgir
4.549 krónur á mánuði vaxtalaust*
54.588 krónur staðgreitt.
Verð áður 59.940 krónur
like.no.other™
Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is
Sony Center
*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

# Leita að fjármagni

## Framleiðsla á líni hefjist innan fárra mánaða.

Stjórnendur Feygingar leita nú að meira fjármagni til að geta hafið framleiðslu á líni. Búið er að gera einkasamning við belgíska fyrirtækið Rébell um að það kaupi afurðir af félaginu fyrstu mánuðina þegar framleiðslan hefst. Þorleifur Finnsson stjórnarformaður segir unnið að því að framlengja þennan samning. Rébell muni þá kaupa lín af Feygingu og markaðssetja í Evrópu. Þessi endi framleiðslunnar sé klár en nú þurfi bara að klára uppbyggingu framleiðslulínunnar. Verksmiðjuhúsið standi klárt en inn í vanti smáeiningar.



**BÍLAÁKLÆÐI** Lín er meðal annars notað til að framleiða slitsterkt hör sem notað er í bílaáklæði.

Stærstu hluthafar í Feygingu eru Orkuveita Reykjavíkur, Burðarás, Eignarhaldsfélag Suðurlands og Sveitarfélagið Ölfus. **– bg**

# Stofnfé verðmætara en eigið fé

## Verða að nýta forkaupsrétt annars græða aðrir.

Pétri H. Blöndal, alþingismanni og fyrrverandi stjórnarmanni í SPRON, finnst ekkert skrýtið að stofnfé sé orðið meira virði en eigið fé í sparisjóðnum. Fjárfestar hafa hingað til metið stofnfé í nokkrum sparisjóðum á um 70 prósent eigin fjár eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Markaðsvirði stofnfjár í SPRON er orðið um tveimur milljörðum hærra en eigið fé sjóðsins var um áramót að viðbættu nýju stofnfé.



**PÉTUR H. BLÖNDAL** Fjárfestar meta virði SPRON hærra en eigið fé. .

„Þetta segir okkur að fjárfestar meta fyrirtækið meira virði en eigið fé þess er. Útgáfa og sala nýs stofnfjár eykur enn fremur virði SPRON,“ segir Pétur sem var einn helsti baráttumaðurinn fyrir því að gera stofnfé að markaðsvöru.

Stofnféð í sparisjóðnum hefur hækkað um meira en 100 prósent síðan markaður með stofnfé hóf göngu sína í október í fyrra.

Pétur sér ekkert athugavert við að löggjafinn skyldi sparisjóði til þess að gefa út og selja nýtt stofnfé á genginu einum þegar markaðsvirði er á sama tíma hærra. Það sé þó ákveðin kvöð fyrir stofnfjáreigendur að nýta sér forkaupsrétt sinn því annars kaupi aðrir forkaupsréttarhafar bréfin og græði mismuninn á markaðsverði og nafnverði. **- eþa**





**STOPP Í SKAGAFIRÐI** Vinstri grænir í Skagafirði eru ekki hrifnir af því að fá álver í héraðið með spjöllum á náttúrunni sem slíkri framkvæmd fylgir.

# Álver áfram undirbúið

Athugun á því hvar hagkvæmt sé fyrir Alcoa að reisa álver á Norðurlandi gengur vel að sögn Inga G. Ingasonar framkvæmdastjóra Fjárfestingarstofu. Ráðgert sé að niðurstaða liggi fyrir um áramótin. Byggist staðarvalið meðal annars á pólitískum vilja til að fá álver í héraðið, stærð atvinnusvæða, möguleika á orkuöflun og flutningi á orku. Er verið að skoða svæði í austanverðum Skagafirði, við Dysnes í Eyjafirði og Húsavík. **– bg**

# Hagvöxturinn stóð á sér í byrjun árs

## Þrátt fyrir meiri einkaneyslu, hærri ríkisútgjöld og auknar fjárfestingar var hagvöxtur í byrjun árs minni en vænst var.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Landsframleiðslan á Íslandi óx mun minna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en flestir bjuggust við að mati greiningardeildar KB banka. Þannig mældist hagvöxturinn aðeins 2,9 prósent en var 4,2 prósent á fyrsta ársfjórðungi í fyrra og 7 prósent árið 2003. Þetta gerist á sama tíma og einkaneysla, ríkisútgjöld og fjárfestingar uxu alls um 11 prósent.

Starfsfólk greiningardeildar KB banka segir hægt að túlka þennan lága vöxt á tvennan hátt. Annars vegar að þetta sé merki um vaxandi ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og misvægi framboðs og eftirspurnar í efnahagslífinu. Það geti ekki staðist til lengdar. Hins vegar sé hægt að túlka þetta sem árangur af auknu aðhaldi í peningamálum af hendi Seðlabanka Íslands. Vaxtahækkanir hafi hækkað gengi krónunnar og þannig beint eftirspurninni úr landi. Það megi glögglega sjá af gífurlegum viðskiptahalla.

Í efnahagsfregnum greiningardeildarinnar kemur samt fram að flest bendi til þess að hagvöxtur verði töluverður á þessu ári. Það muni eiga sérstaklega við þegar framkvæmdir við byggingu nýs álvers á Reyðarfirði hefjist og stækkun álversins á Grundartanga fari á fullt. Einnig séu gífurleg umsvif í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu. Þetta muni skila fimm til sex prósent hagvexti þegar árið verði gert upp.

Hagvöxtur ársins 2004 var umtalsverður eða 5,2 prósent samkvæmt efnahagsfregnunum. Einkaneysla lagði langmest til hagvaxtarins eða um 4,5 prósent. Þá segir greiningardeildin ljóst að mikil einkaneysla sem nú þekkist sé aðeins haldið uppi með aukinni skuldsetningu, sem geti aðeins haldið áfram í takmarkaðan tíma. Gengi krónunnar og fasteignaverð muni einkum skipta máli fyrir lendingu íslenska hagkerfisins eftir þá uppsveiflu sem nú er í hámarki. Verði aðlögun þessara lykilstærða að breyttum forsendum mjúk muni lending hagkerfisins einnig verða mjúk.



Fréttablaðið/Pjetur

**SÝNILEGUR HAGVÖXTUR** Miklar byggingaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu munu leggja sitt af mörkum til hagvaxtarins á þessu ári.

### HVAÐ ER HAGVÖXTUR?

Hagvöxtur er vöxtur landsframleiðslu frá ári til árs. Landsframleiðsla er heildarverðmæti allra vara og þjónustu sem framleidd eru á Íslandi á tilteknu tímabili. Oftast er miðað við eitt ár.


GOLFKORT KB BANKA

HAGKVÆMUR KOSTUR FYRIR GOLFARA

Golfkort KB banka er fullgilt kreditkort sem veitir kylfingum fjölmörg fríðindi sem tengjast golfi og getur þannig sparað þeim umtalsverðar fjárhæðir. Allir geta sótt um Golfkort, hvort sem þeir eru í viðskiptum við KB banka eða ekki, á **golfkort.is**, í síma **444 7000** eða næsta útibúi KB banka.






# Sagði upp störfum

Vilhjálmur Baldursson hefur sagt starfi sínu hjá Sparisjóði Hólahrepps lausu eftir nokkurra mánaða starf. Að eigin sögn var honum boðið gott starf í Reykjavík sem hann þáði. Hann vill ekki tilgreina hvaða starf það er. Verið sé að ganga frá ráðningasamningi. Vegna ósamkomulags innan sparisjóðsins hafa áætlanir um uppbyggingu hans ekki gengið eftir segir hann. Það hafi haft áhrif á þá ákvörðun að snúa sér annað. **– bg**

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

# 5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPUNUM FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.

*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

## Gerðu kröfur – við uppfyllum þær!

Plasma og LCD sjónvörp eru vinsæl vegna gæðanna – útlits og upplausnar.
Þess vegna er viturlegt að vanda valið þegar kemur að kaupum á þessu veglega heimilistæki.

### 1. sæti:

Pioneer



**PIONEER PDP-435FDE**
- Plasma skjár.
- Skjástærð 43" / 109 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1200:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1024:768 dílar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

**Verð: 599.900 kr.**

### 2. sæti:

LOEWE.



**LOEWE Xelos A-26**
- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 26"
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dílar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

**Verð: 239.900 kr**

### 3. sæti:

SAMSUNG



**SAMSUNG PS-42 S4S**
- 42" plasma sjónvarp
- Upplausn: 852 x 480
- Birta: 1000 cd/m2
- Skerpa: 3000:1
- DNIe myndleiðrétting
- 2100 síðna textavarpsminni
- Líftími 60.000 klst

**Verð: 369.900 kr.**

4. sæti: annað merki
5. sæti: annað merki

### 6. sæti:

LOEWE.



**LOEWE Concept L-42**
- Plasma skjár.
- Skjástærð 42" / 106 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1000:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 852:480 dílar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari m / útvarpi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Fáanlegt Svart eða Grátt

**Verð: 399.900 kr.**

### 7. sæti:

SAMSUNG



**SAMSUNG LW26A33**
- 26" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280 x 768
- Birta: 500 cd/m2
- Skerpa: 600:1
- DNIe myndleiðrétting
- 200 textavarpsminni

**Verð: 199.900 kr.**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

**ÚTRÁSARVÍSITALA 109,69 -0,98%**

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjaldmiðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 405,25 | Lev | 40,24 | -1,82% |
| Carnegie | Svíþjóð | 91,50 | SEK | 8,13 | -2,23% |
| deCode | Bandaríkin | 10,10 | USD | 65,32 | 9,02% |
| EasyJet | Bretland | 2,60 | Pund | 114,41 | -1,11% |
| Finnair | Finnland | 7,30 | EUR | 78,69 | 1,83% |
| French Connection | Bretland | 2,38 | Pund | 114,41 | -3,04% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 54,75 | SEK | 8,13 | -0,33% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,06 | Pund | 114,41 | 0,83% |
| NWF | Bretland | 4,68 | Pund | 114,41 | -4,76% |
| Scribona | Svíþjóð | 14,50 | SEK | 8,13 | -1,69% |
| Singer & Friedlander | Bretland | 3,15 | Pund | 114,41 | -1,38% |
| Skandia | Svíþjóð | 43,60 | SEK | 8,13 | -2,36% |
| Somerfield | Bretland | 1,97 | Pund | 114,41 | 1,53% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 11. júlí 2005

# Financial Times bestir

**FINANCIAL TIMES** Besta dagblað í heimi samkvæmt þúsund málsmetandi mönnum.

Breska blaðið Financial Times er besta dagblað í heimi samkvæmt könnun svissneska ráðgjafafyrirtækisins Internationale Medienhilfe. Kemur þetta fram á fréttavef Reuters.

Könnunin var tekin meðal þúsund yfirmanna fyrirtækja, stjórnmálamanna, háskólakennara, blaðamanna og auglýsenda frá fimmtíu löndum.

Financial Times fékk tæplega tuttugu prósent atkvæða, Wall Street Journal var skammt á eftir í öðru sæti og Frankfurter Algemeine Zeitung í þriðja.

New York Times sem varð í fyrsta sæti í fyrra var í sjötta sæti í ár: „Sunday Times líður fyrir hneykslismál sem dunið hafa á blaðinu“, sagði í yfirlýsingu frá Internationale Medienhilfe. -jsk

**TÍU BESTU DAGBLÖÐ Í HEIMI**
**- samkvæmt könnun Internationale Medienhilfe**

| | |
|---|---|
| 1 Financial Times (Bretland) | 19.4 % |
| 2 Wall Street Journal (BNA) | 17.0 % |
| 3 Frankfurter Allgemeine (Þýskaland) | 16.2 % |
| 4 Le Monde (Frakkland) | 12.5 % |
| 5 Neue Zuercher Zeitung (Sviss) | 12.1% |
| 6 New York Times (BNA) | 8.1 % |
| 7 Intl Herald Tribune (Frakkland) | 5.2% |
| 8 Asahi Shimbun (Japan) | 2.6% |
| 9 El Pais (Spánn) | 1.9% |
| 10 Corriere della Sera (Ítalía) | 1.3% |
| Aðrir | 3.7% |

# Hækkuðu verð eftir harmleik

## Dæmi eru um að hótelherbergi í Lundúnum hafi þrefaldast í verði í kjölfar hryðjuverkaárásanna.



**HRYÐJUVERK** Þúsundir strandaglópa áttu einskis annarra úrkosta en að eyða nóttinni á hótelum í kjölfar hryðjuverkanna í Lundúnum.

Hótel í miðborg Lundúna eru sökuð um að hafa reynt að græða á eymd annarra eftir að upp komst að mörg hótelanna hækkuðu verð í kjölfar hryðjuverkaárásanna á borgina.

Þúsundir strandaglópa voru í miðborginni eftir árásirnar enda lágu allar samgöngur niðri. Margir þurftu því að eyða nóttinni á hóteli eða ganga að öðrum kosti til síns heima. Dæmi eru um að herbergi sem undir venjulegum kringumstæðum kosta 80 pund hafi kostað 250.

Grant Hearn, stjórnarformaður hótelkeðjunnar Travelodge, sagði svarta sauði vera í hótelbransanum rétt eins og annars staðar: „Ég er hneykslaður. Þarna hafa nokkrir einstaklingar fært sér í nyt eymd og sársauka annarra. Almenningur á rétt á að vita hverjir eiga í hlut.“

Thistle Group-hótelkeðjan var ein þeirra sem sökuð var um verðhækkanir: „Við könnumst ekki við að hafa hækkað verð á gistingu í kjölfar harmleiksins,“ sagði talsmaður fyrirtækisins. - jsk

# Evrópumenn drekka minna

Velta stærsta áfengisframleiðanda veraldar, Diageo, mun aukast um sex prósent á árinu ef eitthvað er að marka spár. Fyrirtækið útilokar þó ekki að hægist á vexti í náinni framtíð, enda drekki Evrópumenn minna og hægar en áður.

Um fjögur prósent söluaukning varð á lykilafurðum fyrirtækisins en Diageo framleiðir marga fræga drykki á borð við Guinness-bjór, Smirnoff vodka, Captain Morgan romm og Baileys líkjör.

Mikil samkeppni er á áfengismarkaði og sækir franski framleiðandinn Pernod Ricard, sem meðal annars bruggar Jameson viskí, hart að Diageo. -jsk




**ÍSKALDUR GUINNESS** Áfengisframleiðandinn Daigeo varar við því að rekstrarskilyrði kunni að versna í áfengisiðnaði og segir Evrópumenn drekka minna og hægar en áður.

# Dreamworks í vanda

## Einn stærsti teiknimyndaframleiðandi veraldar hefur nú gefið út afkomuviðvörun og sætir rannsókn bandaríska fjármálaeftirlitsins.

**Jón Skaftason**
skrifar



Fréttablaðið/AFP

**SHREK Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Það blæs ekki byrlega fyrir framleiðanda Shrek, Dreamworks, fyrirtækið sætir nú rannsókn Fjármálaeftirlitsins og hlutabréf í félaginu hríðfalla.

Hlutabréf í bandaríska teiknimyndaframleiðandanum Dreamworks féllu í verði um tæp fimmtán prósent á mánudag. Útlitið er því dökkt hjá þessum teiknimyndarisa sem frægur er fyrir myndir á borð við Shrek og Madagaskar; afkomuspá fyrir annan ársfjórðung var nýverið endurskoðuð og Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur hafið rannsókn á viðskiptum með bréf í félaginu.

Talsmaður Dreamworks segir fyrirtækið sýna Fjármálaeftirlitinu mikinn samstarfsvilja og að þrátt fyrir að rannsókn standi yfir hafi Dreamworks ekkert óhreint í pokahorninu.

Félagið sendi í kjölfar rannsóknarinnar út afkomuviðvörun til hluthafa og sagði þá mega búast við minni arði af bréfum sínum en áður hafði verið ætlað.

Nýjustu myndir Dreamworks hafa ekki gengið sem skyldi. Kenna sérfræðingar um offramboði á markaði, auk þess sem sala á mynddiskum hefur minnkað hratt undanfarin misseri. Var til að mynda milljón eintökum af Shrek 2 skilað aftur til framleiðanda.

Þróunin hefur verið svipuð hjá öðrum teiknimyndaframleiðendum. Aðalkeppinautur Dreamworks, Pixar, endurskoðaði nýverið afkomuspá sína fyrir árið eftir að nýjasta mynd fyrirtækisins, The Incredibles, seldist í færri eintökum en vonast hafði verið eftir.

Dreamworks, sem var stofnað af Steven Spielberg, David Geffen og Jeffrey Katzenberg, fór á hlutabréfamarkað í New York í október á síðasta ári. Allt gekk eins og í sögu til að byrja með, bréfin hækkuðu um rúm fimmtíu prósent á skömmum tíma, en fljótlega fór að síga á skuggahliðina.

Stjórnarformaður Dreamworks, Jeffrey Katzenberg, segir þó enga ástæðu til að örvænta á þessu stigi málsins: „Það er of snemmt að draga ályktanir. Vissulega er mikil samkeppni á markaðnum, kannski eru fleiri titlar í hillunum en skynsamlegt er. Hins vegar vitum við ekkert um hvort ástandið er tímabundið eða varanlegt.“



Lincoln Aviator


Lincoln Navigator


Lincoln Mark LT
Væntanlegur

Þekkir þú tilfinninguna þá stund þú rennur að landi eftir góðan dag? Taugarnar farnar að róast og bjartsýnin fyllir mann og annan gleði og krafti? Hvernig það er að ljúka deginum í sátt og samlyndi við Guð og náttúruna - renna sér uppí jeppann og rétt finna þýða V8 Lincoln vélina þjóna þér sem sægreifa? Tilfinningin er einungis þeirra sem reynt hafa. Satín-nikkel. Amerísk hnota. Hanskaleður í sætum. Þú ekur **Lincoln Aviator** í kvöldroðanum og heldur þig á flugi og mjúkum skýjum. Lincoln er handverk sem er unnið af alúð og myndar glæsileika sem á sér enga fyrirmynd. Yfirmáta fjölbreyttur. Sérlega fágaður. Framúrskarandi. Þetta er Lincoln. Lúxusmerkið sem vinir okkar vestra velja af öryggi fyrir forseta Bandaríkjanna. Góður fyrir þig líka.



Háþróuð rafeindastýrð Lincoln stöðugleikastýring með veltivörn fylgist stöðugt með hreyfingum bílsins. Nemi kerfið möguleika á veltu grípur það sjálfkrafa inn í aksturinn áður en þú verður þess var. Kerfið aðstoðar þig og dregur úr vélarafli og hemlar hjólin þangað til stöðugleika hefur verið náð. **Lincoln Aviator** þjónar sex, jafnvel sjö manns. Vellíðan er besta öryggið í akstri og er að finna í smáatriðum. Þú velur sætaskipan á þann hátt sem enginn annar bíll í sama flokki býður. Prófaðu.

Lincoln THX hljómkerfið* þjónar sex diskum og níu hátalarar stýra tónaflóðinu. Hönnuðir Lincoln og THX unnu saman við að þróa einstakt hljómkerfið þar sem hinn eini sanni hljómur er samur við hvaða styrk sem er. Þetta er Lincoln. Mælikvarði á amerískan lúxus sem loksins er í boði fyrir kröfuharða Íslendinga. Breyttu til. Veldu **Lincoln Aviator**.

Komdu í Brimborg og þú ert á öruggum stað viljir þú þjónustu sérfræðinga Lincoln á Íslandi. Brimborg. Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ. brimborg

www.lincoln.is

Lincoln Aviator Luxury AWD 4.6 V8 302 hö. bensín 5 þrepa sjálfskipting. Verð 5.965.000 kr.*
Lincoln Navigator Luxury 4x4 5.4 V8 300 hö. bensín 6 þrepa sjálfskipting. Verð 6.985.000 kr.*
Lincoln Navigator Ultimate 4x4 5.4 V8 300 hö. bensín 6 þrepa sjálfskipting. Verð 7.385.000 kr.*



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

# Bankar á leynilegri spjallrás

Bankayfirvöld í Bretlandi þakka leynilegri spjallrás á netinu að hægt var að halda mörkuðum opnum eftir hryðjuverkaárásirnar á Lundúnir.

Spjallrásin var opnuð í kjölfar hryðjuverkaárásanna í New York 11. september 2001 og hafa öll stærstu fjármálafyrirtæki Bretlands aðgang. Spjallrásin er ætluð til samráðs komi upp neyðarástand og er þetta í fyrsta skipti sem hún er notuð.

Viðskipti á mörkuðum í Lundúnum héldu áfram eftir árásirnar líkt og ekkert hefði í skorist. David Key, framkvæmdastjóri Control Risk Group sem ráðleggur fjármálafyrirtækjum hvernig bregðast skuli við neyðarástandi, lofaði viðbrögðin: „Þetta sýnir að þær ráðstafanir sem gerðar voru í kjölfar 11. september virka. Yfirvöld eiga hrós skilið.“ - jsk



**AF MARKAÐI** Markaðir í Bretlandi gengu eins og smurð vél eftir hryðjuverkaárásirnar í Lundúnum. Yfirvöld þakka það leynilegri spjallrás á netinu.



**PETER MANDELSON SKÁLAR VIÐ VIÐSKIPTARÁÐHERRA KÍNA** Mandelson er framkvæmdastjóri viðskiptamála hjá Evrópusambandinu og réttlætir háa tolla á kínverskar útflutningsvörur með því að ekki enn sé markaðshagkerfi í landinu.

# Kína ekki markaðshagkerfi

**Peter Mandelson segir að ekki sé markaðshagkerfi í Kína. Fengju Kínverjar þann stimpil yrði ríkjum gert erfiðara um vik að leggja hömlur á útflutning frá Kína.**

Kínverjar uppfylla ekki skilyrði til að teljast markaðshagkerfi, segir Peter Mandelson framkvæmdastjóri viðskiptamála hjá Evrópusambandinu.

Til markaðshagkerfa teljast ríki þar sem framleiðsla er að stærstum hluta í höndum einkaaðila og inngrip ríkisins í lágmarki. Alþjóðaviðskiptastofnunin leyfir ekki að háir tollar séu lagðir á vörur sem frá slíkum hagkerfum koma.

Ríkisstjórn Bretlands hefur lagt til að Kínverjar fái stimpilinn en Mandelson sagði tillögurnar af pólitískum toga, ekki viðskiptalegum: „Í Kína er ekki markaðshagkerfi. Ég held að hugmyndin með tillögunum sé að styrkja tengsl Evrópu og Kínverja“.

Nýlega hóf Evrópusambandið rannsókn á meintum brotum Kínverja, sem sakaðir eru um að selja skó og frosin jarðaber undir kostnaðarverði á Evrópumarkaði en slíkt réttlætir viðskiptahindranir samkvæmt reglugerð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Mandelson segir Kínverja vissulega stefna í átt til markaðsbúskapar en telur þá ekki komna á leiðarenda: „Ríkið truflar enn þá eðlilegan gang hagkerfisins. Það er nauðsynlegt að beita viðskiptahindrunum þegar verið er að selja vöru undir kostnaðarverði“. -jsk

## SÖGUHORNIÐ

## John D. Rockefeller – 166 ára

Bandaríski kapítalistinn og stofnandi Standard olíurisans, John D. Rockefeller, fæddist þann 8. júlí árið 1839.

Rockefeller ólst upp í New York fylki og var næstelstur sex systkina. Hann fékk snemma mikinn áhuga á viðskiptum og tók viðskiptafræðigráðu í framhaldsskóla.

Þegar námi lauk starfaði Rockefeller til skamms tíma sem bókhaldari hjá skipafyrirtækinu Hewitt and Turtle. Hann undi hins vegar ekki lengi þar og fór fljótlega út í sjálfstæðan rekstur.

Árið 1858 stofnaði hann fjárfestingafélagið Clark and Rockefeller og keypti árið 1862 stóran hlut í olíuhreinsunarstöð. Rockefeller varð fljótlega umsvifamikill í bransanum og keypti og seldi grimmt.

Árið 1870 sameinaðist fyrirtæki Rockefellers öðrum olíufyrirtækjum og var Rockefeller gerður að forseta hins nýja olíurisa. Fyrirtækið var nefnt Standard Oil.

Rockefeller og félagar sátu ekki auðum höndum og hófu að leggja undir sig öll þau olíufyrirtæki sem á vegi þeirra urðu. Andstæðingum sínum ruddi hann ýmist úr vegi eða fékk til liðs við sig og varð Standard Oil fljótlega einrátt á markaði. Rockefeller og félagar auðguðust gríðarlega en lágu ávallt undir ámæli fyrir vafasama viðskiptahætti.

Svo fór að lokum árið 1911 að Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði Standard Oil, sem þá hafði 64 prósent markaðshlutdeild, einokunarfyrirtæki og fyrirskipaði að því skyldi skipt upp. Úr urðu 37 fyrirtæki.

Rockefeller skipti sér lítið af Standard Oil eftir 1895 en var þó að nafninu til forseti þess til 1911.

Rockefeller var á sínum tíma langríkasti maður veraldar og voru auðæfi hans metin á 900 milljónir Bandaríkjadala. Jafngildir það 200 milljörðum dala að núvirði og ljóst að enginn núlifandi auðkýfingur kemst með tærnar þar sem hann hafði hælana.

Eftir að hann lagðist í helgan stein einbeitti Rockefeller sér að góðgerðastörfum og gaf stærstan hluta auðæfa sinna til hinna ýmsu málefna. Rockefeller lést í Flórída árið 1937. -jsk



Fréttablaðið/GettyImages

**JOHN D. ROCKEFELLER** Er líklega ríkasti maður sögunnar ef allar breytur eru teknar með í reikninginn. Gaf mestan hluta auðæfa sinna til góðgerðarmála.





**EYRISMENN** Feðgarnir Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson hafa náð að byggja upp öflugt fjárfestingafélag síðustu fimm ár. Þeir leggja áherslu á gott samstarf við aðra hluthafa og stjórnendur.

# Góðum fyrirtækjum breytt í frábær

## Eyrir spilaði vel úr mótlætinu og feðgarnir Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson stýra nú sterku fjárfestingarfélagi. Hafliði Helgason ræddi við feðgana um upphafið og framtíðarsýnina.

Fjárfestingarfélagið Eyrir er verk feðganna Þórðar Magnússonar og Árna Odds Þórðarsonar og heldur upp á fimm ára afmæli sitt. Þórður hafði starfað árum saman sem fjármálastjóri hjá Eimskipafélaginu, lykilfyrirtæki þjóðarinnar þangað sem lágu þræðir viðskiptalífsins. Árni Oddur var einn af ungu mönnunum á verðbréfamarkaðnum og var yfirmaður á verðbréfasviði Búnaðarbankans. Báðir eru þeir með MBA gráðu. Þórður frá Minnesota, löngu áður en menn þekktu til gráðunnar að neinu marki hér á landi og Árni Oddur frá IMD í Sviss. Árni tilheyrir kynslóð sem fylgdi úr hlaði kornungum hlutabréfamarkaði þegar feðgarnir ákváðu að stofna Eyri utan um fjárfestingu sína í Gildingu. Árið var 2000 og mikil bjartsýni einkenndi efnahagslífið.

### MÓTBYR Í BYRJUN

Það væri synd að segja að Eyrir hafi fengið óskabyrjun. Krónan veiktist snögglega og hlutabréf lækkuðu í verði. Gilding sameinaðist Búnaðarbankanum um það leyti sem hlutabréfaverð náði lágmarki. Síðan þá hefur leið Eyris legið upp á við. Félagið er í dag með mikinn fjárhagslegan styrk og eignarhluti í leiðandi framleiðslufyrirtækjum og íslenskum bönkum. „Við sáum fyrir okkur á þessum tíma að breytingar myndu verða á bankamarkaðnum og við ætluðum okkur að taka þátt í þeim," segir Þórður. „Við sáum tækifæri í því og þótt það hafi gerst með öðrum hætti en við bjuggumst við þá hefur þróunin í stórum dráttum verið í samræmi við það sem við sáum fyrir okkur."

Þeir neita því ekki að það hafi farið um þá þegar markaðir lækkuðu hratt skömmu eftir stofnun félagsins. „Við vorum ekki í því að spegla markaðinn. Við horfðum mikið á bankamarkaðinn, en fjárfestum jafnframt í öðrum félögum. Við töldum okkur alltaf vera með mjög góðar og sterkar eignir í eignasafninu, enda þótt þær reiknuðust verulega niður," segir Árni Oddur. Meðal eigna Gildingar voru Pharmaco sem nú heitir Actavis sem var þá stærsta eignin. „Önnur eign var í Baugi sem hafði allar forsendur til þess að vaxa. Við vorum einnig í Kaupþingi sem reynst hefur mikið ævintýri og í Össuri og Marel." Árni Oddur segir verulegar þrengingar hafa verið á markaði. „Peningamagn í umferð dróst verulega saman. Sambærileg staða hafði einungis komið tvisvar upp áður, á áttunda áratugnum og í kreppunni miklu á þriðja og fjórða áratugnum. Margir fjárfestar lentu í vandræðum og það fór um okkur." Sameiningin við Búnaðarbankann reyndist happadrjúg. Bankinn fékk eignasafn fyrirtækja sem spjöruðu sig vel þegar markaðurinn rétti úr kútnum og Eyrir naut ávaxtanna af hækkandi gengi bankans, sameiningar við Kaupþing og farsællar útrásar bankans undanfarin misseri.

### GOTT SAMSTARF VIÐ S-HÓPINN

Þeir feðgar juku hlut sinn í Búnaðarbankanum og var hluti hópsins sem starfað hafði saman í Gildingu kominn með um fjórðungs hlut þegar hlutur ríkisins var seldur til S hópsins. „Raunin varð að S hópurinn fékk að kaupa hlut ríkisins í bankanum. Við áttum síðan afar farsælt samstarf við S-hópinn og við vorum fljótt á sömu línu um hvað væri best að gera, það er að hefja viðræður við Kaupþing um eflingu á bankanum," segir Árni Oddur. „Eigendahópur bankans er mjög sterkur og samstíga," bætir Þórður við.

Árni Oddur segir að allir hluthafarnir hafi keypt sig inn á sömu sýn um bankann. „Stjórnendum bankans hefur tekist mjög farsællega við framrás bankans."

Fylgifiskur núverandi efnahagsuppsveiflu er sterk króna. Fjárfestingar Eyris eru í fyrirtækjum sem hafa tekjur í erlendri mynt. Félög eins og Össur og Marel sem hafa kostnað í íslenskum krónum. „Að mörgu leyti eru ytri aðstæður þessum félögum ekki hagstæðar. En hins vegar hafa þessi félög ákveðna framtíðarsýn og hafa skilgreint sinn markað mjög vel. Þau hafa gert sér grein fyrir því að til þess að ná árangri þarf að skara fram úr á þeim skilgreinda markaði sem þau eru að vinna á," segir Þórður „Þessi félög hafa verið að ná verulegum árangri á sínum markaði og jafnframt náð að hagræða í rekstrinum sem gerir þeim betur kleift að ráða við þessar ytri aðstæður. Össur og Marel hafa verið að ná árangri í tekjuhliðinni með magninu enda þótt afraksturinn skili sér ekki að fullu í íslenskum krónum."

### UNGIR OG REYNDIR STJÓRNENDUR

Árni Oddur bendir á að innri vöxtur félaganna hafi verið verulegur undanfarin misseri, auk ytri vaxtar með kaupum á fyrirtækjum. „Þau eru vel í stakk búinn fyrir frekari vöxt og það hefur komið fram í máli stjórnenda þessara félaga að sá vöxtur verður erlendis, það er með uppbyggingu framleiðslueininga í útlöndum til að skapa erlendar tekjur." Hann segir að sú uppbygging muni síðan styrkja jafnvægið í fyrirtækjunum og starfsemina hér á landi.

Ýmsum hefur gengið erfiðlega að átta sig á því hvernig á því standi að íslensk fyrirtæki sæki svo hratt fram. Þórður bendir á lífeyrissjóðina og ýmsa aðra þætti. „Ég held að stjórnendateymið í íslenskum fyrirtækjum sé ungt, en um leið komið með mikla reynslu. Í KB banka sem dæmi er sama stjórnendateymi búið að starfa saman í tíu ár, en meðalaldurinn í hópnum er ekki nema um 40 ár. Ég held að uppbygging menntunar hafi mikið að segja. Það er tiltölulega stór hópur sem hefur sótt sér framhaldsmenntun erlendis," segir Þórður. Árni Oddur bætir því við að þarna komi smæð þjóðarinnar fram sem kostur og einnig í því að til þess að vaxa verði menn að leita út fyrir landsteinana. Þetta endurspeglast í eignasafni Eyris. „Marel er með 97 prósent af sínum tekjum erlendis, Össur með 99 prósent, Bakkavör með 100 prósent og KB banki stefnir í 80 prósent af tekjum erlendis frá."

### SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA Í NÝSKÖPUN

Fyrirtækin í safni Eyris eru komin til nokkurs þroska og út úr eignunum má lesa stefnu um að fjárfesta í leiðandi fyrirtækjum í sinni grein. Þórður hefur einnig sinnt sprotafyrirtækjum. „Ég hef ekki síst litið á það sem samfélagslegt hlutverk að fylgja eftir góðum hugmyndum og rækta þær. Það tekur langan tíma að þroska hugmynd þangað til hún verður að raunverulegum árangri í rekstri." Helstu verkefni á því sviði eru Marorka sem framleiðir hugbúnað og tækni fyrir orkustjórnun skipa. Sá búnaður er þegar komin í innlend og erlend skip. Hitt fyrirtækið er Handtölvur sem skapa mikið hagræði í birgðahaldi með hugbúnaði fyrir þráðlausar handtölvur sem halda utan um pantanir og senda jafnharðan upplýsingar í lagerbókhald fyrirtækja. „Þessi fyrirtæki hafa alla burði til að skila verulegum árangri ef maður horfir til lengri tíma."

Fjárfestar gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu atvinnulífsins. Þeir feðgar hafa viljað koma að stjórn fyrirtækja sem þeir fjárfesta í. Viljað miðla af reynslu og þekkingu og læra nýja hluti. Eyrir hefur fylgt útrásinni. „Um fimmtungur af eignum okkar er nú í fyrirtækjum sem skráð eru erlendis. Við eru eins og aðrir að þreifa fyrir okkur," segir Árni Oddur. Þórður segir að þar sé sömu stefnu fylgt og hér heima, að þekkja vel til starfsgreinarinnar og velja fyrirtæki sem eru leiðtogar á sínum markaði. „Við beitum fókus fjárfestingartækni þar sem við fylgjumst með 30 til 40 fyrirtækjum af þeim tæplega þúsund sem eru skráð á markað á Norðurlöndum, þar með talið Íslandi. Af þeim fjárfestum við kannski í tíu til fimmtán með megin hluta eignanna í þremur til sjö fyrirtækjum," segir Árni Oddur.

### ÚR GÓÐUM FYRIRTÆKJUM Í FRÁBÆR

Þeir feðgar leggja mikið upp úr góðu samstarfi við aðra hluthafa og stjórnendur. Þeir seldu hlut sinn í Flugleiðum fyrir skemmstu og vilja lítið tjá sig um það að öðru leyti en því að ýmsar ástæður getir legið að baki sölu. Stundum náist markmið fyrr en ella og stundum séu menn einfaldlega ekki samstíga. „Það er hægt að greiða atkvæði bæði með höndunum og fótunum," segir Árni Oddur.

Nýverið flutti Eyrir í eigið húsnæði á Skólavörðustíg og í hópinn hafa bæst Margrét Jónsdóttir fjármálastjóri sem var áður fjármálastjóri Veðurstofunnar og yfirmaður reikningshalds hjá FBA og Aldís Arna Tryggvadóttir nýútskrifuð úr HR er kominn til greiningarstarfa hjá Eyri. Starfsmenn eru nú fjórir. Eftir önnur fimm ár sjá þeir feðgar ekki fyrir sér mjög breytt félag. Stefnan verði sú sama, en erlendar eignir stærri hluti af safninu. Starfsfólki hefur fjölgað enn frekar og markmiðið er að 2-3 falda stærð og styrk félagsins á næstu fimm árum. Félagið hefur ríflega tífaldast á síðustu fimm árum og er nú með um fimm milljarða í eigin fé og eignir á bilinu tíu til tólf milljarða. „Fyrst og fremst væri gaman að sjá vinnast úr þeim félögum sem við eigum í," segja þeir. Ánægjan við starfið felst í sköpuninni sem fylgir því að byggja upp fyrirtæki og fylgjast með vexti þeirra. Þeir leggja áherslu á að hluthafar og stjórnendur hafi sömu sýn á reksturinn. „Við viljum koma að stefnu fyrirtækja og fjármagnsskipan. Það eru mjög skemmtileg verkefni sem við komum að. Við viljum fyrirtæki sem eru góð og þurfa stuðning hluthafa til að leysa úr læðingi kraftinn sem býr í þeim og breyta þeim í frábær fyrirtæki," segja feðgarnir í Eyri.

**„Peningamagn í umferð dróst verulega saman. Sambærileg staða hafði einungis komið tvisvar upp áður; á áttunda áratugnum og í kreppunni miklu á þriðja og fjórða áratugnum. Margir fjárfestar lentu í vandræðum og það fór um okkur.**

**Hlutfallsleg skipting eigna Eyris**

**Innanlands:**

| | |
|---|---|
| Össur | 20% |
| Bakkavör | 19% |
| KB banki | 17% |
| Marel | 17% |
| Landsbankinn | 9% |

**Á Norrænum mörkuðum:**

| | |
|---|---|
| Svíþjóð | 7% |
| Finnland | 7% |
| Danmörk | 4% |




## Söfnunarsímar:

**907-2001**
**og skuldfærast þá 1000 kr. af símareikningi**

**907-2003**
**og skuldfærast þá 3000 kr. af símareikningi**

**Bankareikningur söfnunarinnar er**

**513-14-606030 kt. 511083-0369.**

# Hjólaðu með 15. júlí!

**Allar upplýsingar á**

## www.hjartaheill.is

Hjartaheill þakkar eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn, án þeirra væri þetta ekki veruleiki:




**FYRIRTÆKJAKAUP ÍSLENDINGA NÁ ALLA LEIÐ TIL INDLANDS** Róbert Wessman, forstjóri Actavis ásamt forsetum Íslands og Indlands á Indlandi.




**TVÖ ÍSLENSK SKIPAFÉLÖG HÖFÐU ÁHUGA Á GEEST** Samskip tvöfaldaði veltu sína með kaupum á hollenska skipafélaginu Geest.



**EIGENDUR ICELAND EXPRESS HAFA KEYPT TVÖ DÖNSK FLUGFÉLÖG** Danska flugfélagið Sterling og Maersk velta um 60 milljörðum króna og flytja fimm milljónir farþega á ári.



**MATVÆLAFRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKIÐ BAKKAVÖR ER ÞAÐ STÆRSTA Í BRETLANDI** Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar kynnir fjárfestum kaupin á Geest sem kostaði um 70 milljarða króna.



**KYNNTU SÉR STARFSEMI BRESKA VERÐBRÉFAFYRIRTÆKISINS TEATHER & GREENWOOD** Stjórnendur Landsbankans skoða hvað þeir fengu fyrir sinn snúð.

# Fyrirtækjakaup fyrir 500 milljarða

20 stærstu fyrirtækin sem íslensk fyrirtæki hafa keypt á síðustu 18 mánuðum kosta samtals 450 milljarða króna. Íslensk fyrirtæki hafa eignast tugi erlendra fyrirtækja að undanförnu og ekkert lát virðist á. Fjármálafyrirtæki sem íslensku bankarnir þrír hafa keypt kosta í kringum 200 milljarða og hefur markaðsvirði þeirra aukist mjög mikið að sama skapi.

**STÆRSTU FYRIRTÆKJAKAUPIN – Í MILLJÖRÐUM KRÓNA**

| Félag sem hefur verið keypt | Áætluð velta á ári | Áætlað kaupverð | Kaupandi |
|---|---|---|---|
| Geest-matvælaframleiðsla | 113 | 70 | Bakkavör |
| Big Food Group | 610 | 40 | Baugur og tengdir aðilar |
| Amide | 70 | 33 | Actavis |
| Mosaic* | 43 | 30 | Baugur og tengdir aðilar |
| Labeyrie | 27 | 29 | SÍF |
| Goldsmiths** | 21 | 14 | Baugur og tengdir aðilar |
| Excel Airways | 32 | 13 | Avion |
| Magasin | 30 | 6 | Baugur og tengdir aðilar |
| Sterling | 20 | 5 | Félög tengd Iceland Express og Pálma Haraldsson |
| Per Scent | 5 | 5 | Milestone, meðal annars í eigu Karls Wernerssonar |
| Seachill | 12 | 5 | Icelandic (SH) |
| Geest-skipafélag | 18 | 3,5 | Samskip |
| SleepTech | 9 | 2 | Flaga |
| Lotus Laboratories | | 1,6 | Actavis |
| Cavaghan & Gray Seafood | 5 | 1,6 | Icelandic (SH) |
| **Samtals:** | | **259** | |

* áætlað markaðsverð ** kaupverð með skuldum

Margir ypta öxlum yfir kaupæði Íslendinga erlendis og í þetta sinn er ekki um föt og munaðarvörur að ræða heldur heilu fyrirtækin. Leiðin hefur aðallega legið til Bretlands í verslunarferðir, ekki þó Glasgow eins og helgarferðirnar forðum heldur til London.

Ástæður þess að Íslendingar hafa flykkst í verslunarferðir til nágrannalandanna hafa verið hátt verðlag hér á landi sem og lítið úrval. Sömu ástæður má nefna fyrir fyrirtækjakaupunum. Takmarkað úrval er hér á landi á fyrirtækjum á hagstæðu verði og áhugi hvers fyrirtækis fyrir sig liggur oftast í fyrirtækjum á svipuðu róli og starfsemi þess er á.

Tækifærin liggja erlendis, segja stjórnendur fyrirtækja oft að loknum erlendum fyrirtækjakaupum og felst mikill sannleikur í þeim orðum. Þess vegna er það bara rökrétt þróun af ástandinu hér á landi að fyrirtæki og fjárfestar leiti erlendis að fyrirtækjum til að kaupa og reka. Bæði er verið að dreifa áhættu og nýta þá kunnáttu sem hefur skapast með rekstri og fyrirtækjakaupum hér á landi. Bankarnir hafa staðið þétt við hlið íslensku fyrirtækjanna í kaupum þeirra og nú þegar íslensku fyrirtækin eru orðin nægjanlega stór til að leita á önnur mið halda þau tryggð við banka sína. Skylduræknin ein getur ekki ráðið þar um heldur þekking, kaup og kjör sem viðskiptavinirnir sætta sig við.

**AUKIN LÁNSGETA**

Eins og alþjóð veit hefur landinn verið óhræddur að nota kreditkort til innkaupa og hækka yfirdráttarheimildina. Smáskuldir skaða engan. Það sama gildir um fyrirtækin, þau eru óhrædd við að taka lán og einnig er auðvelt að komast yfir lán. Góðærið síðustu ár hefur einnig aukið lánsgetu fyrirtækjanna, því að uppsafnaðan hagnað er hægt að nýta sem eigið fé í frekari kaup.

Oft er sagt að Íslendingar séu áhættusæknir en einnig má útskýra þetta með því að það þykir ekkert tiltökumál að skulda, svo lengi sem ástæðan fyrir skuldunum er góð og hægt verði að greiða upp lánið á viðráðanlegan máta. Með svolitla bjartsýni í farteskinu er flest hægt og hingað til hefur þetta gengið.

Auðvitað eru til nokkur dæmi um fjárfestingar erlendis sem hafa ekki staðið undir væntingum. Í fljótu bragði virðist þó sem þær eignir hafi verið seldar því langvarandi tap er ekki liðið.

En það er ekki nóg að gera góð kaup, kaupin þurfa líka að borga sig. Rekstur fyrirtækjanna sem Íslendingar hafa keypt erlendis hefur verið misjafnlega góður, allt frá langvarandi taprekstri til fyrirtækja sem skila miklum hagnaði og borga jafnvel góðan arð.

**500 MILLJARÐA FJÁRFESTINGAR**

Fjárfestingar Íslendinga erlendis á síðustu 18 mánuðum nema hundruðum milljarða króna. Kaupverð stærri kaupa sem og skráðra fyrirtækja er gefið upp og nemur samtals 450 milljörðum króna. Gera má ráð fyrir að kaupin nemi mun hærri upphæð ef allt er talið með.

Mikið framboð hefur verið af peningum og í stað þess að geyma þá undir kodda og inni á bankabókum fyrirtækjanna þarf að ávaxta þá. Í kjölfar gífurlegra hækkana á innlendum hlutabréfamarkaði hafa fyrirtæki og einstaklingar verið að innleysa hagnað og hafa getað fjárfest enn frekar í öðrum verkefnum. Einnig er hægt að fá aukin lán út á meiri eign sem felst í hlutabréfum.

Ein af ástæðum þess að fjallað hefur verið um útrásina sem eitthvert fyrirbæri er líklega sú mikla athygli sem fyrirtækjakaup Íslendinga hafa vakið erlendis. Um leið og erlendir fjölmiðlar sýna litla Íslandi áhuga er eins og eitthvað mikilvægara sé á seyði. En kannski er ekkert merkilegt á seyði, einungis eðlilegt framhald á þeirri þróun sem varð í kjölfar opnari fjármálamarkaða og einkavæðingar bankanna.

Hlutur bankanna í útrásinni er mikill því að bankarnir hafa staðið við hlið íslenskra fyrirtækja, bæði með lánum, ráðgjöf og þátttöku í kaupum á erlendri grund.

**STERKT GENGI**

Íslenska krónan hefur verið mjög sterk að undanförnu sem þýðir að erlendir gjaldmiðlar verða ódýrari en ella. Að sama skapi verða erlendar vörur, sem og fyrirtæki, mun ódýrari í íslenskum krónum. Þetta hefur ýtt undir enn frekari fyrirtækjakaup vegna þess að virði fyrirtækjanna verður meira, í íslenskum krónum, þegar krónan veikist. Sérfræðingar eru sammála um að krónan sé of sterk um þessar mundir og að leiðrétting eigi eftir að verða.

Mörg fyrirtæki koma til með að verða verðmeiri þegar gengið fellur en það eru þau félög sem eru skráð hér á landi en starfsemi þeirra að mestu leyti erlendis. Sem dæmi má nefna Bakkavör, Össur og Marel. Á móti kemur að útflutningsfyrirtæki hafa þurft að líða fyrir hátt gengi krónunnar því lægra verð fæst fyrir vörur fyrirtækjanna.

Með útrás er stundum verið að stækka fyrirtækin, til dæmis með kaupum á fyrirtækjum í svipuðum geira. Því er til dæmis þannig varið með kaup Össurar á stoðtækjaframleiðendum í Bandaríkjunum.

Önnur kaup eru til að hasla sér völl á nýjum mörkuðum eða í nýjum löndum. Kaup Actavis eru skýrt dæmi um það. Actavis hefur bæði verið að kaupa lyfjaverksmiðjur og dreifingaraðila. Actavis hefur keypt mörg fyrirtæki í Evrópu, eitt á Indlandi og nú síðast í Bandaríkjunum, til að hafa aðgang að markaði



**GOTT SAMKOMULAG** Tony Shearer, forstjóri Singer & Friedlander með Sigurdi Einarssyni, stjórnarformanni Kaupthing Bank.






**ÍSLANDSBANKI HEFUR BYGGT UPP STARFSEMI Í NOREGI MEÐ YFIRTÖKUM Á ÖÐRUM SMÆRRI BÖNKUM** Stjórnendur BNbank, Kredittbanken og Íslandsbanka.



**FORSETI ÍSLANDS VÍGÐI NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR EXCEL AIRWAYS Í LONDON** Nýlega bætti félagið svo þremur breskum ferðaskrifstofum í safnið.



**GOLDSMITHS VERSLUN** Skartgripakeðjan er í eigu Baugs og fleiri íslenskra aðila.



**DANSKI BANKINN FIH KOSTAÐI 84 MILLJARÐA** Stjórnendur KB banka og FIH kynna kaupin.



**RÚSSNESKAR PÖNNUKÖKUR** Franska matvælafyrirtækið Labeyrie, sem er í eigu SÍF, framleiðir meðal annars rússnesku pönnukökurnar Blini.

þar meðal annars.

Eitt sem einnig verður að hafa í huga er að lítill vöxtur er í Evrópu og samdráttur á helstu mörkuðum. Mikil svartsýni ríkir á hagvöxt komandi ára og halda flestir að sér höndunum vegna varkárni og svartsýni.

Mikið af fjármagni er þó í umferð sem leitar fjárfestingatækifæra en erlendir fjárfestar hafa ekki sýnt íslenska markaðnum mikinn áhuga. Ef hækkanir síðustu ára eru skoðaðar áætla líklega flestir erlendir fjárfestar að um óstöðugan markað sé að ræða sem komi ekki til með að vaxa jafnmikið áfram.

Erlendir fjárfestar hafa ekki fjárfest að neinu ráði í íslenskum skráðum fyrirtækjum nema Össuri en í ljósi þess hversu mikla athygli íslenskir fjárfestar hafa vakið erlendis ætti Ísland að laða meira að.

**NÆSTA SKREF**

Mikilvægasta atriðið er þó rekstrarárangurinn í útrásarverkefnum. Í afkomuspá Greiningar Íslandsbanka segir að nú reyni á að ná utan um þann rekstur og auka þar verðmæti. Mest reynir á KB banka í FIH og Singer & Friedlander, Bakkavör í Geest, Íslandsbanka í BN banka og KredittBanken, Actavis í Amide, og rekstrinn hjá Mosaic. Í tengslum við útrás fyrirtækjanna er einnig fjallað um annan áhrifaþátt í afkomuspánni sem er hugsanleg mettun fjárfesta. Er þar átt við að takmörk séu fyrir bæði vilja og getu fjárfesta til að skuldsetja sig til að taka þátt í stórum hlutafjárútboðum. Í afkomuspánni segir: „Nú þegar öll stærstu félögin í Kauphöllinni hafa nýverið sótt aukið fé til hluthafa sinna er vert að spyrja sig hvar þau takmörk liggja. Í öllu falli er erfiðara fyrir félag sem nýlokið hefur stóru hlutafjárútboði að koma fljótt aftur og sækja meira fé. Þá stendur félagið frammi fyrir skertum möguleikum til ytri vaxtar nema því takist að breikka hluthafahópinn. Því er mikilvægt fyrir viðgang íslenska hlutabréfamarkaðarins að erlendir fjárfestar verði virkari á honum.“

Þrátt fyrir að í þessari grein sé eingöngu beint sjónum að kaupum á fyrirtækjum í heild má ekki gleyma því að nefna kaup Íslendinga á stórum hlutum í erlendum fyrirtækjum fyrir tugi milljarða. Oft er um að ræða verulega eignarhluti, og af reynslunni að dæma liggur meiri áhugi að baki en eingöngu ìgóð fjárfestingî. Hingað til hafa kaup íslenskra fyrirtækja í umtalsverðum hlutum í erlendum fyrirtækjum þýtt yfirtöku eins og sást best á fjárfestingum Bakkavarar í Geest, KB banka í Singer & Friedlander og Baugs í Big Food Group.

Ekki má heldur gleyma fjárfestingum sem fá minni athygli á borð við fjárfestingar lífeyrissjóðanna, sem líta sífellt hýrari augum til erlendra markaða.

Svartsýnismenn benda á nokkrar misheppnaðar tilraunir til fyrirtækjakaupa á árum áður en líklega hafa Íslendingar lært eitthvað á reynslunni. Oft var verið að fjárfesta í fyrirtækjum í taprekstri eða mjög erfiðum rekstri. Slæmur rekstur einkennir alls ekki þau fyrirtæki sem keypt hafa verið að undanförnu og því líklegra að fyrirtækin skili ágætum hagnaði áfram. Auðvitað eru undantekningar þarna á og sumir hafa fjárfest í erfiðu rekstrarumhverfi til að mynda í Bretlandi þar sem smásalan hefur ekki gengið sem skyldi.

Á næstunni á eftir að koma í ljós hvort rekstrarkunnátta fylgi reynslu og getu til kaupa og sameiningar fyrirtækja. Krónan mun að öllum líkindum veikjast þannig að virði erlendu félaganna á, að öðru óbreyttu, eftir að aukast.

**KAUP BANKANNA – Í MILLJÖRÐUM KRÓNA**

| Keypt félag | Áætlað kaupverð* | Kaupandi |
| --- | --- | --- |
| FIH | 84 | KB banki |
| Singer & Friedlander | 65 | KB banki |
| BNbank | 33 | Íslandsbanki |
| Teather & Greenwood | 5 | Landsbankinn |
| Kredittbanken | 4 | Íslandsbanki |
| Samtals: | 191 | |

AURASÁLIN

## Ný sókn hjá FL Group

**Aurasálin** hefur fylgst grannt með hræringum innan FL Group undanfarið og hefur þar komið auga á ýmislegt sem betur mætti fara. Vissulega fagnaði Aurasálin því að nokkrir stjórnarmenn sögðu sig úr stjórninni enda hefur ávöxtunin á bréfunum verið mjög há á síðustu misserum. Aurasálin telur að þessi háa ávöxtun bendi til þess að farið sé of geyst.

**Það er til marks um hraðann** á FL Group að nú líður varla sá mánuður að ekki sé gerð stórpöntun á nýjum flugvélum sem fljúga bæði hraðar og lengra en þær gömlu. Er ekki komið nóg? Er hraðinn í samfélaginu ekki nægur fyrir?

**Aurasálinni lýst ekkert á** nýja stjórn FL Group og óttast að hún fari enn hraðar en sú gamla og að ávöxtunin á bréfunum verði jafnvel ennþá hærri. Þetta er mikill ókostur, sérstaklega fyrir þá sem ekki eiga hlutabréf í FL Group. Aurasálin er þar á meðal og einkennast samskipti hennar við FL Group fyrst og fremst af greiðslu hárra fargjalda. Er ekki kominn tími til að farþegar njóti afrakstursins af hækkun hlutabréfaverðs í FL Group? Aurasálinni þykir vænt um Loftleiðir og Flugfélagið og þess vegna hefur hún lagt höfuðið í bleyti til að fá hugmyndir að því hvernig fyrirtækið geti bætt ímynd sína.

**Það er reyndar alls ekki víst** að stjórn FL Group taki undir nauðsyn þess að lækka flugfargjöld. Til dæmis ferðast Jón Ásgeir alltaf með einkaþotu en aldrei með Flugleiðum. Hann græðir því ekkert á lækkun flugfargjalda. Hér er um hagsmunaárekstur að ræða og það má spyrja sig hvort ekki sé eðlilegra að notendur þjónustunnar taki ákvarðanir fyrir hönd fyrirtækisins heldur en að einkaþotumenn á borð við Jón Ásgeir geri það.

**Aurasálin telur** liggja beinast við að Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, lækki gengið á bréfum í FL Group og noti svigrúmið til þess að láta Hannes Smárason lækka verðið á flugi til útlanda. Þetta er mjög einföld aðgerð og hefði örugglega mjög jákvæð áhrif á almenningsálitið.

**Þá telur Aurasálin** mjög líklegt til vinsælda að bæta veitingarnar í flugvélum. Aurasálin varð einu sinni fyrir því láni að vera færður yfir í Saga Class. Þetta var einn besti dagur í lífi Aurasálarinnar því aldrei áður hefur henni fundist sem hún sé ein af þeim stóru í íslensku viðskiptalífi. Þarna var Aurasálin með forstjórum og framkvæmdastjórum og stöðugt var borið í hana brennivín og bjór. Þetta var sannkallaður partívagn.

**Nú gæti FL Group skorað stig** með því að bjóða upp á ókeypis áfengi í flugvélunum sínum. Þetta er hugmynd sem Aurasálin er sannfærð um að geti hitt beint í mark hjá stjórnendum FL Group – og við óbreyttar sálir munum verða flugfélaginu eilíflega þakklát. Aurasálin minnir þó á að óhófleg neysla á ókeypis áfengi er litlu skárri en ofdrykkja á keyptu áfengi.

# Hausinn framleiðir verðmætin

**Þórólfur Árnason stýrir alþjóðafyrirtækinu Icelandic Group sem selur og framleiðir sjávarfang út um allan heim. Framundan er sókn í hópi þeirra fremstu í sölu sjávarafurða. Hafliði Helgason ræddi við Þórólf yfir hollum og bragðgóum mat úr sjó.**



Fréttablaðið/E.Ól

**GAMAN Í VINNUNNI** Þórólfi Árnasyni, forstjóra Icelandic Group, finnst verkefni skemmtileg og leggur áherslu á að það sé gaman í vinnunni. Alþjóðlegt sölu- og markaðsfyrirtæki byggir á hugviti og fólki og Þórólfur segir að hjá Icelandic Group starfi hæfileikaríkt fólk sem sé tilbúið að fara með fyrirtækið í næsta fasa.

Margir voru eflaust að velta vöngum yfir því hvar Þórólf Árnason bæri niður eftir að hann sté úr stól borgarstjórans í Reykjavík.

Þórólfur hefur reynst farsæll stjórnandi og við því var búist, eins og kom á daginn, að til hans yrði leitað um að stýra dýrum knerri í viðskiptalífinu. Hann er nú sestur í stól forstjóra Icelandic Group sem er sameinað fyrirtæki SH og Sjóvíkur. Fyrirtækið er meðal öflugustu sölu- og framleiðslufyrirtækja sjávarafurða í heiminum. Fyrirtækið stendur á tímamótum eftir sameiningu og verkefnið er að nýta afl og tækifæri sem þessar breytingar skapa.

Við pöntum okkur plokkfiskinn hans Úlfars á Þremur frökkum og hann er kátur með hvað viðmælendur Markaðarins hafa oft valið staðinn til hádegisverðar. Verðlaunin eru sushi með hráum hval og rækjum sem við gæðum okkur á fyrir plokkfiskinn. Smakkast frábærlega. Þórólfur vildi plokkfisk og hann er ekki af verri endanum hjá Úlfari. Þórólfur var einn lykilmanna Marel á upphafsárunum, markaðsstjóri Essó og síðan forstjóri Tals sem náði sterkri stöðu á farsímamarkaði á skömmum tíma.

### VERKEFNIN SKEMMTILEG

Ég spyr hvort embætti borgarstjórans hafi átt síður við hann en stjórnunarstörf í einkageiranum. „Það vil ég ekki segja. Það er yfileitt skemmtilegt að taka þátt í verkefnunum meðan þau standa yfir. Það verður að vera gaman í vinnunni og ég hef verið svo heppinn að þeir sem hafa treyst mér fyrir peningunum sínum hafa ekki tapað á mér. Þar hef ég verið heppinn, það er oft svo stutt á milli,“ segir Þórólfur. Menn ráða ekki alltaf sínum næturstað í viðskiptalífinu og Þórólfur segir að tilviljanir hafi ráðið miklu um þróun ferilsins. „Ef ég horfi til þess starfs sem ég er í í dag, þá er ég ekki viss um að ég hefði getað undirbúið mig neitt betur fyrir það en einmitt með þeim störfum sem tilviljanirnar hafa fært mér.“

**Þórólfur Árnason**
Starf: Forstjóri Icelandic Group
Fæðingardagur 24. mars 1957
Maki Margrét Baldursdóttir
Börn Baldur f. 1985,
Rósa Björk f. 1988

Þórólfur játar að hann hafi fengið fyrirspurnir um nýtt starf strax eftir að hann hætti sem borgarstjóri. Hann ákvað að láta tímann líða og tók að sér spennandi ráðgjafarverkefni í millitíðinni. „Við hjónin viljum búa á Íslandi og það takmarkaði möguleikana. Ég var svo heppinn að fá tækifæri ti að vinna að spennandi verkefnum á meðan. Bæði fyrir Samtök Iðnaðarins og fyrir Magnús Scheving í Latabæ. Það er víða verið að skapa verðmæti með hugverkum. Það er varla hægt að hugsa sér fyrirtæki sem byggir meira á hugverki en einmitt Latabæ.“



### SAMLEGÐIN KOSTAR

Hugmyndir, hugsun og fólk eru Þórólfi ofarlega í huga. „Ég hef alltaf haft gaman af að vera með fólki. Hjá Icelandic Group starfar mikið af hæfileikaríku fólki sem er nú tilbúið að fara í annan fasa þess sölu- og markaðsfyrirtækis sem félagið er.“ Fyrsti fasinn var að skilgreina félagið sem sölu- og markaðsfyrirtæki með miklu frelsi einstakra félaga innan samstæðunnar. „Nú er mikill vilji til að samnýta fjármuni, verkkunnáttu, gæðamál, flutningatækni og styrk gagnvart ýmsum viðskiptaaðilum.“

Verkefnið er mikilvægt og spennandi. „Ég hef verið að útskýra fyrir fólki, að það er ekki í bönkunum sem tölurnar myndast, heldur á gólfinu. Það er mikil vinna að ná saman samlegð. Við sendum út tilkynningu í síðustu viku með afkomuviðvörun nú í byrjum júlí. Það eru miklar væntingar um aukið hagræði og við viljum minna á að það þarf að gjaldfæra töluverðan kostnað við samrunann.“

### GOTT FYRIRTÆKJAUMHVERFI

Þórólfur segist sjá mikil tækifæri í félaginu. Menn eigi eftir að uppskera vegna kaupa á fyrirtækjum í Bretlandi og af auknu afli í Bandaríkjunum sem eru stærstu markaðirnir. Sóknarfærin eru svo víða um heim. „Ég hef ekki séð önnur alþjóðleg fyrirtæki í fiskiðnaði sem hafa jafn breiða undirstöðu í stærstu neytendamörkuðunum og í framleiðendum á heimamarkaði og svo með markaðsþekkingu út um allan heim.“

Þórólfur og kona hans vildu búa á Íslandi, eru með börn á unglingsaldri og foreldrarnir eru hér. Forstjórastarfi hjá Icelandic Group fylgja töluverð ferðalög. „Þetta eru stuttar ferðir og er eins og að skreppa upp á Skaga miðað við það þegar ég var hjá Marel. Þá var ég oft þrjár til fjórar vikur í burtu. Þetta var fyrir tölvuvæðingu og fyrir fax í Rússlandi og maður var með seðlabúnt í vösunum því krítarkort voru ekki tekin. Það var sjómennska miðað við það sem bíður mín nú,“ segir Þórólfur og bætir því við að við búum vel með að eiga flugfélög með svo mikilli ferðatíðni. Hann segir vafasamt að hægt væri að hafa höfuðstöðvar alþjóðlegra fyrirtækja hér á Íslandi án þessa. „Ég veit ekki hvaða staður í heiminum væri betri fyrir alþjóðlegt móðurfélag eins og okkar.“ Staðsetning milli stórra markaða, hagstætt fyrirtækjaumhverfi og vel menntað og stöðugt vinnuafl er meðal þess sem Þórólfur nefnir.

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Þórólfi Árnasyni*
*forstjóra Icelandic Group*

*Hádegisverður fyrir tvo á Þremur Frökkum hjá Úlfari*

*Grænmetissúpa*
*Hrátt hvalkjöt og úthafsrækja með soja engifer og washabi (í boði hússins)*
*Gratineraður plokkfiskur*

Drykkir
*Vatn. Mjólk, Kaffi*

*Alls 3.900 krónur*

### VILL FREKAR SYNDA Í HYLJUNUM

Lífið er ekki bara saltfiskur, eða plokkfiskur eins og í tilviki okkar þar sem við sitjum á Þremur frökkum. Þórólfur reynir að gefa sér tíma til að komast frá erli hversdagsins. „Ég vil helst vera utandyra, ég svitna ef ég er allan daginn innandyra,“ segir hann og glottir. Bernskan er í sveitinni á Snæfellsnesi, þar sem faðir hans var prestur. „Maður svaf nánast úti yfir sauðburðinn. Ég reyni að fara upp í bústað og ég reyni að ganga mikið.“ Hefðbundið forstjórasport eins og laxveiði og golf á ekki alveg við hann. „Ég hef ekki þolinmæði í það. Ég vil frekar synda í hyljunum. Ég fékk SMS frá félögunum þegar ég var borgarstjóri þar sem þeir bönnuðu mér að stinga mér til sunds þegar ég opnaði Elliðaárnar.“ Þórólfur segist hafa gaman af lundaveiði og eggjatínslu, auk þess að ganga til rjúpna þegar það má. „Ég vil helst að hlutirnir gerist hratt.“

Frítíminn er væntanlega lítill. „Maður verður að taka sér tíma til að fara upp í bústað. Ég gerði það þegar ég var borgarstjóri til þess að hugsa. Maður verður að hugsa. Það er hættulegt ef maður gerir ekkert annað en að hlaupa á milli funda. Hugverkin verða til í hausnum á manni og eins og einn auglýsingamaður sagði við mig, þá hafði Karl Marx rétt fyrir sér með að framleiðslutækin ætti að vera hjá fólkinu. Þar eru þau nú, því hausinn framleiðir öll verðmæti í dag. Það geta allir keypt vélar og leigt húsnæði, en það sem skiptir mál er að gera réttu hlutina. Það gerir einmitt hugvitið.“




Humarhúsið

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# Komum fyrr til Ameríku

## Vísindamenn hafa fundið 40 þúsund ára gömul mannsspor í Mexíkó. Deilt er um réttmæti rannsóknar á fótsporunum.

Maðurinn kom til Ameríku 30 þúsund árum fyrr en áður hafði verið haldið fram, samkvæmt rannsókn sem gerð var á fótsporum sem fundust í eldfjallaösku í Mexíkó.

Vísindamennirnir sem rannsökuðu sporin segja manninn hafi komið sjóleiðina til Ameríku. Áður hafði verið talið að maðurinn hafi komið landleiðina til Ameríku undir lok ísaldar, fyrir um 11 þúsund árum, yfir landbrú sem liggur á milli Síberíu og Alaska.

Dr. Silvia Gonzales, sem leiddi rannsóknina, segir niðurstöðurnar vissulega umdeildar en segist viss í sinni sök: „Þetta er fornleifafræðileg sprengja, en við teljum okkur vita hvað við erum að gera“.

Flestir fornleifafræðingar aðhyllast enn gömlu kenninguna ekki síst í ljósi þess að erfðafræðilegar rannsóknir á innfæddum íbúum álfunnar styðji þá kenningu að maðurinn hafi komið til Ameríku frá Asíu við lok ísaldar.



**FÓTPOR Í SANDINUM** Spor sem hafa fundist í Mexíkó kollvarpa þeirri kenningu að maðurinn hafi komið til Ameríku við lok ísaldar.

Gonzalez segir rannsóknir á innfæddum ekkert sanna: „Fyrstu íbúar álfunnar voru flakkarar sem bjuggu í litlum hópum. Ég tel að þeir hafi dáið út og því sé engin erfðafræðileg ummerki að finna“. **-jsk**

# Ekkert net í Pakistan

Internetið lá á dögunum að mestu niðri í Pakistan eftir að bilun kom upp sæstreng sem nánast öll netumferð landsins fer um. Ekkert netsamband var því í landinu í tæpar tvær vikur.

Verkfræðingar voru strax fengnir frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum til að kippa strengnum í liðinn en viðgerðir gengu seint og illa vegna vonskuveðurs.

Fyrirtæki í Pakistan liðu fyrir sambandsleysið og sögðu hlutabréfabraskarar að eftirspurn og velta á mörkuðum hefðu minnkað um allt að 60 prósent.

Bankar í landinu hafa þó flestir varatengingar sem fást í gegnum gervihnött og sluppu því að mestu með skrekkinn. Tíu milljónir netnotenda eru í Pakistan. **-jsk**




Fréttablaðið/AP

**RINGULREIÐ** Þetta pakistanska símasölufólk var hálf ringlað enda lítið hægt að aðhafast þegar ekki er hægt að komast á netið.

# Rafbylgjur gegn hákörlum

## Sundmenn og brimbrettakappar geta nú andað léttar en fundinn hefur verið upp rafskjöldur sem verndar mannfólkið fyrir ágengni hákarla.

Suður-afrískir og ástralskir vísindamenn vinna nú að hönnun rafskjaldar sem ætlað er að vernda sjósundmenn fyrir árásum hákarla.

Komið yrði fyrir rafsendum sem næðu allt að 400 metra frá ströndu og sendu frá sér rafmagnsbylgjur sem ætlað væri að fæla hákarla frá.

Gerðar voru tilraunir með sendinn á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000. Þótti tilraunin takast svo vel að ástralski herinn og lögreglan tóku að nota sendana mönnum sínum til varnar.



Fréttablaðið/AFP

**Í LÍFSINS ÓLGUSJÓ** Brimbrettakappar í Ástralíu og Suður-Afríku geta nú andað léttar en yfirvöld þar hyggjast reisa rafskildi til að verjast hákarlaárásum.

Ebrahim Dhai sem á sæti í Ástralska hákarlavarnarráðinu segir sendana skaðlausa mönnum, hákörlum og öðrum sjávardýrum: „Það hlýst enginn skaði af rafmagnsbylgjunum. Fólk tekur ekki eftir þeim en hákarlar á mannaveiðum verða hins vegar varir við ónotatilfinningu sem veldur því að þeir þurfa frá að hverfa. Áhrifin eru á engan hátt varanleg“.

Náttúruverndarsinnar eru ekki á sama máli og segja hákarlana eiga sama tilkall til sjávarins og mannfólkið. **-jsk**

# Selja stýribúnað

Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft tölvurisans, segir koma til greina að selja stýribúnaðinn sem notaður verður í nýjustu afurð fyrirtækisins, 360 leikjatölvuna, til annarra fyrirtækja.

Microsoft hefur árum saman selt tölvuframleiðendum Windows-stýriforritið til afnota og er líklegt að sami háttur verði hafður á með stýrikerfi 360 tölvunnar.

Talsmaður Microsoft í Japan gerði hins vegar lítið úr orðum Gates og sagði enga ákvörðun hafa verið tekna í málinu. **- jsk**



**360 LEIKJATÖLVAN** Bill Gates segir koma til greina að selja stýribúnaðinn sem notaður verður í 360 tölvuna öðrum fyrirtækjum til afnota.




MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vísbendingar eru um að úr fasteignahækkunum dragi:

# Mikilvægt að lækka skuldahlutfallið

**Hafliði Helgason**

Viðvaranir hafa verið settar fram um að raunverð fasteigna muni ekki haldast eins hátt og það er nú til næstu ára. Meðal þeirra sem hafa varað við hættunni af lækkun á fasteignamarkaði er Snjólfur Ólafsson, prófessor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

Ábendingar Snjólfs eru þarfar og settar fram til þess að fólk gangi ekki að því gruflandi hvaða áhættu það tekur með því að skuldsetja íbúðir sínar 100 prósent, eins og nú er möguleiki á. Eins og með aðra skuldsetningu á móti eignum ræðst árangurinn af því að eignirnar hækki meira en skuldirnar. Það er því full ástæða fyrir fólk að fara varlega þegar vísbendingar eru uppi um að raunverðið standi í stað. Eigin íbúð er stærsta fjárfestingarákvörðun sem venjulegt fólk tekur á lífsleiðinni. Menn þurfa að sýna ábyrgð og vanda sig við slíka ákvörðun. Hættan er sú, eins og Snjólfur hefur bent á, að skuldirnar hækki meira en eignin og ef áföll verða og fólk getur af ýmsum ástæðum ekki staðið undir greiðslubyrðinni snúast hjólin hratt viðkomandi í óhag.

Sú staða að eiga ekki fyrir afborgunum og sitja uppi með eign sem er verðminni en lánin sem á henni hvíla þýðir bara eitt. Gjaldþrot.

Gjaldþrot í fyrirtækjalífi eru eðlilegur þáttur í endurnýjun atvinnulífsins. Gjaldþrotin sigta burt fyrirtæki og jafnvel starfsgreinar sem ekki eiga neina framtíð. Eftir standa best reknu fyrirtækin sem stuðla að betri framleiðni og aukinni verðmætasköpun í samfélaginu. Enda þótt aldrei sé gaman að lenda í gjaldþroti, þá hafa þau tilgang í efnahagslífinu og stuðla á sinn sérkennilega hátt að framþróun þess ef þau eru í eðlilegum mæli í hagkerfinu.

Öðru máli gegnir um gjaldþrot einstaklinga. Þau eru persónulegur harmleikur og valda verulegu tjóni á lífi og heilsu þeirra sem í þeim lenda.

**Með auknu frelsi í efnahagslífinu hefur ábyrgð einstaklinga á eigin velferð aukist til muna um leið og tækifærum til að stýra eigin lífi hefur fjölgað. Það er afar mikilvægt að fólk hafi aðgang að góðri ráðgjöf, en einstaklingar sem fara fram úr sér geta heldur ekki varpað frá sér allri ábyrgð.**

Með auknu frelsi í efnahagslífinu hefur ábyrgð einstaklinga á eigin velferð aukist til muna um leið og tækifærum til að stýra eigin lífi hefur fjölgað. Það er afar mikilvægt að fólk hafi aðgang að góðri ráðgjöf, en einstaklingar sem fara fram úr sér geta heldur ekki varpað frá sér allri ábyrgð. Sem betur fer virðast bankarnir halda 100 prósent lánum frá fólki.

Innleggið í umræðuna nú er þarft. Hvort sem spár Snjólfs Ólafssonar um 20 til 30 prósenta lækkun eru réttar eða að fasteignaverð taki upp á því að standa nokkurn veginn í stað á næstu árum, þá er full ástæða fyrir þá sem skulda 100 prósent í eignum sínum að nýta tímann nú til að lækka það hlutfall eins hratt og auðið er.

Stimpilgjöld og uppgreiðslugjöld fjármálafyrirtækja eru viss hindrun í því að einstaklingar geti stýrt skuldsetningu eftir eigin vilja. Fyrir marga er það áreiðanlega þess virði að reyna að greiða upp hluta lána sinna og lækka skuldahlutfallið í eignum sínum. Aðrar skuldir eru einnig ógn við velferð fólks og það eru ekki góðar fréttir að yfirdráttur heimila í landinu sé nú á svipuðum slóðum og þær voru áður en hrina endurfjármögnunar á íbúðamarkaði hófst fyrir réttu ári.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is

Verslaðu við traustan aðila!
Ægisskyggnin
–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu




• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar
• góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur
OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16
SEGLAGERÐIN ÆGIR
EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

# Orðstír að veði

Umsvif íslenskra fyrirtækja í Norður Evrópu hafa vakið stigvaxandi athygli erlendra fjölmiðla. Á þessu ári eru fáir dagar, ef einhverjir, sem ekki hefur verið fjallað um umsvif Íslendinga í bresku viðskiptapressunni.

### HVAÐAN KOMA PENINGARNIR?

Umfjöllunin hefur að mestu verið á jákvæðum, jafnvel góðlátlegum nótum. Aukin umsvif einstakra íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum og umfjöllun erlendra fjölmiðla um þau hafa haft í för með sér að íslenskir viðskiptamenn og íslensk fyrirtæki hafa aflað sér orðstírs sem ekki verður metinn til fjár.

Það orð fer af íslenskum viðskiptamönnum að þeir séu duglegir, skjótir til ákvarðana, búi við flatt stjórnskipulag og að þeir séu óbundnir af hefðum og venjum, svo að skortur á evrópskum mannasiðum sé færður í huggulegan búning. Sagt er að Ísland sé nýtt efnahagsundur.

Hins vegar hefur sú vofa fylgt íslensku útrásinni að erlendir fjölmiðlar eiga erfitt með að skilja hvaðan Íslendingar fái fé til að kaupa öll þessi fyrirtæki og hafa ýmsar krassandi gróusögur jafnvel verið prentaðar á síður virðulegri blaða til dæmis í Bretlandi og í Danmörku. Ber þar hæst fjarstæðukenndan en þrálátan orðróm um að ísland sé peningaþvottastöð fyrir rússneska mafíupeninga, sem breska blaðið Guardian hefur mjög haldið á lofti, sem og Evening Standard.

### VARNARSIGRAR

Baugur hefur fjárfest fyrir hundruð milljarða króna í Bretlandi og Danmörku. Jón Ásgeir hefur verið útnefndur fjórði áhrifamesti maðurinn í smásölu á Bretlandseyjum og er langþekktasti einstaklingurinn úr íslensku viðskiptalífi á Bretlandseyjum, eina íslenska viðskiptapoppstjarnan. Þetta hefur haft í för með sér mjög jákvæð áhrif á önnur íslensk fyrirtæki. Orðspor Jóns og fyrirtækis hans hefur bæði verið öðrum hvatning og opnað ótal dyr fyrir öðrum íslenskum fyrirtækjum.

Baugur hefur varið hendur sínar af kappi frá því ákærur á hendur fyrirtækinu komu fram, 1. júlí. Margt bendir til þess að almenningsálitið hér á landi sé hliðhollt fyrirtækinu. Ónafngreindir Íslendingar sögðu í viðtali við Guardian í vikunni: „Auðvitað höldum við með honum...hann er Hrói hötturinn okkar“.

Stærsti varnarsigur þeirra felst þó í því að hafa komið þeim skilaboðum áleiðis í gegnum breska fjölmiðla að fyrirtækið sæti ofsóknum íslenskra stjórnvalda, en umfjöllunin síðustu daga hefur verið á þeim nótum.

En hversu jákvætt er það fyrir íslenskt viðskiptalíf í heildina? Á þessu stigi málsins veitir þetta Baugi viss þægindi en fyrir íslensk fyrirtæki gætu efasemdaraddir um heilindi stjórnvalda reynst óþægilegar til lengdar

### FARSÆL ENDALOK

Hvernig sem fer mun orðstír Íslendinga bera skaða af þessu máli. Bresk blöð höfðu um hádegi í gær birt 101 grein um kærur á hendur Baugi frá 1. júlí og inn í margar þeirra fléttast grunsemdir um rússneska mafíupeninga. Efasemdir um íslenskt stjórnmála- og viðskiptalíf eru allsráðandi í þessari umfjöllun. Hvort tveggja mun reynast íslensku viðskiptalífi þungbært.

Íslensk fyrirtæki munu eftir sem áður reka umsvifamikla starfsemi víða um heim, en búast má við að þrálátur orðrómur um óheilindi og mafíustarfsemi verði til þess að þeim muni reynast erfiðara að finna sér samstarfsmenn meðal erlendra bankamanna og viðskiptajöfra.

Miklu máli skiptir að vafi leiki ekki á réttlátri málsmeðferð í málum á hendur fyrirtækjum hér á landi. Einnig er feikilega mikilvægt að íslensk fyrirtæki og stjórnvöld leggist á árarnar ytra við að kveða niður orðróm og gróusögur um íslenskt viðskiptalíf og stjórnkerfi. Orðstír og hagsæld Íslendinga liggur undir.

**ORÐ Í BELG**



**Karl Pétur Jónsson,** framkvæmdastjóri almannatengslafyrirtækisins Inntaks.




**Það orð fer af íslenskum viðskiptamönnum að þeir séu duglegir, skjótir til ákvarðana, búi við flatt stjórnskipulag og að þeir séu óbundnir af hefðum og venjum, svo að skortur á evrópskum mannasiðum sé færður í huggulegan búning.**

## UM VÍÐA VERÖLD

### Farsímar lykillinn að þróun?

**The Economist** | segir útbreiðslu gsm-síma mikilvæga þróunarríkjum. Yrðu gemsar almenningseign myndi það greiða fyrir viðskiptum og ýta undir frumkvöðlastarfsemi. Þeir segja eftirspurn eftir símum hafa aukist gríðarlega í Afríku og að hvergi séu fleiri nýir eigendur á ári. Economist bendir hins vegar á að enn séu nokkrar hindranir í vegi þess að gemsar verði almenningseign. Í fyrsta lagi séu símtækin of dýr; á Vesturlöndum kosti þokkalegur sími í kringum þrettán þúsund krónur, það er um eitt prósent af meðalárstekjum. Í Afríku kostar nýr sími 3500 krónur, það sé fjórtán prósent af árstekjum manns sem þénar 70 krónur á dag. Í öðru lagi setji ríkisstjórnir háa tolla á símtæki auk þess sem hin ýmsu gjöld fylgi notkun slíkra tækja. Í Tyrklandi og Bangladesh þurfi fólk til að mynda að greiða 1100 króna skatt fyrir að fá að tengjast símkerfinu; það sé fullmikið fyrir mann sem þénar 70 krónur á dag.

### Seðlabankar í broddi fylkingar

**The Sunday Times** | Anatole Kaletsky greinahöfundur The Sunday Times segir efnahagsstefnu mikilvæga í stríðinu gegn hryðjuverkum. Nefnir hann fyrir því fjórar meginástæður: Í fyrsta lagi séu öryggismál ekki það eina sem ríkisstjórnir þurfi að hugsa um, því þurfi að berjast fyrir auknum framlögum til öryggismála. Í öðru lagi muni stuðningur almennings við aðgerðir stjórnvalda minnka, sé hagkerfið ekki í lagi. í þriðja lagi ýti mikið atvinnuleysi og fátækt undir kynþáttahatur og misklíð í samfélögum. Síðast en ekki síst breiði hnattvæðingin út fagnaðarerindi frjálsra viðskipta, velmegunar og lýðræðis um víða veröld og því mikilvægt að Vesturlönd haldi forystuhlutverki sínu. Kaletsky segir stefnumótendur víðast hvar hafa gert sér grein fyrir þessu eftir 11. september 2001. Seðlabankar um allan heim hafi lækkað vexti og freistað þess að ýta undir neyslu og fjárfestingar almennings. Þó hafi Seðlabanki Evrópu haldið að sér höndum: „Það þarf að bregðast skjótt við. Seðlabanki Evrópu er allt of þungur í svifum, það er engin tilviljun að ástandið í gömlu Evrópu er eins og það er,“ segir Kaletsky.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason, AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Vísbendingar um meiri ró á fasteignamarkaði

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

Verbólgan var minni milli júní og júlí en greiningardeildir bankanna spáðu. Greining Íslandsbanka fjallaði um verðbólguna og þróun íbúðaverðs í Morgunkorni sínu í gær. Svo virðist sem að úr hita á fasteignamarkaði hafi dregið. Greining íslandsbanka varar við oftúlkun á vísbendingum um kólnun á fasteignamarkaði, en telur líklegt að raunverð íbúða muni lækka þegar horft er til næstu ára:

„Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,12% á milli júní og júlí en spár greiningardeilda gáfu til kynna hækkun á bilinu 0,3% til 0,5% (við spáðum 0,5%). Spáskekkjan skýrist einkum af dýpri útsölum en reiknað var með og talsvert minni hækkun húsnæðisverðs en spáð var. Matvöruverð hækkaði einnig minna en gert var ráð fyrir en áhrif verðstríðsins hafa gengið til baka að hluta að undanförnu. Eldsneytisverð hækkaði verulega í kjölfar hækkandi heimsmarkaðsverðs og aflagning þungaskatts hafði mikil áhrif til hækkunar vísitölunnar líkt og gengið var út frá.

Markaðsverð á íbúðum hækkaði minna en við spáðum og svo virðist sem nú dragi talsvert úr hitanum á íbúðamarkaði. Verðmæling íbúða í vísitölu neysluverðs byggir á hlaupandi meðaltali þriggja mánaða og hækkunin sem slík gefur því ekki endilega rétta mynd af nýjustu verðþróun á markaðinum. Spáskekkjan er þvert á móti vísbending um að verðið í íbúðaviðskiptum á síðustu dögum og vikum standi í stað eða hafi jafnvel lækkað lítillega. Gögn sem nálgast má á vef fasteignamats ríkisins, nánar tiltekið í verðsjá fasteigna, benda einnig til þess. Þannig virðist til dæmis sem verð í fjölbýli hafi hækkað aðeins smávægilega á síðustu vikum en verð á sérbýli hafi lækkað um nokkur prósent á sama tíma. Fá viðskipti liggja að baki þessum gögnum og ber því að varast oftúlkun þótt vísbendingin sé skýr. Íbúðaverð sveiflast eins og annað verð og telja verður afar líklegt að raunverð íbúða muni lækka þegar horft er til næstu ára,“ segir Greining Íslandsbanka.

**Þannig virðist til dæmis sem verð í fjölbýli hafi hækkað aðeins smávægilega á síðustu vikum en verð á sérbýli hafi lækkað um nokkur prósent á sama tíma. Fá viðskipti liggja að baki þessum gögnum og ber því að varast oftúlkun þótt vísbendingin sé skýr.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Flughræðsla á markaði

Ég seldi bréfin mín í FL Group á mánudaginn. Ég ætlaði að eiga þau lengur, en ég var ekki nógu ánægður með hluthafafundinn á laugardaginn. Inga Jóna var gagrýnin á stjórnarformanninn sem er í sjálfu sér ekkert mál. Mér fannst hins vegar að Hannes hefði átt að svara efnislega og skýra nánar stefnu sína með félagið.

Hannes er náttúrlega svellkaldur og ég hef mikla trú á að hann geti gert góða hluti. Flugfélög eru hins vegar hættulegur rekstur og geta þurft að taka miklum áföllum. Sprengingarnar í London sýna manni að ekki þarf mikið að gerast til að órói skapist um reksturinn. Þess vegna hafa flugfélög það að leiðarljósi að eiga laust fé til að mæta áföllum. Hlutabréf, jafnvel þótt þau hafi skilað góðum árangri, eru ekki laust fé og geta lækkað á sama tíma og áföllin dynja yfir. Með því að binda mikla fjármuni flugfélags í hlutabréfum eru menn að auka áhættuna verulega. Ég bíð því með að setja pening í Flugleiðir þangað til ég sé skýrari línur.

Ég hef alltaf farið varlega þegar flugfélög eru annars vegar, enda þótt ég verði seint sakaður um kjarkleysi. Ég hef líka haft fínan hagnað af stöðunni í Flugleiðum. Ég var að hugsa um að kaupa þegar Pálmi Haraldsson keypti í félaginu. Ég þekkti bara ekki nógu mikið til hans. Þegar Jón Ásgeir fylgdi á eftir var ég ekki vafa. Það reyndist fín fjárfesting. Í bili ætla ég að hvíla mig á flugfélögum. Ég efast um að ég kaupi í Avion Group þegar það félag fer á markað. Verð líka að sjá fyrst að kaupin á Eimskip hafi verið á skynsamlegu verði.

Annars er af nógu að taka. Ég er líka að selja síðustu íbúðina sem ég keypti af verktakanum í haust. Fínn hagnaður þar, en ég læt fasteignabrask bíða í bili. Þessi markaður á ekkert eftir að hækka að gagni á næstunni. Spurning hvort maður fer ekki bara að geyma pening í lausu fé á peningamarkaði. Seðlabankinn er með fína vexti um þessar mundir og á eftir að hækka þá. Það er allt í lagi að leyfa peningunum að hvíla sig smá stund milli vinnutarna, sérstaklega þegar vextir eru háir.

**Spákaupmaðurinn á horninu**







## FÓLK Á FERLI

**Birgir Már Ragnarsson** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Samson eignarhaldsfélags ehf. en félagið fer með um 45% eignarhlut í Landsbanka Íslands hf. Birgir Már er fæddur árið 1974 og lauk embættisprófi frá Lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1999 og hlaut málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2000. Hann útskrifaðist með meistaragráðu í lögum, LL.M, á sviði alþjóðlegs fjármagnsréttar frá Harvard Law School árið 2003. Birgir Már var meðeigandi Lex-Nestor lögmannsstofu og starfaði þar sem lögmaður, en áður hafði hann meðal annars starfað hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu. Birgir Már er aðjúnkt við Lagadeild Háskólans í Reykjavík.



**Gunnar Larsen** hefur látið af störfum sem sölu- og markaðsstjóri Brims hf. og tekið við starfi framkvæmdastjóra Kæliverksmiðjunnar Frosts hf. á Akureyri. Hann hefur verið starfsmaður Útgerðarfélags Akureyringa og síðar Brims frá árinu 1990, þar af framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá 2003-4.



## Lögsækir McDonalds

Ástralski lögfræðingurinn Malcolm McBratney hyggst lögsækja McDonalds. McBratney hefur árum saman lagt fé til rugby-liðsins Brisbane Irish undir gælunafni sínu, McBrat.

McBratney reyndi á dögunum að skrásetja McBrat nafnið sem vörumerki en McDonalds kom í veg fyrir það og sagði nafnið of líkt einu af sínum skrásettu vörumerkjum, McKids.

McBratney segir McDonalds fara offari: „Þeir reyna að eigna sér allt sem byrjar á Mc. Ég er ekki viss um að það fari vel í fólk af írskum og skoskum ættum“. -jsk






# Gengi dalsins mikilvægt

### Lárus Ísfeld er eigandi flutningafyrirtækisins Icexpress í félagi við eiginkonu sína, Kristínu. Lárus ræddi við Jón Skaftason og fræddi hann um reksturinn.

Icexpress er stofnað haustið 1999 og var hugsað sem þjónustuaðili við innflutning með flugi. Viðskiptavinirnir voru mikið til heildsalar og smásalar á Íslandi sem þurftu að flytja inn varning.

Til að byrja með var einn fastur starfsmaður hjá fyrirtækinu og segir Lárus vel hafa gengið: „Þetta fór allt saman ágætlega af stað. Við sáum um að flytja vörur fyrir fyrirtæki á borð við Eimskip og Samskip. Það munaði svo náttúrulega mikið um það fyrir okkur þegar Icelandair hófu daglegt áætlunarflug milli Íslands og Bandaríkjanna“.

Árásirnar á Tvíburaturnana í New York 2001 settu strik í reikning Icexpress og segir Lárus rekstrarumhverfi hafa breyst í einni svipan: „Næstu tvö árin voru gríðarlega erfið. Dalurinn var svo sterkur að útflutningur frá Bandaríkjunum lagðist nánast af. Á þessum árum var það innflutningur frá Íslandi til Bandaríkjanna sem hélt rekstrinum gangandi“.

Lárus segir gengi dalsins hafa gríðarleg áhrif á reksturinn hverju sinni: „Eftir að dalurinn hóf að lækka að nýju eftir árásirnar snerust öll viðskipti í flutningi við. Nú er allt á útleið frá Bandaríkjunum“.

#### GAMAN AÐ VINNA MEÐ ÖFLUGUM FYRIRTÆKJUM

Lárus segir starfsemi fyrirtækisins skiptast í nokkur svið; í fyrsta lagi flutningaþjónustu við íslensk fyrirtæki. Icexpress sér til að mynda um alla flutninga fyrir Eimskip Logistics í Bandaríkjunum auk þess sem þeir sjá um flutninga á tækjum frá Marel. Tækin eru flutt til Bandaríkjanna frá Íslandi og Evrópu og er í verkahring Icexpress að sjá um dreifingu þeirra í Bandaríkjunum.

Lárus segir samstarfið við íslensku fyrirtækin gott: „Það er gaman að vinna með svo sterkum og öflugum fyrirtækjum. Þetta er líka uppistaðan í rekstrinum hjá okkur, ég myndi segja að þjónusta við íslensk fyrirtæki og heildsölur væru um 80 prósent starfsemi okkar“.

Annað rekstrarsviðið er svo þjónusta við einstaklinga vegna kaupa og flutninga frá Bandaríkjunum. Sérstaklega hefur verið mikið um það undanfarin misseri að fluttir séu inn bílar og önnur farartæki frá Bandaríkjunum: „Innflutningur á bílum og vélhjólum hefur hreinlega tröllriðið öllu síðasta árið“.

#### STÆKKA JAFNT OG ÞÉTT

Höfuðstöðvar Icexpress eru í Inwood rétt fyrir utan JFK-flugvöll New York borgar. Hjá fyrirtækinu vinna alls sjö manns; fimm á skrifstofu og tveir við lager- og útkeyrslustörf.

Lárus segir á stefnuskránni að stækka enn frekar við sig: „Við fluttum inn á skrifstofur okkar fyrir tveimur árum. Síðan hefur starfsmönnum fjölgað og velta fyrirtækisins fjórfaldast. Það er því ljóst að við þurfum að fara að líta í kringum okkur eftir nýju húsnæði.“

Jafnframt hyggst fyrirtækið stækka lagerpláss til að geta þjónustað þau íslensku fyrirtæki sem nota Icexpress sem dreifingaraðila og eins fyrir þá sem safna vörum frá fleiri birgjum á lager fyrirtækisins: „Við bjóðum fólki upp á að senda vörur til okkar og við sjáum svo um að merkja þær að nýju, enda þarf aðrar merkingar í Evrópu en í Bandaríkjunum.“

#### FLYTJA TÚRBÍNUR TIL KÍNA

Velta Icexpress var á síðasta ári 1,8 milljónir Bandaríkjadala. Áætluð velta á yfirstandandi rekstrarári er þrjár milljónir dala.

Lárus vill ekki gefa upp hver hagnaður fyrirtæksins er en segir sig ekki líða skort: „Við skilum alveg hreint ágætum hagnaði“.

Lárus segir mikil vaxtarskilyrði fyrir hendi: „Við höfum nýverið opnað skrifstofu á Indlandi og hyggjum á frekari sókn til austurs, til Indlands og Kína. Þar er mikið að gerast, tækifærin eru mörg og spennandi.“

Lárus hefur undanfarið unnið að samningum við fyrirtæki sem fljúga og flytja vörur til Kína. Til dæmis hefur fyrirtækið flutt túrbínur og aðra íhluti fyrir virkjanir frá Bandaríkjunum þar sem gríðarlegar virkjanaframkvæmdir eiga sér stað nú um stundir: „Varan er flutt frá verksmiðjunum í Bandaríkjunum og síðan flogið með þær í almennu cargo-flugi til Kína þar sem umboðsaðilar okkar taka á móti þeim og sjá um að koma á leiðarenda.“

Lárus kvíðir engu um framtíð Icexpress: „Við ætlum að verða enn stærri og halda áfram að reka heilbrigt og skemmtilegt fyrirtæki“.

**Icexpress**
Eigendur: Lárus og Kristín Ísfeld
Framkvæmdastjóri: Lárus Ísfeld
Höfuðstöðvar: Inwood, New York
Starfsmenn: Sjö
Velta: Áætluð þrjár milljónir dala á yfirstandandi rekstrarári




Fréttablaðið/Valgarð

**LÁRUS ÍSFELD FRAMKVÆMDASTJÓRI ICEXPRESS** Icexpress hyggur á útrás til austurs. Nýverið var opnuð skrifstofa fyrirtækisins í Indlandi og þá hafa verið gerðir samningar við aðila í Kína. Lárus segir gríðarlega mörg og spennandi tækifæri eystra.

## BESTA RÁÐIÐ

# Bogna en ekki brotna

Birgir Jónsson framkvæmdastjóri Iceland Express segist ekki oft fá ráðleggingar, þó hafi gamli yfirmaðurinn hans í Íslandsbanka, Haukur Oddsson, eitt sinn laumað að honum fornu kínversku spakmæli.

Þeir félagar hafi staðið í miklu stappi og stressið verið mikið þegar Haukur hafi staðið upp, gengið að glugganum, horft spekingslega út og mælt: „Við eigum að vera eins og strá í vindi; bogna en ekki brotna“. Birgir segist hafa tekið mikið mark á þessu: „Maður leggur við hlustir þegar Haukur talar“.

Birgir segir forvera sinn hjá Iceland Express, Almar Örn Hilmarsson, einnig hafa ráðlagt sér þegar hann tók við starfinu: „Almar sagði mér að segja alltaf nei þegar einhver kemur og biður mann um eitthvað.” Hann bætir svo við að ekki borgi sig að hlusta á Almar: „Flest allt sem frá honum kemur er bölvað bull“.

„En að öllu gamni slepptu þá fær maður ekki svo oft ráðleggingar. Maður þarf að pikka þetta upp sjálfur“, segir Birgir og hlær. -jsk



**BIRGIR JÓNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI ICELAND EXPRESS** Segir Hauk Oddsson, gamla yfirmann sinn hjá Íslandsbanka, hafa gefið sér besta ráðið; að vera eins og strá í vindi, bogna en ekki brotna.

Laugavegsganga HR

# MBA-nemar löbbuðu frá Landmannalaugum til Þórsmerkur



**ALLIR KLÁRIR Í GÖNGU** Hópurinn að leggja af stað frá Álftavatni.

27 manna hópur tók þátt í fyrstu árlegu MBA-göngu Háskólans í Reykjavík. Haldið var í Landmannalaugar þar sem var tjaldað. Eftir kvöldmat skellti hópurinn sér í laugina. Daginn eftir var haldið niður í Álftavatn þar sem gist var í skála. Ekki viðraði vel á hópinn því rok og rigning var næstum allan tímann en gleði og góð stemning ríkti í hópnum. Daginn eftir var haldið í Emstur þar sem var tjaldað. Þriðja daginn var ljómandi veður með smá skúrum og lá leiðin inn í Bása í Þórsmörk. Háskólinn í Reykjavík bauð svo svöngum ferðalöngum í grillveislu um kvöldið og haldið var á brennu.

Bæði núverandi og fyrrverandi MBA-nemendur gengu ásamt fjölskyldum og vinum. Þarna voru aðilar úr öllum MBA-árgöngum sem hafa útskrifast úr HR nema þeim fyrsta. HR heldur atburði á við þennan til að víkka út tenglsanet núverandi og fyrrverandi MBA-nemenda. **-dh**



**FRÆKNIR GÖNGUGARPAR** Geirlaug Jóhannsdóttir og Sigfús Bergmann Guðmundsson.



**Í SAMKOMUTJALDINU Í EMSTRUM** Einar Bergsson, Hildur Ragnars, Arna Hansen og Hallgrímur Kristinsson.




10-11 er framsækið fyrirtæki í örum vexti. 10-11 er fremsta þægindaverslun landsins með 36 verslanir, þar af 32 á höfuðborgarsvæðinu. Velgengni sína þakkar fyrirtækið fyrst og fremst starfsfólki sínu. Því er ætíð lögð áhersla á að gott fólk veljist til starfa.

10-11 ... þegar þér hentar

**10-11 óskar eftir starfsmanni í afstemmingar og bókhald sem fyrst**

Í starfinu felst umsjón með afstemmingum ásamt öðrum bókhaldsstörfum.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi reynslu af bókhaldsstörfum og afstemmingum ásamt kunnáttu í Excel. Einnig þarf umsækjandi að búa yfir samviskusemi, dugnaði og nákvæmni í starfi. Stúdentspróf er skilyrði fyrir ráðningu og háskólamenntun á sviði viðskipta er kostur en ekki skilyrði.

Vinnutími er kl. 8/9–16/17 virka daga.

Gengið verður frá ráðningu sem fyrst en umsóknarfrestur er til og með 15. júlí.

Umsækjendur sendi ítarlega ferilskrá til Magnúsar Árnasonar, starfsmannastjóra 10-11 á skrifstofu, eða rafrænt á magnusa@10-11.is. Upplýsingar um starfið veitir Ína Edda Þórsdóttir fjármálastjóri, í síma 530 7900.

**10-11**
**b.t. Magnúsar Árnasonar starfsmannastjóra**
**Lyngási 17**
**210 Garðabæ**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**ÍS – GRILL – VIDEO**

**Þess virði að yfirgefa höfuðborgina. Veitingar og videosjoppa á góðum stað á suðurlandi, vel tækjum búin og vel sundurliðað bókhald.**

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

**533 4300**
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
*Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali*

**LÍTIL HEILDSALA**

**Góð til sameiningar við aðra heildsölu, heimasíða með öllum vörunum, gjafavara.**

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

**533 4300**
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
*Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali*

**ÍSBÚÐ Í MIÐBORGINNI**

**Í búðinni eru seldur ís og einnig pylsur og gos. Veltan er stöðug og vaxandi, góðir samningar við birgja og leigjanda.**

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

**533 4300**
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
*Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali*

**MATVÆLAFYRIRTÆKI MEÐ ALLT AÐ 100 MILLJÓNA VELTU**

**Leita að fyrirtæki með allt að 100 milljóna króna veltu í matvælavinnslu, kaupandinn hefur góða fjárhagsstöðu.**

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

**533 4300**
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
*Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali*

Viltu leggja okkur lið?

**Sölufulltrúi óskast til starfa**

Óskum að ráða kraftmikinn sölumann með frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

**Starfssvið**
- Kynningar og ráðgjöf
- Tilboðsgerð og sala
- Samskipti við erlenda birgja
- Þátttaka í áætlanagerð

**Eiginleikar**
- Frumkvæði og metnaður
- Lipurð í samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð
- Ágætt vald á ensku og íslensku
- Góð reynsla af sölumennsku er mjög æskileg

Nánari upplýsingar eru veittar á vefsetri Eirbergs, www.eirberg.is, þaðan sem senda má umsókn.

Umsóknarfrestur er til 19. júlí.

**Eirberg ehf.** er vaxandi innflutnings- og þjónustufyrirtæki. Fyrirtækið hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að veita sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og fagfólki ráðgjöf, þjónustu og kynna nýjungar sem nýtist þeim og skjólstæðingum þeirra.

Í verslun Eirbergs, að Stórhöfða 25, eru seldar vandaðar heilbrigðisvörur, hjúkrunar- og dagrekstrarvörur, hjúkrunar- og heilsurúm, vinnuhollustuvörur, hjálpartæki og vörur sem auðvelda fólki daglegt líf. Í versluninni eru hjólastólar og göngugrindur leigðir út og einstaklingum veitt ráðgjöf.

Eirberg leggur áherslu á að hver starfsmaður fái að njóta sín í starfi og hafi svigrúm til að ná settum markmiðum í góðum hópi. Stefna fyrirtækisins er að hafa traust starfsfólk sem njóti möguleika til símenntunar, nái framúrskarandi árangri og sýni viðskiptavinum virðingu og trúnað.

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • Sími 569 3100 • Fax 569 3101 • eirberg@eirberg.is • www.eirberg.is

# Íbúðalánasjóður ónauðsynlegur

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Guðjóns Rúnarssonar*

*framkvæmdastjóra Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja*



**Er Íbúðalánasjóður nauðsynlegur á íbúðalánamarkaði?**

Nei. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa stækkað og eflst mikið síðustu ár. Þau eru nú fullfær um að sjá um að veita fólkinu í landinu almenn lán til íbúðakaupa, rétt eins og sambærileg fyrirtæki í nágrannalöndunum, eins og þróun síðustu missera hefur sýnt. Það er hins vegar undarleg staða sem er uppi nú þegar sjálft ríkið er í grimmri samkeppni um hylli almennings við fjármálafyrirtæki á frjálsum markaði.

**Hvert ætti hlutverk hans að vera ef eitthvert?**

Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að ríkið gegni tilteknu hlutverki hvað varðar aðstoð til þeirra sem búa við þröngan fjárkost við að koma sér þaki yfir höfuðið. Flest ef ekki öll vestræn ríki gera það með einum eða öðrum hætti. Sama á við víðast hvar hvað varðar markvissan byggðastuðning, það er þegar tiltekin landssvæði eru opinberlega skilgreind sem svæði sem viðkomandi ríki telur ástæðu til að styðja við bakið á. SBV hafa í skýrslum á liðnum árum bent á ólíkar leiðir sem farnar eru til að veita slíkan félagslegan stuðning. Samtökin hafa ítrekað þá skoðun sína undanfarin ár að ef ætlunin er að halda í Íbúðalánasjóð sem lánveitenda til íbúðakaupenda hljóti að verða að ráðast í þá breytingu að afmarka hlutverk hans við félagslega þáttinn, en láta fjármálafyrirtækjum á frjálsum markaði eftir samkeppnina um lánveitingar til almennings vegna húsnæðiskaupa.

**Hvaða þýðingu hefur það að skuldbindingar sjóðsins séu með ríkisábyrgð?**

Með henni ábyrgist íslenska ríkið, það er fólkið í landinu, að greiða allar skuldir sem á sjóðinn kunna að falla, ef hann safnar meiri skuldum en hann er borgunaraðili fyrir. Í ljósi mikilla uppgreiðslna hjá sjóðnum síðustu misseri virðist einmitt hafa skapast aukin hætta á að sjóðurinn verði fyrir verulegu tapi í framtíðinni, sérstaklega ef vextir á alþjóða fjármálamarkaði lækka enn frekar en orðið er. Almenningur þyrfti þá að hlaupa undir bagga, væntanlega með auknum skattgreiðslum til ríkisins sem hefði umsýslu með að borga lánadrottnum sjóðsins. Þetta getur gerst innan tíu ára en það má líka vera að höggið komi ekki fyrr en þau börn sem nú eru að líta heiminn eru að ljúka námi og standa fyrir vali á milli þess í hvaða landi er best að búa. Alvarlegt áfall af þessu tagi gæti þannig skaðað samkeppnisstöðu Íslands um einhvern tíma og þannig ýtt undir tímabundna búferlaflutninga.

**Hvað á Íbúðalánasjóður að gera við alla peningana sem koma inn vegna uppgreiðslna eldri lána?**

Fólk hlýtur að gera kröfu um að sjóðurinn ávaxti það fé með sem bestum en jafnframt tryggilegustum hætti. Af síðustu fregnum að dæma virðist hins vegar sem sjóðurinn hafi ákveðið að nota þær eignir sínar til að víkka enn frekar út starfssvið sjóðsins, það er með því að sinna endurlánum til annarra aðila á fjármálamarkaði auk þess að veita lán til einstaklinga. Sú staða sýnir kannski betur en flest annað þann kerfisvanda sem búið er að byggja upp og nauðsynlegt er að fara að vinda ofan af sem fyrst.

**Telur þú hægt að reka Íbúðalánasjóð með óbreyttu sniði um ókomin ár?**

Nei. EFTA-dómstólinn er nú með til umfjöllunar spurninguna um hvort rekstur sjóðsins falli ekki undir ákvæði EES-samningsins um óheimilan ríkisstuðning. Vænta má dómsniðurstöðu í upphafi næsta árs. Ég tel út frá því sem ég hef séð af því máli, sem og úrskurða framkvæmdastjórnar Evrópu undanfarið um óheimilan ríkisstuðning, að niðurstaðan verði skýr um að gera þurfi breytingar á starfseminni. Almenningur hlýtur hins vegar að gera kröfu um, meðan vandi sjóðsins virðist fara sívaxandi, að ekki verði beðið í þessum efnum heldur tekið af skarið sem fyrst. Pólitísk samstaða hefur líka alltaf snúið að félagslegu hlið málsins. Málið er að ríkið komi þeim þætti í gott horf til framtíðar.


HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur

Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 10 ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

FJARÐARSÓL

Stofa í góðum rekstri til margra ára. Lækkað verð, skipti skoðuð sem hluti af greiðslu.




# Endurlán Íbúðalánasjóðs ekki með ríkisábyrgð

**Í lögfræðiáliti Árna Páls Árnasonar kemur fram að endurlán Íbúðalánasjóðs feli ekki í sér ríkisábyrgð þar sem verið sé að lána fé sem komi vegna uppgreiðslna íbúðalána. Íbúðalánasjóður hafi ekki aflað peninganna með skuldabréfaútboði. Björgvin Guðmundsson kynnti sér málsvörn Íbúðalánasjóðs vegna gagnrýni sem komið hefur fram á starfsemi hans.**



ÁRNI PÁLL ÁRNASON „Lög um sjóðinn og ákvæði EES-samningsins standa því ekki í vegi fyrir að sjóðurinn ávaxti uppgreiðslufé með þeim hætti sem heppilegast er fyrir sjóðinn.“

Ef Íbúðalánasjóður myndi afla fjár á fjármálamörkuðum með ríkisábyrgð og endurlána það bönkum eða fyrirtækjum myndi sjóðurinn brjóta ákvæði EES-samningsins. Slíkt myndi fela í sér ólögmætan ríkisstyrk við viðkomandi banka eða fyrirtæki. Á hinn bóginn er það ljóst að Íbúðalánasjóður verður að ástunda virka áhættustýringu með sama hætti og önnur fjármálafyrirtæki. Þar eiga ekki að gilda önnur viðmið um sjóðinn en aðrar fjármálastofnanir.

Þetta segir Árni Páll Árnason í lögfræðiáliti sínu til Íbúðalánasjóðs. Óskaði sjóðurinn eftir því að hann svaraði spurningunni hvort lán Íbúðalánasjóðs til sparisjóða og banka kunni að brjóta gegn ríkisstyrkjareglu EES-samningsins.

**FRÁLEITT AÐ UM RÍKISÁBYRGÐ SÉ AÐ RÆÐA**

Árni segir fráleitt að halda því fram að lán Íbúðalánasjóðs til sparisjóða og banka í gegnum svokallaða lánasamninga feli í sér lán með ríkisábyrgð. Ef Íbúðalánasjóður hefði aflað sér peninganna með skuldabréfaútboði og lánað sparisjóðunum væri um lán með ríkisábyrgð að ræða. Ef Íbúðalánasjóður lánar öðrum fjármálastofnunum hins vegar peninga vegna uppgreiðslna íbúðaeigenda á eldri lánum er ekki verið að lána fé með ríkisábyrgð.

MÁLIÐ ER *hlutverk og staða Íbúðalánasjóðs*

Árni Páll útskýrir þessa afstöðu sína þannig: Þegar um uppgreiðslur er að ræða hefur lántaki, sem fékk lán sem var fjármagnað með ríkisábyrgð, kosið að greiða lánið upp hraðar en upphaflega var áætlað. Sjóðurinn þarf að ávaxta það fé þar til kemur að gjalddaga þeirra skuldabréfa sem að baki láninu standa. Það er því ótvírætt, að mati Árna, að ávöxtun uppgreiðslufjár í áhættustýringarskyni, eins og lán til bankanna, felur ekki í sér lán með ríkisábyrgð til viðkomandi banka.

**UPPGREIÐSLA LÁNA**

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði er búið að greiða óhagstæð lán upp fyrir rúma 57 milljarða króna frá því að uppgreiðsluhrinan hófst síðasta haust. Sú upphæð nemi um 38 prósent af heildaruppgreiðslum á tímabilinu. Útlánatap Íbúðalánasjóðs frá 1999-2003 nemur að meðaltali um 0,05 prósent af heildarútlánum. Sjóðurinn hefur lagt um 3,4 milljarða á afskriftarreikning til að mæta hugsanlegum útlánatöpum í framtíðinni.

**STJÓRNENDUR FARA AÐ LÖGUM**

Árni segir að samkvæmt lögum hvíli á Íbúðalánasjóði skýr lagaskylda til að varðveita og ávaxta það fé sem hann hefur umsjón með og halda jafnvægi milli inn- og útgreiðslna sjóðsins. Æskilegt sé að nýta uppgreiðslu íbúðalána til að endurgreiða lán sem Íbúðalánasjóður hafi tekið og til nýrra útlána, ef kostur sé. Hins vegar ef uppgreiðslur séu meiri en svo að sjóðurinn geti ráðstafað þeim í þessa veru þá hljóti sjóðurinn í samræmi við lagaskyldur sínar að þurfa að leita eins góðrar ávöxtunar og kostur er fyrir það fé og forðast misvægi milli líftíma eigna og skulda. Að öðrum kosti séu stjórnendur sjóðsins ekki að sinna þeirri lagaskyldu sem á þeim hvíli.

Lögfræðiálit Árna kemur í kjölfarið á því að Samtök atvinnulífsins settu fram gagnrýni á sjóðinn. Haldið var fram í fréttabréfi samtakanna að áætla mætti að Íbúðalánasjóður hefði tapað fimmtán milljörðum króna vegna uppgreiðslna eldri lána. Í stuttu máli má segja að Samtök atvinnulífsins hafi sett fram þá skoðun að Íbúðalánasjóður geti tæpast lánað peninga með ásættanlegum vöxtum fyrir sjóðinn miðað við hvað hann þarf að borga til að fá sömu peninga lánaða. Lítill hluti greinarinnar var um hvort Íbúðalánasjóði væri heimilt að lána áttatíu milljarða til sparisjóða. Var sagt að það samræmdist tæpast starfsheimildum sjóðsins, að lána háar fjárhæðir með ríkisábyrgð.

**FORSENDUR SA RANGAR**

Í svari Íbúðalánasjóðs segir að Samtök atvinnulífsins noti rangar forsendur við þessa útreikninga. Starfsmenn samtakanna hafi ekki kynnt sér göng um sjóðinn til hlýtar. Sem dæmi noti SA rangar vaxtaforsendur bæði hvað varðar meðalútlánavexti Íbúðalánasjóðs en einnig hvað varði þá vexti sem sjóðurinn fái þegar hann endurfjárfestir fyrir peningana sem koma inn vegna uppgreiðslna lána. Þá segir einnig að Samtök atvinnulífsins taki ekki tillit til þess að hægt sé að mæta hluta uppgreiðslna með því að greiða upp óhagstæðar skuldir.

**Þegar um uppgreiðslur er að ræða hefur lántaki, sem fékk lán sem var fjármagnað með ríkisábyrgð, kosið að greiða lánið upp hraðar en upphaflega var áætlað.**



ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR MEÐ VEÐ Í ÍBÚÐABRÉFUM Um áttatíu milljörðum hefur verið varið í lánasamninga við banka og sparisjóði með veð í íbúðabréfum. Það eru því ekki lengur bara væntanlegir íbúðakaupendur sem bíða eftir fjármagni frá Íbúðalánasjóði heldur einnig fjármálastofnanir. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru stærstu sparisjóðirnir helstu lántakendurnir og nota þeir peningana til að fjármagna íbúðalán sinna viðskiptavina.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Tveir hópar etja kappi. Langskólagengnir takast á við ómenntaða reynslubolta. Hver verður næsti lærlingurinn hjá Donald Trump? Fylgstu með frá byrjun.

# THE APPRENTICE

Á fimmtudagskvöldum kl. 20:30



**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**0,06%** Breyting stjórnvalda á verði gasolíu á bíla hækkaði vísitölu neysluverðs um 0,06 prósent frá fyrra mánuði.

**4,15%** Vextir Íbúðalánasjóðs verða áfram 4,15 prósent en það var ákveðið í kjölfar útboðs á íbúðabréfum í vikunni.

**165** Velta símafyrirtækisins Elisa þar sem Björgólfur Thor Björgólfsson verður stærsti einstaki hluthafinn.

## BANKAHÓLFIÐ



### OR hrellir fjárfesta

Alfreð Þorsteinsson hrellir ekki einungis samstarfsmenn sína í R-listanum þessa dagana heldur líka þá sem ætla að bjóða í Símann. Síðustu fréttir af samstarfi Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem Alfreð er stjórnarformaður, um lagningu ljósleiðara inn á öll heimili í Reykjavík leggst ekki vel í fjárfestana. Hafa verðhugmyndir því farið nokkuð lækkandi þegar horft er fram á samkeppni í gagnaflutningum við opinbert fyrirtæki sem kann sér lítil takmörk og gerir ekki mikla arðsemiskröfu. Menn munu því bíða með öndina í hálsinum þegar tilboðin verða opnuð í kringum 28. júlí næstkomandi.

### 77 milljarðar

Verðmæti fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands jókst um 77 milljarða í júní. Markaðsvirði tveggja nýrra félaga, sem skráð voru í mánuðinum, Mosaic Fashion og Atlantic Petrolium, er um 44 milljarðar króna. Greiningardeild KB banka segir verðmæti fyrirtækja sem fyrir voru hafi einungis hækkað um 33 milljarða króna. Verðmæti Icelandic Group hækkað mest eða um 7,3 milljarða, Bakkavör um 6,1 milljarð og KB banki um 6 milljarða. Markaðsvirði Actavis lækkaði hins vegar um 1,5 milljarða króna.

### Stærðarafstæði í bankakaupum

Fréttir hafa borist af því að Björgólfur Thor hafi áhuga á að kaupa helmings hlut í áttunda stærsta banka í Búlgaríu. Mogginn slær fréttinni upp og gerir því skil að bankinn sé einn af tíu stærstu bönkum Búlgaríu. Víðast hvar í Evrópu hefur þróun verið í átt til færri og stærri banka og því ekki ólílegt að Björgólfur Thor vilji taka þátt í slíkri þróun í Búlgaríu.

Á vef Morgublaðsins er því slegið upp að hann vilji kaupa einn af stærstu bönkum Búlgaríu. Stærð er auðvitað afstætt hugtak, en þegar litið er til eigna búlgarska bankans kemur í ljós að þær eru svipaðar og hjá Sparisjóði vélstjóra. Sparisjóðurinn er hins vegar með helmingi meiri hagnað. Í stærðarflokkun hefði því allt eins mátt sækja samlíkinguna heim og slá upp að Björgólfur Thor hyggðist kaupa banka á stærð við íslenskan sparisjóð.


Frumkvöðlar og stórhugar klippið hér

www.icelandexpress.is




# FLUG OG DÍLL FRÁ 7.995 KR.*

Þarftu að gera yfirtökutilboð í alþjóðlegan banka? Ertu að hugsa um að kaupa þér matvörukeðju, fyrirtækjasamstæðu eða bara að fara með starfsfólkið út að borða? Hver sem tilgangur ferðarinnar er, býður Iceland Express alltaf ódýrustu og þægilegustu lausnirnar á viðskiptaferðum. Gerðu fjármálastjórann glaðan og fljúgðu með Iceland Express.

**Hvað græðirðu á því að ferðast með Iceland Express?**

- **Alltaf lág fargjöld**
- **Daglegt flug**
- **Engin sunnudagaregla**
- **Engin hámarksdvöl**
- **Auðvelt að breyta bókunum**
- **Aðstoð við hótelbókanir og framhaldsflug**

Hafðu samband og við hjálpum þér að finna ódýrustu fargjöldin.

**Beinn sími: 5 500 600**
vidskiptaferdir@icelandexpress.is

**Viðskiptaferðir fyrir fólk með viðskiptavit.**

Verð frá: **7.995 kr.** *Aðra leið með sköttum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

SG BÍLASALA
Brekkustíg 38
260 Reykjanesbæ
sími: 421-4444
fax: 421-3732

A.T.H
100%
LÁN



Fallegt nýbyggt frá grunni sumarhús ásamt 1 hektara eignalóðar á þessu friðsæla og eftirsótta landsvæði í Grímsnesi – Svínavatnslandi. Sumarhúsið er með 70 fm. girtri verönd allan hringinn utan um húsið. Tvö rúmgóð svefnherbergi með fallegum beikiskápum. Baðherbergi sem er sérstaklega rúmgott. Sturtuklefi, upphengt klósett og innrétting undir vaski og spegill, tengi fyrir þvottavél og 100 lítra vatnstankur inn af baðherbergi. Eldhúsið er opið inn í rúmgóða stofu og er beikiinnrétting. Góð stofa með gluggum á þrjár áttir, halogenlýsing í loftum í stofunni. Eign sem er mjög vönduð ásamt góðri eignalóð sem er hálfur hektari. Skipti á íbúð á höfuðborgarsvæðinu koma til greina. Nánari upplýsingar veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölumaður í síma: 822-9519

## Vissir þú ...

...að með því að tyggja tyggjó á meðan laukur er skorinn er hægt að komast hjá því að bresta í grát?

...að meðal vinnubýfluga framleiðir einn tólfta hluta úr teskeið af hunangi á allri ævi sinni?

...að súkkulaðið Hershey's Kissis fékk nafn sitt vegna þess að vélin sem framleiðir það lítur út fyrir að vera að kyssa færibandið í hvert skipti sem hún býr þá til?

...að kólibrífuglinn er minnsti fugl í heimi og hann er svo lítill að hann til að lifa af þarf hann að berjast við skordýr?

...að Abdul Kassem Ismael, sem var æðsti ráðgjafi kalífa í Persíu á tíundu öld tók alltaf bókasafnið sitt með sér hvert sem hann fór? Fjögur hundruð Kameldýr báru 117.000 bækur og voru þau þjálfuð í að ganga í stafrófsröð.

...að síðustu áratugi hafa níutíu prósent allra fiska í sjónum verið étnir eða drepnir á annan hátt?

...að það eru bara tólf bókstafir í havaiíska stafrófinu?

...að það er hægt að teyma kú upp stiga en ekki niður hann aftur?

...að sjötíu prósent tölvuvírusa í heiminum er uppruninn hjá forriturum sem vinna hjá skipulögðum glæpasamtökum?

...að á tíu mínútum losar fellibylur jafn mikla orku og er í öllum kjarnorkuvopnum sem til eru í heiminum?

...að um níu milljón jarðarbúa eiga afmæli sama dag og þú?

...að stærsta hljómsveit í heimi kom saman í Noregi og taldi tuttugu þúsund manns?

...að á þriðja áratug síðustu aldar voru krossgátur svo vinsælar að hægt var að finna þær ásamt orðabók í hverjum lestarvagni í Bandaríkjunum?

...að fyrsti maðurinn til að finna upp táknmál var franskur munkur sem kenndi heyrnalausum að tala með höndunum á nítjándu öld?

...að algengasta nafn í heiminum er Múhammeð? Til eru fjölmargar leiðir til að skrifa nafnið.

...að í Altadena í Kaliforníu-fylki Bandaríkjanna er bananasafn sem hefur að geyma yfir sautján þúsund muni sem eru tengdir bönunum?

...að gúmmíteygjur endast lengur ef þær eru frystar?

...að í Albaníu kinkar fólk kolli til að segja „nei" og hristir hausinn til að segja „já"?

...að til að búa til dýnamít þarf maður hnetur?

...að enska hefur nú komið í stað rússnesku sem vinsælasta erlenda tungumálið í kínverskum skólum?

...að örbylgjuofninn var fundinn upp þegar rannsóknamaður gekk fram hjá ratsjá og súkkulaðistykki bráðnaði í vasanum hans?

...að tómatar og gúrkur eru ekki grænmeti heldur ávextir?

...að Winston Churchill kom í heiminn á kvennaklósetti þar sem móðir hans var á dansleik?

...að konur blikka augunum allt að því helmingi oftar en karlar?

...að augun okkar eru alveg jafn stór frá því að við fæðumst en nef og eyru karlmanna hætta aldrei að stækka?

...að það er ómögulegt að hnerra og hafa augun opin á sama tíma?



## SVIPMYND: LOS ANGELES

**Los Angeles:** Borg í Suðvestur-Kaliforníu.

**Íbúar:** 3.694.820 milljónir.

**Þjóðerni:** Um það bil 52,9% eru hvítir, 13,9% svartir og 9,8% af asískum uppruna. Aðrir eru af spánskum eða mexíkóskum uppruna.

**Tungumál:** Enska og spænska

**Borgarstjóri:** Antonio Villaraigosa. 41. borgarstjóri LA og fyrsti rómanski borgarstjórinn síðan árið 1872.

**Gælunöfn borgarinnar:** City of Angels, Southland, Lalaland, Lotusland.

**Lífsstíll:** Í októberhefti Psychology Today fyrir tíu árum var LA nefnd sem ein af rólegustu borgum Bandaríkjanna. Þar kom fram að gjaldkerar í borginni voru þeir hægustu í landinu og fólk talaði hægast. Í sama tölublaði var þó Long Beach-metropolitanhverfið nefnt sem mesta stress-svæði landins.

**Einkenni:** Borgin hefur engan eiginlegan miðbæ heldur einkennist af mörgum mismunandi hverfum.

**Mestur hiti í borginni:** 44 gráður á celcíus.

**Kvikmyndaiðnaður:** Hófst í borginni á þriðja áratugnum en jókst verulega á þeim fimmta þegar fólk flykktist til borgarinnar með stjörnuglampa í augum.

**Náttúruhamfarir:** Í október árið 1993 brutust út skógareldar sem lögðu 700 heimili í rúst. Í janúar 1994 varð öflugur jarðskjálfti með þeim afleiðingum að þrjár hraðbrautir rifnuðu, 57 létust og þúsundir bygginga gjöreyðilögðust. Fellibylurinn El Nino gekk yfir árið 1998 og olli gríðarlegu eignatjóni.


# Er ekki allt of miklum pappír eytt í vitleysu?

**AUGLÝSING SEM BIRTIST EINN VIRKAN DAG Í FRÉTTABLAÐINU NÆR TIL FLEIRI ÍSLENDINGA EN DAGLEG BIRTING Í HINUM DAGBLÖÐUNUM Í HEILA VIKU**




Tölur skv. Gallupkönnun í júní 2005

Á höfuðborgarsvæðinu er uppsafnaður lestur Fréttablaðsins 93%, á meðan sambærilegur lestur á Morgunblaðinu er 71% og 66% á Blaðinu. Á virkum degi lesa að lágmarki 71% íbúa á höfuðborgarsvæðinu Fréttablaðið. Þetta þýðir að birting auglýsingar einn dag í Fréttablaðinu nær til fleiri Íslendinga en auglýsing í hverju einasta tölublaði Morgunblaðsins eða Blaðsins í heila viku.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

# Samið við LÍN fyrir stúdenta við Háskóla Íslands

**UMRÆÐAN**
LÁNASJÓÐUR NÁMSMANNA





**ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR** **AGNAR FREYR HELGASON**


*Til þess að ná ásættanlegum samningum þurfti forysta námsmannahreyfinganna fjögurra að sýna staðfestu og vinna vel saman. Við hefðum vitanlega ekki gengið að hverju sem er eins og forysta sjóðsins vissi mætavel. Þessar hagstæðu breytingar, með tilheyrandi útlánaaukningu sjóðsins milli ára hefðu heldur ekki orðið nema með fullum stuðningi fulltrúa námsmanna.*

Eftir snarpar samningaviðræður fulltrúa námsmanna og fulltrúa stjórnvalda í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna í maí síðastliðnum, stóð stúdentum til boða mesta kjarabót sem hefur sést um áraraðir. Tekjuskerðing námslána var lækkuð úr 33% í 14% samfara viðunandi hækkun á grunnframfærslu auk þess sem svigrúm til sumarlána var aukið, meira tillit tekið til lesblindra og öryrkja í námi og þeirra námsmanna sem stunda nám í mjög stórum námskeiðum, svo eitthvað sé nefnt. Í kjölfar breytinganna margfaldast möguleikar fólks á að snúa aftur í nám af vinnumarkaði.

Yfir 85% námsmanna græða á breytingunum og má nefna að viðmiðunarnámsmaður með meðal- eða miðgildistekjur hagnast um tæpar níu þúsund krónur á mánuði, eða um 80.000 krónur í hærri lán á næsta skólaári. Á meðan tapar lítill hópur innan við fjórðungi af þeirri upphæð. Það kemur til þar sem frítekjumark, þ.e.a.s. viss upphæð sem ekki kom til skerðingar, var fellt niður. Frítekjumarkið fyrir breytingarnar var aðeins 300.000 krónur en það var úr öllum takti við raunveruleikann og gerði að verkum að lán flestra námsmanna með eðlilegar sumartekjur skertust verulega.

Í grein sinni á vefritinu Deiglunni reynir Vökuliðinn Inga Hrefna Sveinbjarnardóttir að færa rök fyrir því að Stúdentaráð HÍ hefði ekki átt að skrifa undir þessa samninga. Afstaða Vöku innan lánasjóðsnefndar SHÍ var að hafna þessari mestu kjarabót sem stúdentum hefur boðist í áraraðir og finna henni allt til foráttu sem hægt var. Í vantrú horfðum við á fulltrúa Vöku greiða atkvæði gegn lækkun skerðingarhlutfalls, sínu helsta baráttumáli undanfarinn áratug, og hljótum að spyrja hvort hagsmunir stúdenta við Háskóla Íslands hafi þar verið hafðir að leiðarljósi. Þessi afstaða kom þó ekki að sök þar sem meirihluti Röskvu og H-listans horfði á hina afar jákvæðu heildarmynd og greiddi atkvæði með því að fulltrúi Stúdentaráðs undirritaði samningana.

Í samningaviðræðum við Lánasjóðinn fyrir rúmu ári og aftur í ár lögðu námsmannahreyfingarnar fram hugmyndir um róttæka breytingu á tekjuskerðingarkerfinu. Öllum var ljóst að kerfið virkaði ekki eins og það var. Meirihlutinn sættist þó ekki á útfærslu námsmanna og í kjölfarið hlutu námsmenn að kalla eftir fleiri hugmyndum að breytingum. Til varð að endingu tillagan að umræddri breytingu, sem gjörbreytir tekjuumhverfi námsmanna. Vissulega var það ekki vilji Röskvu að afnema frítekjumarkið samhliða öðrum breytingum. En ljóst var að vilji stjórnvalda, sem eru viðsemjendur námsmanna, stóð ekki til þess að halda því inni. Í staðinn fyrir að ríghalda í kröfur sem áttu lítinn hljómgrunn og fá engu framgengt ákváðu fulltrúar námsmannahreyfinganna því að ná fram því besta sem staðan bauð upp á.

Til þess að ná ásættanlegum samningum þurfti forysta námsmannahreyfinganna fjögurra að sýna staðfestu og vinna vel saman. Við hefðum vitanlega ekki gengið að hverju sem er eins og forysta sjóðsins vissi mætavel. Þessar hagstæðu breytingar, með tilheyrandi útlánaaukningu sjóðsins milli ára hefðu heldur ekki orðið nema með fullum stuðningi fulltrúa námsmanna.

Útlán á skólaári komanda aukast nú um 855 milljónir króna í stað um það bil 360 milljóna eftir samningana fyrir um ári síðan og er ljóst að stjórnvöld hefðu ekki sett það fjármagn í sjóðinn hefðu námsmenn sýnt því andstöðu. Þótt vel hafi tekist til í ár og hækkun á grunnframfærslu verið viðunandi má þó öllum ljóst vera að 82.500 krónur á mánuði duga námsmönnum ekki til framfærslu, en það er sú upphæð sem ætlast er til að tekjulausir námsmenn lifi af. Því þarf að halda áfram á sömu braut. Það svigrúm sem skapaðist núna með einfaldari úthlutunarreglum, einfaldar samningaviðræður að ári. Námsmenn geta þá einbeitt sér fyrst og fremst að hækkun mánaðarlegu grunnframfærslunnar að ári enda hefur tekjuskerðingarhlutfallinu verið fundin viðeigandi staða að sinni, að minnsta kosti ef grunnframfærslan sjálf dygði námsmanni til framfærslu!

Hækkun grunnframfærslunnar kemur öllum til góða og þá helst þeim tekjulægri.


***Höfundar eru stúdentaráðsliðar Röskvu og aðal- og varafulltrúi SHÍ í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.***






KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér &nú

GENERAL ELECTRIC



vilborga@centrum.is

ÍSKALT sumarverð

Getum nú loksins boðið GE kæliskápana á einstöku verði.
GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.

**Kæliskápur á sérverði:**

**GCG21YSESFS m. klakavél, köldu vatni, stálhöldum og stálhurðum**
Verðlistaverð kr. 275.000
**Staðgreitt: kr. 220.000**

**GCG21SISFSS m. stálhöldum og stálhurðum**
Verðlistaverð kr. 309.000
**Staðgreitt: kr. 278.100**

**ZCG23SGMSS Monogram, heilklæddur í stáli**
Verðlistaverð kr. 499.000
**Staðgreitt: kr. 449.100**



**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur GE kæliskápa í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.**

General Electric

HEKLA ELECTRIC RAFTÆKJAVERSLUN

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**FRIDA KAHLO (1907-1954)**
lést þennan dag



*„Ég mála aldrei drauma eða martraðir. Ég mála minn eiginn raunveruleika.“*

*- Frida Kahlo var listakona sem eftir slæmt umferðarslys árið 1925 sneri sér alfarið að listinni. Fimmtíu og fimm af 143 verkum hennar eru sjálfsmyndir.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Live Aid tónleikarnir*

Þennan dag árið 1985 voru Live Aid tónleikarnir haldnir í London, Moskvu, Fíladelfíu og Sydney, til styrktar hungruðum í Afríku. Tónleikunum hefur verið lýst sem Woodstock níunda áratugarins. Þeir voru skipulagðir af rokkaranum Bob Geldof sem var söngvari hljómsveitarinnar Boomtown Rats.
Á tónleikunum í London voru 72 þúsund manns saman komnir að hlusta á tónlistarmenn á borð við David Bowie, Wham og Dire Straits. Meðal áheyrenda voru Karl prins og Díana prinsessa. Bob Geldof hafði árið áður orðið snortinn af fréttaflutningi BBC sjónvarpsstöðvarinnar um hungursneyðina í Afríku. Hann samdi í kjölfarið lagið „Do they know it's Christmas“ til fjáröflunar. Þá hélt hann í krossferð til að fá aðrar stjörnur til liðs við málstaðinn. Í lok ársins 1984 var lagið gefið út og kallaðist hljómsveitin Band Aid. Búist var við að platan myndi skila um sjötíu þúsund pundum en hún seldist eins og heitar lummur og í lokin höfðu safnast átta milljónir punda.
Á og eftir Live Aid tónleikana söfnuðust um fjörutíu milljón punda. Helmingur þess penings



**13. JÚLÍ 1985**

var notaður í mat en hinum helmingnum var varið í framtíðar uppbyggingu.
Bob Geldof hlaut riddaratign árið 1986.

## MERKISATBURÐIR

1793 Franski byltingarmaðurinn og rithöfundurinn Jean Paul Marat er stunginn til bana í baði. Árásarmaðurinn, Charlotte Coday, er tekin af lífi fjórum dögum síðar.
1881 Billy the kid er skotinn til bana í Nýju Mexíkó
1955 Ruth Ellis er hengd fyrir morð í bresku fangelsi. Hún var síðast konan sem tekin var af lífi í Bretlandi.
1959 Eyjólfur Jónsson syndir frá Vestmannaeyjum til lands á fimm og hálfri klukkustund.
1960 John F. Kennedy er tilnefndur sem forsetaefni Demókrataflokksins í Bandaríkjunum.
1973 Nýja eldfjallið á Heimaey hlýtur nafnið Eldfell.
1987 Verksmiðja Málningar hf. í Kópavogi brennur til kaldra kola.

## JARÐARFARIR

11.00 **Jón Örn Ingólfsson** hæstaréttarlögmaður, Haukanesi 21, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Már Ásgeirsson**, Ljósheimum 6, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI

**Karvel Pálmason** fyrrverandi alþingismaður er 69 ára

**Gunnar Snorri Gunnarsson** ráðuneytisstjóri er 52 ára

**Sóley Elíasdóttir** leikkona er 38 ára

**Bjarni Arason** tónlistarmaður er 34 ára

**Helgi Valur Daníelsson** knattspyrnumaður er 24 ára



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Sigríður Antonsdóttir**
Sogavegi 20, Reykjavík,

Andaðist mánudaginn 11. júlí.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13:00.

**Synir og fjölskyldur.**



†

*Elskulegur fyrrv. eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Róbert Cassis**

lést 6. júlí síðastliðinn og verður jarðsunginn frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu Hátúni 2 fimmtudaginn 14. júlí klukkan 11.00.

**Ása Gréta Einarsdóttir, Samúel Kristinn Róbertsson, Aron Helgi Róbertsson, Lilja Birgisdóttir, Þórunn Berglind Elíasdóttir, Ófeigur Gústafsson, Andrea Rut Ófeigsdóttir, Ásdís Birta Ófeigsdóttir, Kristín Jónsdóttir Eberhardt, Edward Eberhardt, Jón Edward Eberhardt, Lára Eberhardt Stone, Ken Stone, Jón Brynjar Jónsson, Emilía Einarsdóttir, Guðbrandur Jónsson og Jakobína Þráinsdóttir.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,*

**Hildur Björnsdóttir**
Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi,

sem lést þriðjudaginn 5. júlí verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 14. júlí kl. 13.

**Róbert Guðlaugsson**

| | |
|---|---|
| **Björn Róbert Ómarsson** | |
| **Elín Thelma Róbertsdóttir** | **Reynir Þór Reynisson** |
| **Tómas Darri Róbertsson** | |
| **Anna Hildur Björnsdóttir** | |
| **Emilía Mist Reynisdóttir** | |
| **Elín Kröyer** | **Kristinn Arason** |
| **Björn Helgason** | **Guðrún Ólafsdóttir** |
| **Díana Björnsdóttir** | |
| **Lára Björnsdóttir** | **Ólafur Pálsson** |
| **Elísa Kristinsdóttir** | **Vilhjálmur Sveinbjörnsson** |
| **Gunnar Friðrik Björnsson** | |
| **Sigurlaug Björnsdóttir** | **Guðmundur Þorleifsson** |
| **Ari Kristinsson** | **Margrét Pálsdóttir** |
| **Ástríður Kristinsdóttir** | **Vigfús Ingvarsson** |
| **Kristrún Kristinsdóttir** | **Sverre Rasch** |
| **Sigríður Kristinsdóttir** | **Hallgrímur Helgi Helgason** |

**og aðrir aðstandendur.**

HÁKON AÐALSTEINSSON SKÁLD OG SKÓGARBÓNDI ER SJÖTUGUR Í DAG

# Lætur ekki smámuni stressa sig



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKÁLD AÐ HÚSUM Í FLJÓTSDAL** Hákon Aðalsteinsson heldur sér ungum með því að lifa lífinu og vera í góðu skapi.

„Það er allt á fullu að gera hér og við ætlum bara að læðast í burtu aðeins og láta aðra sjá um okkur,“ segir Hákon Aðalsteinsson, landsþekktur hagyrðingur og skógarbóndi, um það hvað hann ætlar að gera í tilefni sjötugsafmælis síns. Hákon og eiginkona hans Sigrún Benediktsdóttir eru miklir matgæðingar en ætla að bjóða vinum og vandamönnum í kaffiboð á Klausturkaffi á Skriðuklaustri og láta þá sjá um veitingar. Hákon segir að það verði kærkomin breyting frá því að stjana í kringum aðra en þau hjónin reka ferðaþjónustu að Húsum í Fljótsdal.

Hákon segir aldrei að vita nema hann fá einhverjar afmælisgjafir þó hann vanti ekki neitt og eigi allt. „Maður hefur allt sem maður óskar sér, góða heilsu og fallegan stað til að vera á.“ Hákon telur sig ekki vera mikið afmælisbarn enda hafi afmæli hans ávallt komið upp á háannatíma í sveitinni þegar hann var að alast upp.

Hákon hefur ekkert samið í tilefni tímamótanna. „Það dettur mér ekki í huga að gera,“ segir hann hlæjandi en bætir við að þetta sé auðvitað merkisdagur þar sem hundadagar hefjist þá. „Það er svolítið gaman að því að hafa sérmerki á sínum degi. Hins vegar fannst mér að það hefði mátt vera betra þegar ég var strákur, þá fannst mér þetta ekki vera neitt sérstakt heiðursmerki,“ segir Hákon sem býst við sólríkum afmælisdegi. Hann segir fólk oft spyrja sig hvort ekki sé leiðinlegt að vera svona gamall. Það telur hann af og frá enda væri hann dauður ef svo væri. „Þetta er ekki orðið neinn aldur í dag,“ segir Hákon sem gerir ekkert sérstakt til að halda sér ungum nema að halda áfram að lifa lífinu og vera í góðu skapi.

Hákon býst ekki við að fara í mikið frí í sumar enda mikið um að vera og hreindýravertíðin að byrja. Hann er leiðsögumaður veiðimanna en hefur sjálfur lagt byssuna að mestu á hilluna. En hvað gerir hann þá til að slaka á í annríkinu? „Maður þarf ekkert að slaka á, þetta rennur allt saman eðlilega og við kunnum það hér að láta ekki smámunina stressa okkur upp,“ segir Hákon hressilega. ■



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Kristinn Kristófersson**
Fríholti 8, Garði.

Lést á Landspítalanum mánudaginn 4.júlí. Útför hans fer fram frá Útskálakirkju fimmtudaginn 14.júlí kl.14:00.

**Ingibjörg Gestsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Kristófer Pálsson** | |
| **Elsa Pálsdóttir** | **Sigurþór Stefánsson** |
| **Páll Ingi Pálsson** | **Regína B. Agnarsdóttir** |
| **Auðunn Pálsson** | **Gróa Axelsdóttir** |

**Barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður, bróður og afa,*

**Ketils Högnasonar,**
tannlæknis, Melgerði, 12 Kópavogi.

Guð blessi ykkur öll.

**Hildigunnur Davíðsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Kristín Halldórsdóttir** | |
| **Helgi Ketilsson** | **Guðrún Jóhanna Sveinsdóttir** |
| **Davíð Ketilsson** | **Drífa Lind Gunnarsdóttir** |
| **Guðbjörg Ketilsdóttir** | **Mikael Svend Sigursteinsson** |
| **Hildur Högnadóttir** | **Haukur Högnason** |
| **og afabörn** | |

## ANDLÁT

**Guðrún J. Gísladóttir** er látin.

**Páll Kristinn Kristófersson**, Fríholti 8, Garði, lést á Landspítalanum mánudaginn 4. júlí.

**Hildur Björnsdóttir**, Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi, lést þriðjudaginn 5. júlí.

**Róbert Cassis** lést miðvikudaginn 6. júlí.

**Kristján Hólm Loftsson** frá Bólstað, lést á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi föstudaginn 8. júlí.

**Páll Sveinsson** frá Vík í Mýrdal, Lönguhlíð 3, andaðist á Borgarspítalanum föstudaginn 8. júlí.

**Valgeir Þormar**, Granaskjóli 74, Reykjavík, andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 8. júlí.

**Jóhann Júlíusson** útgerðarmaður, Ísafirði, lést laugardaginn 9. júlí.

**Þorvaldur Ísleifur Helgason** fyrrverandi verkstjóri, Hæðargarði 29, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 9. júlí.

**Eiríkur Jónasson** löggiltur rafvirkjameistari, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum sunnudaginn 10. júlí.

**Arndís Bjarnadóttir** hjúkrunarfræðingur, Bjarmalandi 24, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 11. júlí.

**Karólína Borg Kristinsdóttir**, Yrsufelli 9, Reykjavík, lést á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi þriðjudaginn 12. júlí.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

LOKAÐ Í DAG
ÚTSALAN HEFST Í FYRRAMÁLIÐ
KL.07.00
40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

NEXT
KRINGLUNNI



## Vertu velkominn Atli ...

... Köttarar skemmtu sér konunglega á Laugardalsvellinum í gær og sungu hina ýmsu söngva meðal annars „Vertu velkominn Atli,“ við lagið „Komdu í Kántrýbæ“. Köttarar hvöttu líka Ólaf Þórðarson til að fara í sparifötin líkt og Atli en nýi þjálfari Þróttarar var mættur í sparifrakkann að sið Jose Mourinho.

**sport**

sport@frettabladid.is

**FH Í ELDLÍNUNNI Í MEISTARADEILDINNI Í GÆR:** VONT TAP GEGN NEFTCHI BAKU Í FYRRI LEIKNUM

# *Höfum engu að tapa í síðari leiknum*






FH-ingar eru í nokkuð erfiðri stöðu í forkeppni Meistaradeildar Evrópu eftir 2-0 tap gegn Neftchi Baku frá Aserbaídsjan í gær. Heimamenn skoruðu annað markið á síðustu mínútu leiksins og gæti það reynst afar dýrmætt þegar einvígi liðanna lýkur, en síðari leikurinn fer fram í Kaplakrika að viku liðinni.

„Seinna markið hjá þeim var algjör heppni og klaufaskapur hjá okkur. Það kom fyrirgjöf og skalli og mark. Algjör óþarfi,“ sagði óánægður Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH, þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, en hann fylgdist með sínum mönnum ytra í gær. Leikstíll FH í Aserbaídsjan í gær var töluvert frábrugðin þeim sem liðið hefur verið að notast við í sumar og kaus Ólafur Jóhannsson, þjálfari liðsins, að hefja leikinn með fimma manna varnarlínu þar sem Freyr Bjarnason fór í miðja vörnina en Davíð Þór Viðarsson lék í stöðu vinstri bakvarðar.

„Það var lagt upp með að fá ekki á sig mark en því miður gekk það ekki upp,“ segir Pétur, en heimamenn náðu forystunni strax á 20. mínútu. Segja má að leikmenn Neftchi hafi verið með leikinn í höndunum allan tímann og spiluðu mjög ákveðið gegn FH-ingum sem voru, að sögn Péturs, ekki samkvæmir sjálfum sér. Það sést kannski best á því að Íslandsmeistarar FH náðu varla að skapa sér opið marktækifæri í öllum leiknum. „Við létum bara ekki finna nægilega mikið fyrir okkur í fyrri hálfleik, en í seinni hálfleik áttum við í fullu tré við þá. Og nú verðum við bara að vinna þá heima, ekkert öðruvísi. Þá spilum við meiri sóknarleik enda höfum við engu að tapa,“ segir Pétur.

## > Við tökum hattinn ofan ...



... fyrir varnarleik Skagamanna og Valsmanna sem hafa ekki fengið á sig mark í í Landsbankadeildinni í meira en 300 mínútur. Bæði lið hafa haldið hreinu í rúmlega þrjá leiki, það eru komnar 315 mínútur síðan skorað var hjá ÍA og 313 mínútur er síðan menn fundu leið fram hjá Valsvörninni.

## > Við hrósum ...



.... Matthíasi Guðmundssyni sem hefur verið ómetanlegur fyrir Valsmenn í sumar. Matthías skoraði sjöunda markið sitt í Landsbankadeildinni og tryggði Valsmönnum sigur í Grindavík í gær en þetta var annað sigurmark hans á þessu tímabili.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚLÍ**

10 11 12 **13** 14 15 16

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 16.50 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- 17.15 **Sterkasti maður heims 2004** á Sýn.
- 17.45 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- 18.05 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
- 18.35 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá fyrri leik Liverpool og TNS í Meistaradeild Evrópu.
- 20.55 **Fótboltaæði FIFA** á RÚV. Þættir gerðir í tilefni af aldarafmæli FIFA.
- 20.45 **Enski boltinn** á Sýn. Bikarkeppni 2005.
- 21.55 **Meistarinn Muhammad Ali** á Sýn. Heimildamynd um Ali.
- 22.20 **Mótókross** á RÚV.
- 22.50 **Meistaradeildin** á Sýn. Útsending frá fyrri leik Liverpool og TNS í Meistaradeild Evrópu.
- 00.30 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Cialis Western Open.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*VISA-bikar kvenna*

**8 LIÐA ÚRSLIT**

BREIÐABLIK–KEFLAVÍK 3–1
Greta Mjöll Samúelsdóttir 3 – Ólöf Helga Pálsdóttir.

STJARNAN–KR 1–3
Sjálfsmark – Hrefna Huld Jóhannesdóttir 2, Júlíana Einarsdóttir.

FJÖLNIR–ÍA 4–1
Helga Franklínsdóttir 2, Anne Borton, Edda María Birgisdóttir – Helga Sjöfn Jóhannesdóttir.

Valur, Breiðablik, KR og Fjölnir eru komin í undanúrslit VISA-bikars kvenna.

# Mikið verk fyrir höndum hjá Atla

**Þróttarar héldu hreinu í fyrsta leiknum undir stjórn Atla Eðvaldssonar en það dugði þó aðeins í eitt stig gegn Skagamönnum sem hafa haldið hreinu í 315 mínútur í Landsbankadeildinni.**



**Þróttur 0-0 ÍA**



Laugard.v., áhorf: 1005 – Erlendur Eiríksson (5)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–11 (2–4) |
| Varin skot | Fjalar 4 – Bjarki 2 |
| Horn | 6–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–10 |
| Rangstöður | 2–3 |

**FÓTBOLTI** Leikur Þróttar og ÍA verður ekki lengi í minnum hafður. Bæði lið voru varkár í leik sínum og tóku ekki mikla áhættu, sérstaklega í seinni hálfleik, og endaði leikurinn 0-0 í daufum leik. Atli Eðvaldsson var að stjórna liði Þróttar í fyrsta skipti í sumar, en hann tók nýlega við þjálfun liðsins af Ásgeiri Elíassyni, sem var búinn að stjórna Þrótti í fimm ár á undan.

Atli breytti um leikskipulag og spilaði með fjóra í vörn og á miðjunni, en tvo frammi. Ásgeir lék með þrjá menn í vörn, fimm á miðjunni og tvo frammi, og virtist þessi breyting hjá Atla skila góðum árangri í upphafi leiks. Leikmenn Þróttar voru baráttuglaðir á upphafsmínútum leiksins í gær og áttu þrjár ágætis marktilraunir á fyrstu fimmtán mínútunum. Páll Einarsson átti glæsilegt skot beint úr aukaspyrnu af 35 metra færi en boltinn small í þverslánni.

Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, lét vel í sér heyra á upphafsmínútunum og virtust óp hans hafa góð áhrif á leikmenn ÍA sem voru líflegir seinni part fyrri hálfleiks. Sérstaklega var Hjörtur Hjartarson líflegur en Fjalar Þorgeirsson, markvörður Þróttar, varði ágætlega í tvígang frá honum. Í seinni hálfleik voru Skagamenn betri. Ellert Jón Björnsson var líflegur á hægri vængnum en hann kom inn á í hálfleik. Þróttarar áttu í erfiðleikum með að byggja upp sóknir, sérstaklega á miðjunni, þar sem Pálmi Haraldsson hafði tögl og hagldir. Fjalar Þorgeirsson varði ágætlega frá Hirti Hjartarsyni um miðjan hálfleikinn, eftir að Eysteinn Lárusson hafði misst Hjört klaufalega fram hjá sér.

Ólafur Þórðarsona, þjálfari ÍA, var ekki ánægður með fyrri hálfleik sinna manna. „Það kom leikmönnum mínum einhverra hluta vegna á óvart hvað Þróttarar voru sprækir í byrjun. En við börðumst ágætlega í seinni hálfleik. Við hefðum bara átt að nýta færin betur.“

Atli Eðvaldsson sagði mikið verk vera fyrir höndum. „Þetta byrjaði ágætlega hjá okkur í kvöld, en svo fóru menn að hlaupa of mikið út úr stöðum. Þetta þurfum við að laga en margt gott var í þessu.“

**magnush@frettabladid.is**



**MÆTTUR Á NÝ** Atli Eðvaldsson tók sig vel út í frakkanum í Laugardalnum í gær þegar hann stjórnaði Þrótturum í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| ÞRÓTTUR–ÍA | 0–0 |
| **Grindavík–Valur** | **0–1** |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 10 | 10 | 0 | 0 | 28–5 | 30 |
| **VALUR** | **10** | **8** | **0** | **2** | **21–5** | **24** |
| FYLKIR | 10 | 5 | 2 | 3 | 20–15 | 17 |
| **KEFLAVÍK** | **10** | **4** | **3** | **3** | **16–21** | **15** |
| ÍA | 10 | 4 | 2 | 4 | 9–11 | 14 |
| **KR** | **10** | **3** | **1** | **6** | **9–16** | **10** |
| GRINDAVÍK | 10 | 2 | 3 | 5 | 10–17 | 9 |
| **ÍBV** | **10** | **3** | **0** | **7** | **8–21** | **9** |
| FRAM | 10 | 2 | 2 | 6 | 10–14 | 8 |
| **ÞRÓTTUR** | **10** | **1** | **3** | **6** | **11–17** | **6** |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH | 9 |
| **Allan Borgvardt, FH** | **8** |
| MATTHÍAS GUÐMUNDSSON, VAL | 7 |

| ÞRÓTTUR 4–4–2 | | ÍA 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar | 7 | Bjarki | 5 |
| Freyr | 5 | Finnbogi | 4 |
| Páll | 7 | (46. Ellert Jón | 7) |
| Eysteinn | 4 | Reynir | 6 |
| Ingvi | 4 | Gunnlaugur | 6 |
| Halldór | 6 | Guðjón Heiðar | 6 |
| Hallur | 5 | Kári Steinn | 5 |
| Haukur Páll | 5 | **Pálmi H.** | **7*** |
| Daníel H. | 6 | Helgi Pétur | 6 |
| (67. Guðfinnur | 5) | Hjörtur | 6 |
| Þórarinn | 5 | (84. Jón Vilhelm | –) |
| Magnús Már | 6 | Sigurður Ragnar | 5 |
| (77. Erlingur | –) | (63. Andri | 5) |
| | | Hafþór | 6 |

*MAÐUR LEIKSINS

| GRINDAVÍK 4–4–2 | | VALUR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Savic | 5 | Kjartan | 7 |
| McShane | 5 | Steinþór | 6 |
| Óli Stefán | 4 | Atli Sveinn | 5 |
| (85., Óðinn | –) | Grétar | 7 |
| Jack | 6 | Bjarni Ólafur | 6 |
| Eyþór Atli | 4 | **Baldur** | **7*** |
| Zeyer | 4 | Sigurbjörn | 6 |
| (46., Eysteinn | 5) | Stefán Helgi | 5 |
| Niestroj | 5 | Matthías | 6 |
| Kekic | 6 | (90. Hálfdán | –) |
| Óskar Örn | 6 | Guðmundur B. | 6 |
| (88. Guðmundur | –) | (85. Sigurður | –) |
| Ahandour | 6 | Garðar | 5 |
| Magnús | 6 | (74. Kristinn | –) |

*MAÐUR LEIKSINS






Þriðji sigur Valsmanna í röð í Landsbankadeildinni:

# Matthías tryggði Val sigur í Grindavík



**Grindavík 0-1 Valur**



Grindavík, áhorf: 1020 – Magnús Þórisson (4)

*0–1 Matthías Guðmundsson (76.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–12 (5–4) |
| Varin skot | Savic 3 – Kjartan 5 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–12 |
| Rangstöður | 3–1 |

**FÓTBOLTI** Valsmenn unnu góðan útisigur en þó alls ekki öruggan í Grindavík í gær. Heimamenn voru síst lakara liðið í leiknum og voru óheppnir að fá ekkert út út honum. Þeir sýndu oft á tíðum mjög gott spil sín á milli en tókst þó ekki að skora. Sóknarmenn liðsins voru mjög ógnandi en fundu ekki leiðina fram hjá Kjartani Sturlusyni sem var öruggur í marki heimamanna. Mounir Ahandour var hættulegur og komst tvívegis nálægt því að skora með skalla en í bæði skiptin varði Kjartan frá honum. Besta færi liðsins fékk Eysteinn Húni Hauksson sem skaut yfir úr dauðafæri strax á upphafsmínútu seinni hálfleiks en hann kom inn sem varamaður í leikhléinu. Oft klikkaði þó hin svokallaða síðasta sending hjá liðinu. Valsmenn hafa oft spilað betur en í gær en þeir gerðu það sem þurfti. Þeir hafa sýnt í sumar að þeir eru duglegir við að refsa fyrir öll mistök mótherjana, hafa mjög vel spilandi lið sem sækir af krafti og er alltaf líklegt til að skora. Barátta liðsins skilaði sigri og þeir halda áfram að narta í hæla FH-liðsins. Eitt mark leit dagsins ljós í leiknum, Matthías Guðmundsson átti ekki í vandræðum með að skora á 76. mínútu þegar Óli Stefán Flóventsson gerði sig sekan um mistök. Eftir þetta mark spiluðu Valsmenn leikinn af miklu öryggi.

„Mér fannst við töluvert betri allan leikinn en vandamálið er að við náum ekki að skora. Það mátti ekki sjá á þessum leik að það væri tólf stiga munur á liðunum,“ sagði Magnús Þorsteinsson leikmaður Grindvíkinga.

Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði Vals var hressari í leikslok. „Það er mjög erfitt að spila á móti Grindavík á útivelli, en við vildum þetta. Vonandi hefur ströng dagskrá FH liðsins áhrif á þá.“

**-egm**

# 330 milljónir

50 + 280

1. vinningur

# Ofurspenna

## Þolir þú álagið?

BÓNUS-VINNINGUR 5 MILLJÓNIR

Eins og venjulega er potturinn í Víkingalottóinu himinhár, auk þess sem ofurpotturinn eykur heldur betur á spennuna.

Skelltu þér á miða á næsta sölustað eða á **lotto.is** fyrir klukkan **16** í dag, eða fáðu þér miða í **áskrift**.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM17207

## STUÐ MILLI STRÍÐA — Takk, takk, takk...

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** LAUMAST TIL AÐ SKOÐA BJÖRTU HLIÐARNAR.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Elsku afi minn andaðist um helgina. Ég veit vel að þetta er ekki staður fyrir minningargreinar en ég bara get ekki hætt að velta þessu fyrir mér. Get ekki hugsað um neitt annað og þess vegna verður þessi pistill bara eins og hann verður. Sá mynd af afa í dánartilkynningum í gær og starði á hana. Hvað þýðir þetta? Er hann í alvörunni dáinn? Ég næ þessu ekki. Manneskja sem ég hitti reglulega er ekki til lengur. Það er svo skrítið og líka svo vont.

Ég held að fólk átti sig sjaldan á alvörunni sem fylgir lífinu. Það sprangar bara um í sínu eigin lífi, stofnar sér í hættu með óhóflegri neyslu áfengis, reykingum og óhollustu og tekur áhættur fyrir aftan stýrið. Virðir lífið að vettugi og það sem verra er, líf annarra. Stundum þegar ég ek á þjóðveginum uppi í sveit kemur skyndilega bíll úr gagnstæðri átt á minni akrein. Hann er að taka fram úr af því að hann er að flýta sér svo mikið. Langar að spyrja svona fólk hvort það viti að það er ekki ódauðlegt.

Svo þegar veikindi hrjá mann. Til dæmis ef fóturinn brotnar þá er ekki hægt að hugsa um annað en hversu ótrúlega næs er að vera með heilan fót og af hverju í ósköpunum þess var ekki notið betur þegar fóturinn var heilbrigður. Það er kannski eitthvað sem er gott að gera. Taka smá pásu á hverjum degi og vera þakklátur fyrir allt sem er í lagi.

Takk fyrir heilbrigðar lappir, hendur, munn, rass, augu og allt. Það sem er mun mikilvægara – takk fyrir það að allt fallega fólkið mitt fyrir utan elsku afa er á lífi. Ég er ekkert að rembast við að vera væmin hérna en ég held það sé bara stundum nauðsynlegt að vera pínu væmin. Það er miklu flottara að geta verið væminn í smástund án þess að fara í algjöran mínus yfir því að maður hafi misst kúlið. Stundum er gott að laumast til að skoða björtu hliðarnar á lífinu jafn vel og þær dökku sem við virðumst mikið einblína á. Auðvitað er þetta óttalega klisjuleg lífsspeki hjá mér. En oftast er bara nokkuð mikið til í klisjum. ■

## myndasögur

### PONDUS — Eftir Frode Överli




### GELGJAN — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA — Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR — Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN — Eftir Kirkman/Scott





BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Su 17/7 kl 14, Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

Örlagaeggin-söngleikur
Frumsýning Fimmtudaginn 7.júlí kl. 20.00 - UPPSELT
2. sýning Föstudaginn 8. júlí kl. 20.00

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8








GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARAÐU PENINGA
MICHELIN
BFGoodrich
...einfaldlega betri!
DEKKJALAGERINN 755 3355
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
DEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS





SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!
SIRKUS



birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Vandaðu valið



Italsofa
Glæsilegt sófasett 3+1+1
Verð aðeins **kr. 249.000.-**



KWA þægileg og vönduð sænsk húsgögn á veröndina eða í sumarbústaðinn!

Yfir 20 ára reynsla á Íslandi

**Italsofa** The Italian touch

Hægindahornsófi með slitsterku áklæðisem auðvelt er að þrífa. Frábær í sjónvarpsholið.



Tilboðsverð aðeins
**kr. 198.000.-**



**Sófasett** með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa.
**Verð aðeins kr. 159.000.-**
Litir: ljósbrúnt, grábrúnt



**Italsofa**
Hornsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa. Verð kr. **125.000.-**
**Með leðuráklæði** verð kr. **189.000.-**



**Italsofa**
**Fallegur og þægilegur skemlasófi**

**Leðuráklæði** verð kr. **149.000.-**
**Tauáklæði** verð kr. **119.000.-**



**Hornsófi með leðuráklæði**
Verð aðeins **kr. 159.000.-**
Litur: brúnn





**Belgísk gæðahúsgögn**
Skenkur kr. **63.000**
Glerskápur kr. **66.000**
Borðstofuborð 90x180 kr. **35.000**
Stólar stk. kr. **11.900**

**FRÁBÆRT VERÐ...**

**Italsofa**
**Hornsófi/svefnsófi** með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa.
Verð aðeins **kr. 175.000.-**



**Stílhrein og vönduð borðstofuhúsgögn.**
**Borð með ótrúlegri stækkun.**
**Frábært fyrir stórfjölskylduna eða fundarherbergið.**



skovby

K O R T E R . I S

**Slökunarstólar í miklu úrvali**

Vandaður slökunarstóll
**með leðuráklæði og skemli**
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt

Tilboðsverð aðeins
**kr. 49.900.-**





Bogart

Vandað leðursófasett 3+2+1 á ótrúlegu verði!
Verð aðeins kr. 229.000.-

3+1+1 verð aðeins **kr. 198.000.-**

Vandaður slökunarstóll
með áklæði og skemli aðeins kr. 34.900.-
Verð með leðri kr. 54.900.-



*2ja ára ábyrgð*

## Vandaðu valið

Hjá okkur færðu eingöngu vönduð gæðahúsgögn á frábæru verði.
Hvort sem er í stofuna, borðstofuna, sjónvarpsholið, svefnherbergið, eldhúsið, veröndina, sumarbústaðinn...

**Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375
www.valhusgogn.is






**LJÓNIÐ ALEX** Teikningarnar af dýrunum voru byggðar á barnabókum. Þá má einnig sjá einhverja andlitsdrætti þeirra leikara sem tala fyrir þær.

# Harður tölvuteiknimyndabransi

Nýjasta tölvuteiknimyndin frá Dremworks, Madagaskar, er frumsýnd í dag. Hún fjallar um fjögur dýr sem þurfa nauðbeygð að laga sig að nýjum aðstæðum í frumskógi Madagaskar eftir að hafa lifað sældarlífi í dýragarði New York.

Dreamworks Animation eru sömu aðilar og gerðu kvikmyndirnar Shrek, Antz og Shark Tale. Teiknimyndadeildin var upphaflega sett til höfuðs Disney-teiknimyndunum sem þá höfðu einokað teiknimyndamarkaðinn með kvikmyndum á borð við Aladdin, Lion King og Mulan.



**BEN STILLER** Teiknimyndirnar eru fullar af stórstjörnum sem ljá persónum raddir sínar. Stiller fer með hlutverk ljónsins Alex.

Fyrsta kvikmynd teiknimyndadeildar Dreamworks, Prince of Egypt, kom út árið 1998. Þrátt fyrir að myndin vekti einhverja athygli var þetta teiknimynd af gamla skólanum.

Steve Jobs og félagar hjá Apple höfðu stofnað nýtt fyrirtæki, Pixar, og gert fyrstu tölvuteiknuðu teiknimyndina, Toy Story, árið 1995. Dreamworks voru enn á eftir Disney því það dreifði Pixar-myndunum. Sá dreifingarsamningur rennur út árið 2006 og óvíst er hvort hann verði endurnýjaður.

**Slagurinn harðnar**

Teiknimyndadeild Dreamworks þurfti því að bregðast hratt við. Sama ár og Pixar hleypti af stokkunum sinni nýjustu afurð, A Bugs Life, svaraði Dreamworks því með kvikmyndinni Antz. Báðar kvikmyndirnar fjölluðu um veröld skordýra og báðar slógu í gegn. Það var ljóst að samkeppnin stæði þeirra á milli um hylli barna. Bæði Pixar og Dreamworks löðuðu til sín stjörnur þannig að leikhópurinn var orðinn æði fjölbreyttur. Hver hefði til dæmis látið sig dreyma um að Sylvester Stallone og Woody Allen myndu einhvern tímann leika saman í kvikmynd eins og raunin varð í Antz?

Samkeppni Pixar og Dreamworks hélt áfram. Allt leit út fyrir að Pixar hefði betur en vonbrigðin með Toy Story 2 sem og Monster Inc. gáfu Dreamworks höggstað á þeim og græna tröllið Shrek leiddi atlögu Dreamworks að Pixar. Shrek varð gríðarlega vinsæl og fleytti Dreamworks framúr. Pixar jafnaði metin með hinni ofurvinsælu Finding Nemo og síðan þá hafa fyrirtækin tvö verið í harðri samkeppni og þrátt fyrir að teiknimyndirnar séu hugsaðar fyrir yngri kynslóðina þá hafa hinar tölvuteiknuðu kvikmyndir seilst inn til þeirra sem eldri eru og glensið höfðar í meira mæli til þeirra.

**Fleiri vilja sneið af kökunni**

Myndin Cars er væntanleg frá Pixar á næsta ári en þar fer hinn goðsagnakendi Paul Newman með eitt aðalhlutverkanna þannig að ljóst er að frumkvöðlarnir ætla ekki að gefa neitt eftir. Pixar og Dreamworks fá þó ekki lengi að sitja um hituna og auðinn sem liggur í hinum tölvuteiknuðu teiknimyndum. Sony og Lucasfilm hafa bæði gefið það til kynna að þau helli sér af fullum krafti út á þennan markað á komandi árum.

Jada Pinkett Smith, Ben Stiller, Chris Rock og David Schwimmer sem leika aðalhlutverkin í Madagaskar en íslenskir staðgenglar þeirra eru Atli Rafn Sigurðsson, Rúnar Freyr Gíslason, Valur Freyr Einarsson og Inga María Valdimarsdóttir. ■

# Þrír dagar í nýju Harry Potter bókina

Sjötta Harry Potter bókin, Harry Potter and the Half-Blood Prince, kemur út 16. júlí og er búist við að hún valdi usla í bókabúðum um allan heim. Í Kanada varð uppi fótur og fit þegar í ljós kom að nokkur eintök af bókinn höfðu verið seld í bókabúð einni nærri Vancouver hinn 7. júlí.

Dreifingaraðili Harry Potter bókanna í landinu fór með málið fyrir hæstarétt í British Columbia og samkvæmt dómsúrskurði má enginn segja frá atburðarás bókarinnar áður en hún er formlega gefin út 16. júlí. „Við lofuðum aðdáendum Harry Potter að við myndum gera okkar besta til að tryggja að þeir yrðu fyrstir til að lesa um leyndarmálin í Harry Potter and the Half-Blood Prince,“ sagði markaðsstjóri útgefandans í Kanada, Raincoast Books. Útgefandinn hefur ákveðið að þeir sem keypt höfðu eintak og skili henni fái hana aftur eftir miðnætti á útgáfudaginn ásamt eiginhandaráritun Rowling og Harry Potter stuttermabol sem aðeins nokkur eintök voru gerð af.

Sú breyting verður á að minna verður selt af Harry Potter varningi en við útgáfu síðustu bókar J.K. Rowling, Harry Potter and the Order of the Phoenix. Því hafði verið spáð að bókin



**HARRY POTTER PAKKAÐ NIÐUR** Netverslunin Amazon í Bandaríkjunum býr sig undir eftirspurnina eftir Harry Potter bókinni.

sprengdi öll met í sölu á Harry Potter hlutum en sú reyndist ekki raunin. Lítil sala á varningnum þykir sanna að æðið í kringum Harry Potter bækurnar sé ekki sprottið af göldrum markaðsmanna heldur sé einlægur áhugi lesenda á snilldarbókum Rowling sem á heiðurinn af vinsældunum.

Eftirspurn eftir The Half-Blood Prince er gífurleg. Nú þegar er búið að ákveða að fyrsta upplagið verði 10,8 milljónir, sem er fjórum milljónum meira en Order of the Phoenix, og er upplagið sjö sinnum stærra en fyrsta upplag bókar Bill Clinton's, My Life. „Við seljum 50.000 eintök á klukkutíma fyrsta sólarhringinn,“ segir talsmaður Barnes and Noble.

Bókabúðir í Bandaríkjunum og Bretlandi hafa margar undirbúið útgáfuhátíðir í búðum sínum. Rowling les upp úr bókinni í Edinborgarkastala í Skotlandi rétt eftir miðnætti á útgáfudaginn.

Dagblöð og bókabúðir í sex löndum velja 70 börn sem hafa áhuga á að verða blaðamenn til að vera viðstaddir lesturinn og spyrja höfundinn spurninga á barnablaðamannafundi 17. júlí. ■

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausu tilboði

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**

**Nýtt** í Hagkaupum

NICOLETTI®™



**Ítölsk hágæða húsgögn úr vönduðu leðri. Ítölsk hönnun, gæði og handbragð eru tryggð af NICOLETTI fremsta framleiðanda í Evrópu af leðursófum.**

14 tegundir í boði af NICOLETTI leðursófasettum, þú velur tegund og lit.

**NICOLETTI sófasettin fást með 36 mánaða vaxtalausum raðgreiðslum.**



**Bycast sófasett** 3+1+1 Roma



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 Verona



**Leðursófasett** 3+1+1 3004



**Leðursófasett** 3+1+1 3002



**Leðursófasett** 3+1+1 3171



**Ítalskt leðursófasett** 3+1+1



**Leðursófasett** 3+1+1 3058



**Stóll** 1, 2 eða 3 sæta 601



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany

**Vaxtalaus verðsprengja!** á mán. í 12 mánuði **8.325** kr

**Verð nú 99.900,-**
**Verð áður 149.900,-**



**Hornsófi** tau áklæði Paris

**Vaxtalaus verðsprengja!** á mán. í 12 mánuði **8.325** kr

**Verð nú 99.900,-**
**Verð áður 149.900,-**



**Hornsófi** leður áklæði

Gildir til 20. júlí eða á meðan birgðir endast.

***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*












**PATTI SMITH** Fékk á dögunum ein æðstu menningarverðlaun Frakklands. Hún sagði í viðtali að hún væri á leiðinni í hljóðver til þess að taka upp lög eftir þekkta listamenn á borð við Edith Piaf.

# Patti Smith heiðruð

Bandaríska pönk – rokkgyðjan Patti Smith, sem heldur tónleika hér á landi á NASA hinn 6. september, fékk ein æðstu menningarverðlaun Frakklands á dögunum . Smith fékk orðu Lista og orða af-henta úr hendi franska menningaráðherrans, Reunaud Donnedieu sem sagði af því tilefni að Smith væri ein áhrifamesta tónlistarkonan í kvennarokksögunni.

Patti Smith er þekkt fyrir að fara sínar eigin leiðir í tónlistinni og sagði að hún myndi gera allt sem í hennar valdi stæði til þess að standa undir viðurkenningu sem þessari. Smith sagði á dögunum í viðtali við franskt tímarit að hana langaði til þess að gera plötu þar sem hún myndi flytja lög eftir þekkta listamenn á borð við Edith Piaf og Bob Dylan. ■

# Miðasala hefst á fimmtudaginn



Tónleikahaldið heldur áfram að vera fjölskrúðugt á Íslandi. Á fimmtudaginn hefst miðasala á öllum Esso- bensínstöðvum á tónleika hjartaknúsarans Michael Bolton. Hann er að fylgja eftir nýju plötunni sinni Vintage þar sem hann flytur vinsæl lög eftir aðra. Bolton kemur með 18 manna hljómsveit með sér og flytur einnig sín vinsælustu lög.

Guðbjartur Finnbjörnsson, sem flytur kappann inn, segist hafa fundið fyrir miklum áhuga á tónleikunum og er vongóður um að þeir gangi vel. Tónleikarnir verða í Laugardagshöll hinn 21.september og verður eingöngu selt í sæti. Einnig er hægt að kaupa miða með því að senda tölvupóst á netfangið bolton@visindi.is ■

**MICHAEL BOLTON** Miðasala á tónleika kappans sem eru í Laugardagshöll 21. september hefst á fimmtudaginn.

# Viðkvæm tónlist á óheppilegum stað

**[ TÓNLEIKAR ]**

**UMFJÖLLUN**



**TÓNLEIKAR ANTONY AND THE JOHNSONS Á NASA ÞANN 11. JÚLÍ.**

**Niðurstaða:** Glasaglamrið, talið í gestum meðan á lögunum stóð og óhentug salarkynnin á NASA rímuðu ekki vel við hægláta tónlistina, auk þess sem hitinn inni á staðnum var á köflum illþolanlegur. Masið komst á það stig að sussað var á fólk. Það var hins vegar ekki að sjá að áheyrendur væru súrir og svekktir yfir þessum atriðum af lófaklappinu og ánægjunni að dæma.

Antony and the Johnsons steig á sviðið á NASA um tíuleytið á mánudagskvöldið. Dansgólf skemmtistaðarins var þá orðið fullt af fólki sem hafði vit á því að mæta nægilega snemma til að tryggja sér þokkalegan stað til horfa á tónleikana. Sitt hvoru megin við dansgólfið á NASA eru upphækkaðir, teppaklæddir stallar sem ná frá sviðinu salinn á enda að anddyrinu. Þessir vængir voru hálffullir af fólki sem líklega hefur mætt of seint til að koma sér fremst. Staðsetning áhorfandans átti eftir að skipta lykilmáli fyrir upplifun hans á tónleikunum.

### Samspil fingra og raddar

Söngvarinn og lagasamiðurinn Antony sat við flygilinn og leiddi leikinn með röddinni og fingrunum. Rödd Antonys er falleg og afar sérstök. Fyrst þegar ég heyrði hann syngja hélt ég að ég væri að hlusta á Ninu Simone, rödd sem er eiginlega hvorki kvenleg né karlmannleg og maður veit ekki alveg hvers kyns viðkomandi er. Antony teygir tónana sem hann lætur út úr sér og orðin enda í víbringi eða jarmi sem minnir dálítið á Jeff Buckley eða Morrissey, söngstíll sem er afar tilfinningaríkur og dramatískur.

### Þriggja laga hápunktur

Flutningur sveitarinnar náði hápunkti í þremur lögum. Í For Today I'm a boy syngur Antony um kyn sitt því svo virðist sem hann vilji frekar vera kona en maður og lögin og textarnir eru litaðir af því. Í laginu You're my sister var Antony bakkaður upp af daufri en grípandi bassalínu, gítarplokki og strengjum. Það var vel heppnað lag og áheyrendur létu vel í sér heyra að því loknu.

Lokalagið fyrir uppklapp var svo lagið „Hope there is someone" sem er einstaklega fallegt og persónulegt. Tilfinningaþrunginn einleikur Antonys á píanóið við innilegan texta sem lýsir hræðslunni við dauðann Er textann þraut varð lagið hraðara, Antony byrjaði að jarma og úa, strengirnir komu inn í og bættu á fegurðina og vonleysið í laginu sem endaði á dramatískan hátt á háu orðlausu hvískri Antonys einu saman sem voru ágætis lok á tilþrifamesta lagi kvöldsins og tónleikunum í heild sinni.

Eftir uppklapp var tekið eitt lag eftir Lou Reed sem féll í skuggann af því sem áður hafði verið spilað og kvaddi hljómsveitin eftir það.

### Skvaldur í salnum

Rödd Antonys skilaði sér merkilega vel út í salinn en hefði hljómað betur í heppilegra húsnæði. Tónleikarnir hefðu verið enn betri í Óperunni, Borgarleikhúsinu eða jafnvel Háskólabíói því tónlistin er viðkvæm, frekar lágstemmd og innileg og til að áheyrandinn njóti hennar til fullnustu þurfa aðstæður að vera æskilegri, alger kyrrð og hljómburður betri. Glasaglamrið, talið í fólki meðan á lögunum stóð og óhentug salarkynnin á NASA rímuðu ekki vel við hægláta tónlistina auk þess sem hitinn inni á staðnum var á köflum illþolanlegur. Masið komst á það stig að sussað var á fólk.

Það var hins vegar ekki að sjá að áheyrendur væru súrir og svekktir yfir þessum atriðum af lófaklappinu og ánægjunni að dæma . Af samræðum við tónlistargesti var það greinilegt að staðsetning fólks í salnum skipti meginmáli, hvort fólk var á dansgólfinu eða til hliðar við sviðið. Tónleikarnir voru hin besta skemmtun þrátt fyrir óþægindin en á betri tónleikastað hefði upplifunin getað verið svo miklu betri.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson**

# Tónleikaferð Sigur Rósar byrjar vel

Tónlistargagnrýnandi breska blaðsins Guardian gaf fyrstu tónleikunum í tónleikaferðalagi Sigur Rósar fimm stjörnur af fimm mögulegum, en tónleikarnir voru haldnir í Glasgow 8. júlí. „Sum af nýju lögunum, samin í kringum strengjakvartett, eru svo falleg að þau stela loftinu úr lungunum á manni," segir í dómnum.

Ný plata Sigur Rósar hefur fengið nafnið Takk en hún er á íslensku. Útgáfudagur er 12. september en aðdáendur sveitarinnar geta fengið forskot á sæluna á tónleikum Sigur Rósar. Hljómsveitin hefur ekki spilað á tónleikum í tvö ár og því margir aðdáendur sem iða í skinninu að bera þá augum.



Alls eru tæplega 40 tónleikar framundan og nú þegar er uppselt á marga þeirra. Á dögunum auglýsti hljómsveitin sérstaka „leynitónleika" í Hollywood í ágúst á vefsíðu sinni og seldist upp á tónleikana á einni mínútu og sex sekúndum. Aðeins þeir sem voru á póstlista síðunnar gátu fengið sent lykilorð sem gaf þeim kleift að kaupa miða en Sigur Rósar menn gerðu þetta til að koma í veg fyrir að miðasölufyrirtæki kæmust í tæri við miðana. ■

**SIGUR RÓS** Jón Þór Birgisson á tónleikum sveitarinnar í Somerset House í London 10. júlí.




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Christina Aguilera brákaðist á hægri handlegg í átökum við drukkinn aðdáanda á næturklúbbi. „Þetta eru ekki alvarleg meiðsli en hún verður að vera í fatla svo þetta grói rétt," sagði heimildarmaður. Christina lét þetta ekki á sig fá og mætti á tískuvikuna í París með svartan fatla í stíl við svarta dragt.



Brad Pitt og Angelina Jolie sáust versla í matvörubúð í sveitum Englands fyrir skömmu. Sonur Angelinu, Maddox, fékk að hlaupa um búðina og var nokkuð óstýrlátur. Eitthvað virtist það fara í taugarnar á Brad sem hreytti í Angelinu: „Sinntu barninu eitthvað, hann er sonur þinn." Mörg vitni urðu að atburðinum. „Hann hafði ekki mikla þolinmæði fyrir barninu," sagði einn viðskiptavinur búðarinnar.



Kryddpíurnar hafa ákveðið að gefa út plötu með bestu og vinsælustu lögum sínum þegar tíu ár eru liðin frá því að fyrsta smáskífa þeirra fór á topp breska vinsældarlistans. Nokkur ný lög verða á plötunni en einhverjir stirðleikar eru á milli söngkvennanna. Því var brugðið á það ráð að láta þær taka nýju lögin upp hverja í sínu lagi. Mel C og Emma Bunton taka upp í London, Geri Halliwell í Suður-Frakklandi, Victoria Beckham í Madríd og Mel B í Los Angeles.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

10 11 12 **13** 14 15 16

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 **HRÁEFNI** er röð tónleika sem haldin er mánaðarlega á **Pravda-Barnum**. Fengnir eru nokkrir valdir lagsmiðir/taktsmiðir (producers) til að spila brot af sínu besta efni Í kvöld spila **Hermigervill**,**Mindtrap** og **Diddi Fel**.

☐ 22.00 **Without Gravity** (fyrrum Tenderfoot) halda tónleika á **Gauk á Stöng** miðvikudaginn 13 júlí. Hljómsveitin frumflytur meðal annars nýtt efni sem hún undirbýr upptökur á um þessar mundir. Miðaverð er krónur 500 og opnar húsið kl 22.



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„All this reading books he does, it's not natural."**

**Svar:** Ezra Fitton úr kvikmyndinni The Family Way frá árinu 1966.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON MISSTI LOKS AF LOST

## *Lífið gekk sinn vanagang þrátt fyrir allt*

Í þessum pistlum hef ég dásamað Lost svo mikið að mörgum hefur þótt nóg um. Ein samstarfskona mín hélt því einu sinni fram að Lost væri klisja og ég tapaði mér. Hegðunin minnti á dómara í spænska rannsóknarréttinum eða þaðan af verra. Lífið var farið að snúast um mánudagskvöld og Lost. Það bætti gráu ofan á svart að The Contender hóf göngu sína á Skjá einum. Fljótlega var ekki hægt að gera neitt annað en að gefast upp fyrir hvíta sófanum og horfa á sjónvarpið á mánudagskvöldum. Það vildi þó þannig til einn góðan veðurdag að milt og lygnt var í veðri. Félagi minn hringdi og spurði hvort ég vildi ekki spila golf. Ég horfði til himins, án þess að gera mér grein fyrir því hvaða dagur væri og svaraði því játandi. Við örkuðum út á völl klukkan átta og um klukkan hálf eitt um nóttina var ég kominn upp í rúm og lagðist á koddann. Þá gerði ég mér grein fyrir því sem hafði gerst. Bæði The Contender og Lost voru búnir. Ég lygndi aftur augunum og sofnaði. Þegar ég vaknaði var byrjað að rigna en heimurinn hafði þó ekki farist. Mér gafst síðan tækifæri til að fara á tónleika síðasta mánudagskvöld með Antony & The Johnsons. Hikaði ekki eitt augnablik og keypti mér miða á netinu. Þegar Antony söng sinn síðasta tón og ég var aftur kominn upp í rúm varð mér ljóst að ég hafði misst af tveimur Lost-þáttum í



**LOST** Golf og Antony & Johnsons komu í veg fyrir að horft væri á Lost. Heimurinn fórst ekki daginn eftir eins og ég hafði talið mér trú um.

röð. Og nú er svo komið að mér er hætt að standa á sama um þetta skeytingarleysi mitt gagnvart þessum þætti sem ég hef lofsamað svo mjög í þessum pistlum. Ég missi því ekki af ásettu ráði af honum en hef þó áttað mig á einu: Lífið gengur sinn vanagang þrátt fyrir allt.



▶ 20.55 FRÆÐSLA

FÓTBOLTAÆÐI



▶ 20.00 RAUNVERULEIKI

WIFE SWAP



▶ 20.00 GAMAN

MY BIG FAT GREEK LIFE



▶ 21.00 DRAMA

RESCUE ME



▶ 18.15 ÍÞRÓTTIR

AC MILAN – BARCELONA 1994

### SJÓNVARPIÐ

**16.50** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (2:11) **18.24** Sígildar teiknimyndir (1:38)

**18.32 Líló og Stitch (1:19)** (Lilo & Stitch)

**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Ed (76:83)**
▶**20.55 Fótboltaæði (3:6)** (FIFA Fever 100 Celebration) Þættir gerðir í tilefni af aldarafmæli Alþjóðaknattspyrnusambandsins um allt mögulegt sem viðkemur knattspyrnunni fyrr og nú.
**21.25 Búksorgir (5:6)** (Body Hits) Í þessum þætti er fjallað um neyslu íþróttamanna á lyfjum og fæðubótaefnum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Mótókross** Þáttur um torfærukappakstur á vélhjólum. Dagskrárgerð: Þorvarður Björgúlfsson.
**22.50 Í hár saman (4:7)**
**23.45** Eldlínan (2:13) **0.30** Kastljósið **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Að hætti Sigga Hall **14.05** Jamie Oliver **14.30** Extreme Makeover – Home Edition **15.15** Amazing Race 6 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
▶ **20.00 Wife Swap (2:7)** (Vistaskipti) Í þessum myndaflokki er fylgst með konum sem stíga skrefið til fulls og skiptast á eiginmönnum og börnum í tiltekinn tíma.
**20.45 Kevin Hill (15:22)**
**21.25 Strong Medicine 3 (11:22)** (Samkvæmt læknisráði 3) Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
**22.10 Oprah Winfrey**
**22.55 Nighty Night (5:6)** (Góða nótt) Aðalsöguhetjan er Jill Farrell sem rekur snyrtistofu í úthverfi.

**23.25** Kóngur um stund **23.50** Home Room (B. börnum) **2.00** Mile High (B. börnum) **2.45** Medical Investigations **3.25** The Testimony of Taliesin Jones **4.55** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**17.55** Cheers – 4. þáttaröð **18.20** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Sjáumst með Silvíu Nótt (e)**
▶ **20.00 My Big Fat Greek Life** Grínþættir sem byggðir eru á hinni geysivinsælu kvikmynd „My Big Fat Greek Wedding" og fjalla um líf Miller-hjónanna að lokinni yfirdrifinni brúðkaupsferð.
**20.25 Coupling**
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00 Providence** Syd telur sig hafa fundið hinn eina rétta og svo virðist sem Jim hafi náð sér að fullu.
**22.00 Law & Order** Eiginkona söngvara er myrt en nokkuð er fallið á frægð hans. Lögreglan rannsakar tengsl umboðsmanns hans og sona hans við málið.
**22.45 Jay Leno**
**23.30** CSI: Miami (e) **0.15** Cheers – 4. þáttaröð (e) **0.40** Boston Public **1.20** Queer as Folk – lokaþáttur **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SKJÁREINN

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Tru Calling (2:20)** (Putting Out Fires) Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi.
**20.00 Seinfeld 2 (8:13)**
**20.30 Friends (13:24)**
▶ **21.00 Rescue Me (3:13)** (Kansas) Þættir um hóp slökkviliðsmanna í New Yorkborg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.
**21.45 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00 Kvöldþáttur** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.
**22.45 David Letterman** Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.
**23.30** Joan Of Arcadia (3:23) **0.15** Friends (13:24) **0.40** Kvöldþáttur **1.25** Seinfeld 2 (8:13)

### SÝN besta sætið

**17.25** World's Strongest Man 2004 **17.55** Landsbankamörkin
▶**18.15** Meistaradeildin – Gullleik (AC Milan – Barcelona 1994)

**20.00 UEFA Champions League** (Liverpool – Olympiakos) Útsending frá stórleik Liverpool og Olympiakos síðasta vetur. Liðin börðust við Mónakó um sæti í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar en fyrir síðustu umferð riðlakeppninnar stóð Rauði herinn verr að vígi og varð því að vinna leikinn.
**21.50 Enski boltinn** (FA Cup 2005) Ítarleg umfjöllun um ensku bikarkeppnina en þetta árið mættust Arsenal og Manchester United í úrslitaleiknum. Í þættinum er farið yfir gang mála og greint frá helstu tíðindum í hverri umferð.

**23.00** Muhammad Ali – Through the (2:2) **23.55** Bandaríska mótaröðin í golfi

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Wide Awake **8.00** Big Shot: Confessions of a Ca **10.00** Molly **12.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **14.00** Wide Awake **16.00** Big Shot: Confessions of a Ca **18.00** Molly **20.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **22.00** The Associate **0.00** About Adam (B. börnum) **2.00** Blinkende Lygter (Strangl. b. börnum) **4.00** The Associate

### OMEGA

**7.00** Blandað efni **7.30** Ewald Frank **8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Gastineau Girls **13.30** Love is in the Heir **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **15.30** My Crazy Life **16.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** Gastineau Girls **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** My Crazy Life **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Dr. 90210 **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **22.30** My Crazy Life **23.00** E! News **23.30** My Crazy Life **0.00** Wild On **1.00** The Entertainer

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó – Tomcats **23.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga

SUMARÚTSALA!
ALLT AÐ 60 % AFSLÁTTUR

Plöntur
Ræktunarvörur
Sláttuvélar

GARÐHEIMAR

Garðhúsgögn
Heimilisvörur
Föndurvörur

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

My Crazy Life E! Entertainment kl. 18.30.

Hér er á ferð þáttur sem er stútfullur af sérstökum og óvenjulegum sögum – beint frá stjörnunum sjálfum. Þar má meðal annars heyra slagsmálasögur frá Jenny McCarthy og Matthew McConaughey og hvernig Frankie Muniz tapaði haug af seðlum.



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ásdísi Olsen. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason.

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Synir duftsins **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Miðdegistónar **15.03** Draumastaðir **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Myndin af manninum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Seiður og hélog

**23.00** Söngvar borgarstrætanna

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**1.10** Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**16.00** Volleyball: World Grand Prix Japan **16.45** Equestrianism: Samsung Nations Cup Lummen Belgium **17.45** Golf: U.S. P.G.A. Tour John Deere Classic **18.45** Golf: the European Tour the Barclays Scottish Open **19.15** Sailing: Calais Round Britain Race **19.45** News: Business Class **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** News: Eurosportnews Report **21.15** Martial Arts: Paris-Bercy **23.15** News: Eurosportnews Report **6.00** Volleyball: World Grand Prix Japan

**BBC PRIME**
**12.00** Hetty Wainthropp Investigates **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Monty the Dog **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Bill and Ben **14.35** Serious Jungle **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Diet Trials **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** The Life Laundry **18.30** Home From Home **19.00** Escape to the Country **20.00** Property People **21.00** Spooks **21.50** Jonathan Creek **22.40** Table 12 **22.50** Black Cab **23.00** Walk On By: the Story of Popular Song **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** The English Language

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Hunting Hounds of Arabia **13.00** The Bridge of Mostar **14.00** Ultimate Survivor: the Mystery of Us **16.00** Battlefront: Battle of Midway **16.30** Battlefront: Battle of Stalingrad **17.00** Animal Nightmares: Frogs **17.30** Monkey Business **18.00** Hunting Hounds of Arabia *living Wild* **19.00** The Bridge of Mostar **20.00** The Mafia **22.00** World's Busiest Port **23.00** The Mafia

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Weird Nature **12.30** Nightmares of Nature **13.00** Pet Star **14.00** Miami Animal Police **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Animal Minds **19.00** Tsunami – Animal Instincts **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Tsunami – Animal Instincts **1.00** Animal Minds

**DISCOVERY**
**12.00** Giant of the Skies **13.00** We Built This City **14.00** Junkyard Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Reel Wars **16.00** Extreme Machines **17.00** A Car is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Industrial Revelations **20.00** War of the Century **21.00** Hitler's Doctors **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Nazi Grand Prix

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Isle of MTV – Pimp My Festival **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Dirty Sanchez **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**CLUB**
**12.10** Design Challenge **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Awesome Interiors **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sex Tips for Girls **20.45** Ex-Rated **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.30** What Men Want **23.00** Insights **23.30** Weekend Warriors **0.00** Awesome Interiors **0.25** Design Challenge **0.50** The Stylists **1.15** Crimes of Fashion

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.25** Bandido **13.55** Vigilante Force **15.25** Extreme Close-Up **17.00** The Aviator **18.35** Below the Belt **20.10** Swamp Thing **21.40** Grow Old Along with Me **23.10** Somtimes They Come Back **0.50** Vietnam, Texas **2.20** Alias Jesse James

**TCM**
**19.00** Some Came Running **21.15** Tribute to a Bad Man **22.50** Goodbye, Mr Chips **0.45** The Scarlet Coat **2.25** Suzy

**HALLMARK**
**12.45** Murder Without Conviction **14.15** By Dawn's Early Light **16.00** Touched By An Angel Ili **16.45** Love Comes Softly **18.15** Brush with Fate **20.00** Law & Order Viii **20.45** Hard Time **22.15** The Devil's Arithmetic **0.00** Law & Order Viii **0.45** Brush with Fate **2.30** Hard Time

**BBC FOOD**
**12.00** Giorgio Locatelli – Pure Italian **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Made to Order **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Worrall Thompson **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Tales from River Cottage **17.00** Neven Cooks **17.30** Floyd's Fjord Fiesta **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** The Cookworks **21.30** Ready Steady Cook

**SV1**
**12.15** Djungel till djungel **14.00** Rapport **14.05** På fisketur med Lars & Bård **14.35** Klassiska motorcyklar **15.00** Så såg vi sommaren då **15.10** Radiohjälpen – Victoriafonden **15.15** Rent hus **15.45** Rederiet **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Slut för idag... tack för idag **16.55** I huvudet på ungar **17.00** Expedition vildmark **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning – vad hände sen? **19.00** Badjävlar **21.00** Rapport **21.10** Fader Ted **21.35** En röst i natten **22.25** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*... fá Kristlaug M. Sigurðardóttir og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson fyrir að ætla að gera sjónvarpsþætti byggða á hinu skemmtilega leikriti Ávaxtakörfunni.*

## ÞRÍR SPURÐIR

ÓTTASTU HRYÐJUVERK?



**ARNAR GRANT**
líkamsræktarkappi.

**London öruggasti staðurinn í dag**

Já. Ég óttast hryðjuverk. Kannski frekar þegar ferðast er erlendis. Ég held að það sé ólíklegt að hryðjuverk verði á Íslandi því það yrði svo áberandi. Það eru allir svo vel upplýstir um þetta hér á landi að svona lagað tækist aldrei. Annars á maður aldrei að segja aldrei. Ég er nú einmitt að fara til London á næstu dögum og er svona hálf tvístígandi. Ég held samt að London sé einn öruggasti staðurinn í heiminum í dag og að öryggisstuðullinn sé mjög hár þar núna.



**GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR**
leikkona.

**Hið illa í sinni nöktustu mynd**

Ég get ekki sagt að ég óttist hryðjuverk en mér finnst þetta allt ógnvekjandi. Ég trúi á hið góða í heiminum en þá tek ég með í dæmið að einnig til ill öfl sem vilja manninum ekki vel. Mér finnst þessi hryðjuverk vera hið illa í sinni nöktustu mynd. Hræðileg tilhugsun hvernig þetta flæðir yfir heiminn. Hins vegar trúi ég á þann sem er sigurvegari þessa heims. Svo ég held minni ró og óttast ekkert.



**SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR**
söngkona.

**Erum frekar trygg hér**

Jú, maður óttast þau náttúrlega alltaf þó ég held að við séum frekar trygg hér. En guð minn góður, þetta er orðið hræðilegt og það verður að stoppa þessa menn, hvernig sem það er nú gert. Það er auðvelt að óttast þetta en gott að vera á Íslandi. Um leið og farið er í ferðalög erlendis verður óttinn meiri en það þýðir þó ekki að láta þetta stjórna lífinu. Mér þykir samt hræðileg tilhugsun að hryðjuverkin virðast vera farin að gerast annað hvert ár og vonandi heldur sú þróun ekki áfram.



**Lárétt:** **1** ílát, **5** skaut, **6** fimmtíu og einn, **7** tveir eins, **8** ílát, **9** för, **10** átt, **12** keyri, **13** tímgunarfruma, **15** ending, **16** starf, **18** ókyrrð.
**Lóðrétt:** **1** tætir í sundur, **2** hópur, **3** málmur, **4** gerði, **6** trjátegund, **8** norðlenskt fyrirtæki, **11** hagnað, **14** eins um j, **17** sting.

**Lausn:**

**Lárétt** **1** skál, **5** þól, **6** lí, **7** rr, **8** ker, **9** ferð, **10** na, **12** aki, **13** gró, **15** in, **16** iðja, **18** ólgu.
**Lóðrétt:** **1** sprengir, **2** kór, **3** ál, **4** girðingu, **6** lerki, **8** kea, **11** arð, **14** ójó, **17** al

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Um átta þúsund manns.
2. Junichiro Koizumi forsætisráðherra Japan.
3. Neftci Baku.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

GAEL GARCIA BERNAL: KANN VEL VIÐ SIG Á ÍSLANDI

# Kyntákn spókar sig í 101

Suður-ameríska sjarmatröllið Gael Garcia Bernal sem sýndi sannkallaðan stórleik í verðlaunakvikmyndinni Mótorhjóladagbækurnar hefur dvalið á Íslandi undanfarið og eyddi helginni á Búðum á Snæfellsnesi ásamt vini sínum Birni Hlyni Haraldssyni leikara.

Félagarnir kynntust þegar þeir léku saman í leikritinu Blóðbrullaupi eftir Federico Garcia Lorca, sem frumsýnt var í Lundúnum í maí. Þetta er reyndar ekki fyrsta heimsókn Gael Garcia Bernal til Íslands því hann kom hingað ásamt Birni Hlyn í vor og tók þátt í kynningu á Mótorhjóladagbókunum og La Mala Education eftir Pedro Almodóvar en myndirnar voru báðar sýndar á alþjóðegu IIFF 2005 kvikmyndahátíðinni í Reykjavík í vor.

Gael Garcia datt í túristapakkann þegar hann kom hingað fyrst. Hann heimsótti Bláa lónið eins og frægt er orðið og náði feiknargóðu djammi í höfuðborginni þótt hann hafi stoppað stutt. Ísland heillaði hann og þá ekki síst morgunsólin sem hann sá rísa yfir miðborg Reykjavíkur.

Gael Garcia er rísandi stjarna í kvikmyndaheiminum og ýmis stórverkefni bíða hans en hann gefur sér samt tíma til þess að slappa af á Íslandi. Hann og Björn Hlynur mættu á tónleika Anthony and The Johnsons á NASA á mánudagskvöld. Þar voru einnig mættir stórspámenn á borð við Mugison og Björk Guðmundsdóttur. Tónlistarfólkið Björk og Anthony hefur ekki farið leynt með aðdáun sína hvort á öðru. Þau hittust að loknum tónleikunum og virtust, sökum feimni, eiga bágt með að spjalla saman og komust ekki á flug fyrr en Gael Garcia blandaði sér í málið og braut ísinn.

Björn Hlynur staðfestir að Gael García kunni afar vel við sig á landinu og getur ekkert sagt til um hvenær hann fer til baka. „Kannski fer hann ekkert heim til sín, heldur verður bara hér,“ segir Björn Hlynur hlæjandi.

Aðspurður hvort þeir félgar gætu hugsað sér að vinna meira saman í framtíðinni sagði hann það ekki ólíklegt.

„Við erum með ýmislegt á prjónunum,“ segir Björn en vill ekki fara nánar út í þá sálma enda er Gael Garcia fyrst og fremst í fríi á Íslandi og að njóta þess að slappa af. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN, VALLI



**GAEL GARCIA BERNAL** Stórleikarinn er staddur á Íslandi og skemmtir sér svo vel að hann vill ekki fara heim.



**BJÖRN HLYNUR HARALDSSON** Kynntist Gael Garcia í London en þeir léku saman í Blóðbrullaupi sem var sett á fjalirnar þar í maí.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður **Davíðs Oddssonar** utanríkisráðherra, var á meðal gesta **Eiríks Jónssonar** og **Reynis Traustasonar** í morgunútvarpi Talstöðvarinnar á laugardaginn. Illugi gaf þar mátulega lítið fyrir uppljóstranir **Stefáns Mána** rithöfundar um að einn alþingismaður neytti kókaíns reglulega og sagði þetta fyrst og fremst vera óstaðfesta sögusögn. Hann bætti því þó við að margt skrítið gerðist á þingi en ástæðurnar fyrir því væru örugglega ótengdar kókaínneyslu. Illugi tjáði Eiríki jafnframt að hann og Davíð væru góðir vinir og ynnu vel saman þótt þeir færu ekki saman í bíó á kvöldin. Hann lét það einnig fylgja sögunni að Davíð væri þannig maður að það væri erfitt að láta sér ekki líka við hann.





Glimmerpían **Silvía Nótt** hefur heldur betur slegið í gegn með þáttinn sinn Sjáumst með Silvíu Nótt og flestar fúlar gagnrýnisraddir sem heyrðust í upphafi eru þagnaðar. Össur Skarphéðinsson er einn þeirra sem hefur heillast af Silvíu Nótt og ræðir hrifningu sína á henni á heimasíðu sinni. Össur kynntist Silvíu þó ekki á Skjá einum heldur sem gesti í Kvöldþætti **Guðmundar Steingrímssonar** á sjónvarpsstöðinni Sirkus sem Össur segir vera „skemmtilega viðbót við annars ágæta afþreyingu í sjónvarpsmiðlunum.“ Silvía heldur því fram að Guðmundur sé frændi sinn og fór á kostum í sófanum hjá honum og Össur sem hafði „ekki séð þá merku konu áður og hafði heyrt og lesið sitthvað um húmor hennar. En sennilega er ég lélegur húmoristi því mér fannst hún óborganleg. En aldrei mun ég hætta mér í viðtal við hana!“






# Rauðhærðasti maður á Íslandi

„Þetta er alveg hreint ágætt. Ég er búinn að vera rauðhærður alla mína ævi og því er ágætt að vera valinn rauðhærðastur. Ég er bestur í þessum stóra minnihlutahópi,“ segir Hálfdán Mörður Gunnarsson, sem hlaut nafnbótina rauðhærðasti maður á Íslandi á Írskum dögum á Akranesi um helgina en um 10000 manns mættu á hátíðina.

Í dómnefnd sátu þrjár hárgreiðslukonur af Skaganum sem töldu Hálfdán Mörð bera af úr hópi 30 til 40 þátttakenda. „Ég sá nú nokkra þarna sem ég hélt að ég ætti ekki möguleika í, sérstaklega einn strák sem var alveg óheyrilega rauðhærður en ég held að skeggið hafi gert gæfumuninn og ég hef verið að safna því síðastliðna þrjá mánuði fyrir keppnina. Í fyrra mætti ég of seint upp á Akranes til að geta tekið þátt í keppninni því bíll vinkonu minnar bilaði rétt við Hvalfjarðargöngin og þá einsetti ég mér að gera allt sem ég gæti til að hirða titilinn í ár,“ segir rauðhausinn sigurreifi.

„Það kom mér mikið á óvart þegar konan sem tilkynnti um úrslitin kallaði þetta fegurðarsamkeppni því ég leit frekar á þetta sem skrímslakeppni, en þetta er þá í fyrsta sinn á ævinni sem ég sigra í fegurðarsamkeppni,“ segir Hálfdán Mörður, sem vill helst láta kalla sig Mörð. „Svo var það nú líka alveg dæmigert að konan sem kallaði mig upp á svið gat ekki einu sinni farið rétt með nafnið mitt því hún kallaði mig Hálfdán Möð en það hefur verið að gerast allt mitt líf að fólk fari rangt með nafnið mit.“

Mörður ætlar ekki að taka þátt í keppninni að ári til að aðrir rauðhærðir eigi möguleika á titlinum eftirsótta en gleðst þess í stað þeim mun meira yfir sigurlaununum í keppninni, viðurkenningarskjali og utanlandsferð fyrir tvo til Dyflinnar að verðmæti kr. 35000. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL PETURSSON



**HÁLFDÁN MÖRÐUR GUNNARSSON**
„Ég sá nú nokkra þarna sem ég hélt að ég hefði ekki möguleika í, sérstaklega einn strák sem var alveg óheyrilega rauðhærður, en ég held að skegg mitt hafi gert gæfumuninn.“

# Betri helmingurinn



**Hinn bragðmikli Saazer humall gefur Budweiser Budvar bjórnum kraft sinn og karakter. Tékkarnir nota aðeins kvenkyns hluta humalsins í bjórinn. Þeir vita að það er best að hafa betri helminginn með sér í liði!**

**Hinn margverðlaunaði Budweiser Budvar er heimsþekktur fyrir gæði og natni í framleiðslu. Budweiser Budvar er bruggaður í 100 daga. Það er tíu sinnum lengri tími en flestir lagerbjórar!**




LÉTTÖL

Budweiser Budvar

**UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

Annie í Austurbæ
midi.is




BAKÞANKAR


SIGMUNDAR ERNIS RÚNARSSONAR


## Skógur

Hafði hér áður fyrr á tilfinningunni að Ísland væri vart meira en tilbúið undir tréverk. Svona svipað og illa fokhelt hús sem hvorki heldur vatni né vindum. Það var enda svo að þegar flogið var yfir þessa túndru á síðustu öld að fátt annað bar fyrir augu en melar og vindrofin börð, í besta falli kjarrivaxnar hlíðar sem áttu reyndar í vök að verjast gegn ágangi sauðfjár.

**MINNIST ÞESS ÞEGAR** farið var austur í Skóg á æskuárunum. Það þótti talsvert ferðalag, enda yfir sjálfa Vaðlaheiðina að fara sem þá átti ríkjandi Íslandsmet í bugðóttum vegi. Hann hlykkjaðist í flækjum yfir hæðina og svo sem altítt að það púnkteraði tvisvar á leiðinni. En skógurinn vó það allt saman upp; þessi líka ægifegurð Vaglaskógar sem í stráksaugum var ekkert minna en risavaxinn ævintýraheimur.

**EN VAGLASKÓGUR** er ekki stór. Og því síður að hann hafi verið það í eina tíð. Sem minnir á söguna af því að það er ekki hægt að týnast í íslenskum skógum; það eina sem þarf að gera er að standa upp. Sem minnir aftur á þá ágætu söguskoðun að Ísland hafi ekki verið skógi vaxið á milli fjalls og fjöru á landsnámsöld; víkingarnir hafi bara verið svo stuttir til klofsins að kjarrið hafi byrgt þeim sýn.

**HEF SAMT OFTSINNIS** reynt að sannfæra útlendinga um myndarleika íslenskra skóga. Og keyrt með þá, til dæmis inn í Haukadalsskóg og sýnt þeim stoltur alla fjölbreytnina sem þar er að finna í ríki náttúrunnar. En líklega hafa þessir sömu útlendingar brosað innra með sér, kannski hlegið í hljóði. Sumir þeirra hafa jafnvel reynt að sannfæra mig um að sjarmi Íslands felist þvert á móti í víðerninu; svo að segja hvergi á byggðu bóli sé útsýni ferðalanga jafn ótruflað af trjám og einmitt á Íslandi.

**ÞVÍ ER Á ÞETTA** minnst að það er með þennan sjarma sem annan að hann hverfur með árunum. Þegar ekið er um Ísland nýrrar aldar verður ekki annað séð en skógræktarstarf síðustu áratuga sé byrjað að eyðileggja þessa ímynd Íslands. Hvarvetna eru að rísa Vesturlandsskógar og Norðurlandsskógar, að ekki sé talað um Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga. Við höfum óvart gleymt okkur í skógrækt. Og allsendis óvænt eru að verða síðustu forvöð að sjá Ísland eins og útlendingar vilja sjá það; skóglaust. ■


# Verðhrun á öllum tjöldum!



16.900 kr.
Verð áður ~~29.900 kr.~~

**Esja** (6 manna)

Himinn PU-húðað Nylon með 2000mm vatnsvörn.
Svefntjald Polyester
Svefnflötur (2x) 180 x 210 x 195cm.
Þyngd 16 kg.
Annað Flugnanet í hurðum. Gluggar í hurðum. Vasar að innan.





4.900 kr.
Verð áður ~~7.400 kr.~~

**Þór** (2-3 manna)

Himinn PU-Nylon með 2000mm vatnsvörn.
Svefnflötur 180 x 210 x 120cm.
Þyngd 3,5 kg.
Annað Létt og fljótlegt í uppsetningu. Flugnanet í hurð. Vasi fyrir smádót að innan.







**Tindur** (3 manna)

Himinn Nylon með 4000mm vatnsvörn
Svefntjald Polyester
Svefnflötur 240 x 210 x 125cm.
Þyngd 5,3 kg.
Annað Flugnanet í hurð. Þakgluggi. Vasi fyrir smádót að innan.

19.900 kr.
Verð áður ~~32.000 kr.~~

66°NORÐUR tjöldin fást í verslunum okkar í Garðabæ, Faxafeni og á Akureyri

66° NORÐUR



OLYMPUS® Fangaðu augnablikið!



Besta hönnunin 2005

MJU MINI S all weather
5.0 milljón punktar Kr. 27.900
2 x Optical aðdráttur (35-70mm) • 4 x stafrænn aðdráttur • Val á milli 13 prógram stillinga • Innbyggt flass • 1.8" LCD skjár • Quicktime videoupptaka með hljóði • Notar XD minniskort • Notar Lithium rafhlöður • Þyngd 165g (án rafhlöðu og minniskorts)

CAMEDIA C-480
4.0 milljón punktar Kr. 17.900
3 x Optical aðdráttur (38-114mm) • 4 x stafrænn aðdráttur • Val á milli 15 prógram stillinga • Innbyggt flass • 1.8" skjár • Quicktime videoupptaka • Innbyggt 14mb minni • Hægt að stækka með XD minniskorti • Notar AA rafhlöður



CAMEDIA C-7070
7.1 milljón punktar Kr. 59.900
4 x aðdráttur (27-110mm) • 5 x stafrænn aðdráttur • Ljósop f/2.8-4.8 • Nærmyndataka niður að 3cm • Val á milli 7 prógram og 3 manual stillinga • Innbyggt flass. Flass skór fyrir stærra Olympus flass • 1.8" LCD skjár • Videoupptaka með hljóði • Getur notað bæði XD og Compakt Flash minniskort • Þyngd 433g (á rafhlöðu og minniskorts)

3JA ÁRA OLYMPUS ÁBYRGÐ HJÁ ORMSSON

SMÁRALIND Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800

ORMSSON

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu